EX-LIBRIS

B 818
Gu8

Sumar-Giøf

handa

Børnum

frá

Sra. Gudmundi Jónssyni

Prófasti í Arness-Sýsslu og Sóknar-Presti
til Olafs-valla á Skeidum.

Selst almennt innbundin 16. fiskum.

Leirárgørdum vid Leirá, 1795.

Prentud ad Forlagi ens Islendska Lands-uppfrædíngar Félags af Bókpryckiara
G. J. Schagfiord.

Formáli.

Tamur er barns-vaninn. Petta sanna máltæki hafdi Prófasturinn Sra. Gudmundur Jónsson valid til og sett sem einkunn á pessa Sumar-gjøf sína handa børnum, med hvørri hann gladdi vort lofsega Lands-uppfrædingar Félag í næstlidnum Júlio, og hér med undir eins bendti til pess, hvørsu mikid sé undir barns-vananum komid. Dagleg reynsla sýnir og, ad máltækid alloptast rætist medal allra pióda, og hvad er náttúrlegra, enn ad mønnum bregdi opt til pess fullordnum, er peir veniast í æskunni, og peckia pá ei ødruvísi enn gott! en, af því ad pessi barns-vani

er eins misjafn og sú mentan og upp-
fræding ásamt þeckingu á dygdum og ó-
dygdum, og þar á medal á sidsemi og
ósidsemi, réttu og raungu, er bornum
hlotnast í æskunni, þessum hellsta og opt
einstaka tíma lífsins, er einkanlega al-
núga-fólk þykist missa verda frá sífeld-
um vinnu-storfum til kennslu og upplýs-
ingar ens úniga manns, þá verdur opt
þenkingar-háttur og skinbragd þeirra full-
ordnu, eins ýmislegur og ófullkomnum.
Tamir barns-vananum, álíta
margir óupplýstir þad eitt gott og rétt
og óvidjafnanlegt, sem þessi, og annara
jafnaldra sidir og venia daglega hefir
vanid þá á; fordæma opt þad, er upp-
lýstari mann-vinir til lagfæringar þess,
sem áfátt er í siorgu, uppáhitta, sem
óttalega nýbreytni, eins og allt gam-
alt sé gott, allt nýtt sé óný tt, vor þeck-
ing og vorir sidir óumbætanlegir, ellegar
mannlegum sálum ei sá kraptur og sú
laungun ingéfinn ad stiga sífeldt í upp-
lýsingu af einni fullkomnunar troppu á

adra

ádra, hvørsu audveldt sem þetta þó er ad sýna og sanna med óræknum dœmum, frá heimsins fyrstu øldum til nálœgra tíma. Luckulegt er þad land og þad fólk, sem ei er blindad af þeirri villu, ad halda sinni þeckingu og sídum litlu ábóta-vant! sem ecki leggur minni rœkt vid þeirrar ódaudlegu sálar fullkommun, enn þann minna-verda og forgengilega líkama! og sem girnist eins ad vaxa ad vitsku og nád, og ad aldri! — En, elskulegir Landsmenn! hvørt medal fœr ofs leidt til þessarar farsældar, þessarar ánœgju, sé þad ei Upplýsingin? Upplýsing, sem ei fyrst er farid ad leita ad í þeirri hrunnu, tregu og stirdu elli, heldur strax í hinni námgiornu og til lœrdóms gódra menta og síða svo hentugu œsku. Allar sídadar og upplýstar þiódir eru nú þar um full-sannfœrdar, ad høfud-medal til mannlegrar farsældar hér og annars heims, sé upplýsingin, er fyrst innrœtist med gódu uppeldi barna, med dygdanna þeckingu og elsku, en lastanna

vidbiód, med handleidslu til þess góda og nytsama, en vidvorum þess er hér má raska vorri ánægiu og ró, en auka bol og armædu í stadinn. Því láta þær sér nú, hvor í kapp vid adra, svo annt og umhugad vera, ad fá úngdóminn hérum sem best uppfræddann, og vanann til ens góda, vongódar um: ad af því ad tamur er barns-vaninn, muni hann úngi madur fullordinn, vid hann fastheldnastur verda, og þannin eins hæfilegur til ad auka farsæld og heillir þess mannlega samgvænnis, og sialfur þær aid ódlast í þessu og ókomnu lifi. Því sláum vér og á medal margra þióda hiátrú og ýmislegt villu-myrkur nú ódum ad hverfa, vid þad uppfræding ar-ljós er æ gladnar meir og meir í margs-háttar mentun og næringar-atburdum; fiolda gód-rita hiá þeim ad útgánga, skóla ad vidaukast, þeirra kénnslur ad umbætast, morg stór og lofsverd og mannelsku-full Lærdóms-Félog ad stiptast, og allt þetta ad hafa úngdómsins bestu uppfræding

og

og dygdanna innplontun til sameginlegra heilla, fyrir einka augna-mid.

Því sorglegra, sem það var, ad Island hingad til hefir því nær enga þesshättar barna-bók átt, nema, ef telia skal, þá nú úr gildi gengnu, Pontoppidans Utskirtingu Catechismi, því gledilegra er það, ad annara landa upplýsíng nú þegar tekur ad skióta nockrum geislum hingad á land vort, hvar um vitni bera þess fiolgandi og nýiu Lærdóms-Félog, og, sem einhvörr enn fyrsti ávöxtur eins þeirra, þessi ágæta Sumar-giof handa Börnum.

Full-peckiandi þörf úngdómsins hér í landi á þess-háttar bókum, valdi vor fyrir haus mentun svo umhyggiusulli og hálærdi Biskup Dr. Herra Hannes Finnsson eina til, honum í Sumar-giof, er fyrst var útgéfin fyrir nockrum árum og vel medtekin barna-bók í Þýdskalandi med titli: Zeitvertreib und

Unter-

Unterricht für Kinder, og síðan útlagd, stytt og umbreytt til þénustu dönskum úngdómi, og prentud í Odinsey 1790 med titli: Tidsfordriv og Undervisning for Børn, fra deres femte til deres tiende Alders Aar, i smaae Historier. Þessa bók, segi eg, gaf Hra. Biskupinn þeim ydiusama og velgáfada Prófasti Sra. Gudmundi Jónssyni í hendur, svo ad hann, eins og nú er skéd, gæfi hana aptur vorum úngdómi í lengi eptir-óskada Sumar-giøf.

Upplýstir og velþenkiandi menn og yfir höfud sérhvorr, sem lætur sér nockurn hlut annt vera um úngdómsins betri mentun og handleidslu til gódra sída, dygdauna elsku og eptirbreytnis, munu ásamt voru Lands-uppfræðingar Félagi, kunna Hra. Prófastinum þackir fyrir þessa kiærkomnu og vel af hendi leystu Giøf, og ei víta hann fyrir: ad hún óvída er einber og ordrétt útlegging ádurnefndrar dönsku barna-bókar, heldur

ur allvída umſteypt eptir vórum landsháttum og med áſtundan allſtadar løgud eptir nátturlegu barna-máli. Annars bœri mér og ad nockru leiti ad ſtanda hér reikníng fyrir ſad frá adal-ſkrifinu útaf brugdna, ſar eg, med Hra. Prófaſtſins leyfi, hefi ſumſtadar ſtytt, umbreytt og ſamandregid, en ſumſtadar med øllu úrfellt ſœr ónerkileguſtu og miſſanleguſtu fráſøgur og barna-ſamrœdur, en á fáeinum ſtødum litlu innſmeygt, einúngis í ſví ſkyni, ad Sumar-giøf ſeſſi mœtti ſem beſt gédiaſt og henta íslendſkum úngdómi, en undir eins verda almenníngi hin koſtnadar-minſta, hvad eg vona ad allir gódir landar ásamt Hra. Prófaſtinum á hœgra veg virdi.

Lokſins vil eg ſeim laſtgiørnu, hvørium ſykia mœtti eitt edur annad, einkum í fremri hluta bókarinnar, einfaldlegt og ei ſvo mikilvœgt fyrirkoma, hérmed benda til titilblads Sumar-giafarinnar, ſar ad ſkoda á ný, hvílíkum leſurum hún egin-

eginlega er gefin, sem er: bornum. En, ecki einúngis þessum, heldur og Ydur, þér Foreldrar og Húsbœndur! veri hún gefin! ydur, sem nágvœma umhyggiu egid þó ad bera fyrir gódu og dygdugu uppeldi, og sómasomum vana ydar barna og undirgefinna únglinga! þér munud, margir hvorier, af henni lœra mega, hvorsu mikid bœdi ydur sialfum og þessum úngu enn er áfátt, og ad þeckia eins marga dygd og sidsemi fyrir sionir setta, og marga ádur litt þeckta bresti og ósidi í Ydar og þeirra fari, en undir eins þad skynsamlega medal og rád til ad eyda þessum smámsaman. Med ánœgiu og uppbyggingu, munud þér, sem eg, optar enn einusinni, géta lesid þessa litlu bók til enda, já, ánœgdir hana valid til handa ydar kiœru Bornum í hentuga Sumar-gisf.

Leirá, þann 6ta Decembr. 1795.

M. Stephensen.

Innihaldid.

		bls.
1.	Barnid, sem brúkadi lát-giædid	1 - 2.
2.	Skadlegi vaninn.	2 - 3.
3.	Barnid, sem ecki tímdi ad gesa heñi systur sinni.	3 - 5.
4.	Hreckiótta barnid.	6 - 8.
5.	Um Fretta-burd.	8 - 9.
6.	Barnid, sem heimtar allt.	9 - 11.
7.	Børn, sem ecki vilia borda allann mat.	11 - 13.
8.	Nádrika barnid.	13 - 16.
9.	Barnid, sem skrøkvar.	16 - 19.
10.	Um dauda høfudid	19 - 29.
11.	Um hrædslu fyrir skruggum.	29 - 35.
12.	Um Guds nafns vanbrúkun	35 - 37.
13.	Ad hafa prióna edur nálar í munninum.	37 - 39.
14.	Ad depla med augunum.	39 - 40.
15. 16. 17. 18. 19. 20. 21.	Um Reimleika.	40 - 62.
22.	Forvitna barnid.	62 - 67.
23.	Børn, sem fælast allt.	67 - 69.
24.	Straffada ofdirskan.	69 - 72.
25.	Þverlynda barnid.	72 - 76.
26. 27. 28. 29.	Hvada Gagn se ad gódu Uppeldi.	76 - 86.
30. 31. 32.	Draumur.	86 - 96.

33. Nockrir veniulegir barna-bresti í hala-rôu 96 - 99.
34. Mat-giruga barnid. 99 - 102.
35. Opackláta barnid. 102 - 107.
36. Packláta barnid. 107 - 111.
37. Nockrar Bord-reglur. 111 - 112.
38. Um Mar-trod. 113 - 117.
39. 40. 41. Hættulegir Barna-leikir. 117 - 124.
42. Ad sauma, prióna og spinna. 124 - 129.
43. Mad. Ulfhildur. 129 - 131.
44. 45. Ogudlegi Strákurinn. 131 - 137.
46. Svefn-purkan. 137 - 140.
47. 48. 49. Gamla skuldin edur fiórda Bodordid. 140 - 147.
50. 51. 52. 53. 54. Gamli madurinn. 147 - 161.
55. Dauda-hánkar handa børnum. 161 - 164.
56. Kirkiu-gardurinn. 164 - 166.
57. Graf-skrift yfir gódu barni. 166 - 172.

1. Barnid, sem brúkadi lát-gædid.

Börn eru von ad hitta uppá sína heimskuna í hvort sinn. Pad er ecki af illgirni fyrir peim, þó þau gégni ecki strax áminníngum, helldur er þad af Gáleysi. En petta gáleysi er peim til mikils skada, þar þad hindrar þau frá ad nema góda sidu, hvar med þau koma sér þó betur, helldur enn hvorsu skorp, sem þau eru og læra mikid.

Þóra var ætíd misog lát-gædis-fullt barn; þegar hún stód hiá odrum, þá lagdi hún handleggina uppá bordid, edur brúkadi eitthvert ósidsamlegt lát-gædi. Henni var opt bannad þad, en hún giordi þad samt. Pad var reynt ad venia hana af því, en þad vann ecki. Þegar hún sá onnur velvanin, sidsom og hæverskt börn, þá skammadist hún sín ad sonnu, en gat þó ei látid af ósidnum.

Loksins var þad tekid til bragds, ad allir, sem voru í kringum hana, hermdu eptir

henni, og giordu sama og hún hafdi vanid sig á, og það hiálpadi; því þá sá hún, hvorsu liótt og ósiðsamlegt það var. Hún betradi sig, og að viku-fresti hafði hún alldúngis lagt af allt lát-gædi og að leggia hendurnar uppá bordid.

2. Skadlegi vaninn.

Ef að born ætid vissu og hugsudu úti hvorsu illt margur óvani leidir eptir sig, mundu þau brádlega leggia hann af. Gódir forellrar og adrir, sem vilia þeim vel, vara þau að sønnu vid því, en þau trúa því ecki, fyrrenn skadinn og hrakføllin kénna þeim að verda hyggnari.

Það fengu þeir að reyna hann Erlendur og hann Freysteinn, sem hofdu lagt það í vana sinn, að taka hvorr annann hrigaspennu, glíma og lypta hvorr ødrum upp. Þeim var opt bannad það, en þeir létu ecki af að helldur. Þeir vóru hýddir fyrir það, en samt stálust þeir til þess, þegar enginn sá til. En hvernin fór? Þegar þeir einusinni hofdu gisrt ofmikid að verkum, þá qvidslitnadi Erlendur, svo að þarmarnir sigu út. Hann vard nú dag og nótt að hafa bønd um lífid med járnplotum, sem var honum nóg straff. Á Freysteini þarámót géck miodmin úr lidi, svo hann ecki gat stadid réttur. Med qvøl og eymsl-

um

um vard henni kippt í lidinn aptur og Erlendi batnadi líka nockurnveginn.

Hvorsu nærri lá, ad bádir þessir drengir yrdu handbiargar-ómagar alla æfi, einúngis af þeirra óstyrirlátsemi og skadlegum vana! Börnin mega þessvegna eckert þad taka sér fyrir hendur, eckert bera og eckert taka upp, sem þau hafa enn þá ecki krapta til.

Þegar Þóra heyrdi þetta, sagdi hún vid Forelldra sína: Hin börnin vilia alltíd taka mig upp og bera mig, en eg vil þad ecki, og gét þessvegna ecki um ad vera hiá þeim. Fyrir þetta var Þóru mikid hrósad, ad hún var svo forsiál.

3. Um barnid, sem ecki tímdi ad gefa henni Systur sinni.

Sigridur og Vigfús sátu eitt qvolld til bords hvort vid hlidina á odru, og hefdu fengid nægiu sína af kiöti, lummum og odrum sægætum réttum. Vigfús var svo mettur, ad hann gat ecki bordad meira, og átti eptir tvær lummur á diskinum. Sigridur var elldri, og þurfti meira ad borda, og bad bródur sinn í hliódi, svo enginn heyrdi, ad gefa sér lummurnar, og fór ofur vel ad honum. En Vigfús nísti saman tönnunum, hripsadi diskinn til sín og hrein upp há-stöfum: Nei! þú skallt ecki fá þær! Þeir sem sátu til bords, þóru

ad gæta ad þessu, þar þeir ecki vissu, hvad farid hafdi milli systkyninna. Sú hæverska og sidsama Sigridur, rodnadi eins og karfi; en Vigfús hélldt enn nú báðum hondunum ofanyfir diskinum. Módir þeirra spurdi hvad á-gengi, og hugsadi í fyrstu, ad Sigridur hefdi ert Vigfús eitthvad upp, en Sigridur sagdi frá ollu eins og var. Nú hlaut Vigfús ad vikia frá bordinu, en horfa á, ad Sigridur fèck bádar lummurnar hans, og þar til fikjur og rúsinur. Sídan var hann lokadur úti med hundunum, og mátti standa fyrir utan dyr heila klukustund í frosti og kulda.

Þid Born! sem lesid þetta, hugsid ecki, ad þetta hafi verid of hardt, ad loka þenna dreng úti med hundunum, hann hafdi verdskulldad þad med sinni hundslegu qvikindsku. Þenkid úti hvad hann gierdi og hvornig hann svar sinnadur. Hann var fullkomlega saddur, og gèck frá leyfdu, en vildi þó ecki siá af þeim tveimur lummum, sem hann siálfur gat ecki bordad, vid systur sína. Hann vildi helldur láta bera þær burtu, enn unna þeirra odrum. Var þetta ecki hundsleg qvikindska? Hundarnir bruka rètt sonu adferd. Þegar þeir eru búnir ad fylla sig og nockud er eptir, sem þeir géta ecki torgad, þá leggia þeir lappirnar ofan-yfir þad. Ef þar kémur þá annar solltinn hundur ad, fara þeir ad urra, fitia uppá trínid og fliúga á hann. Hann Vigfús hafdi þessvegna réttann hunda-sid og sinnislag.

Hvor-

Hvorsu mikla vanvirdu giordi hann ecki siálfum sér og forelldrum sínum og fyrir ollum bordgéstunum? Var þetta þá ecki maklegt straff fyrir hann? hann var ei lengur líkur manneskiunum, sem ega ad elskast innbyrdis, og unna hvor annari alls góds, helldur hundunum. Hvad mundi hafa ordid úr honum med fram-tíd, ef þessi hunda-art hefdi aukist med alldrinum? mundi hann hafa tíunt ad giora nockurri fátækri manneskiu nockud gott? mundi hann ecki hafa ordid mesti svídingur?

Straffid vard ad gódu gágni. Þegar bord-géstirnir vóru burtgengnir, var Vigfúsi hleypt inní bæinn aptur, og sídan var allt svo lagt nidur fyrir honum, ad hann siálfur sá þad, hann hafdi giort órétt, og hvorsu svívirdileg hanns qvikindska var. Hann giordi þad ecki framar; en þegar hann vildi sýna sig í því, þurfti ecki annad, enn nefna Hund eda Bein, þá sá hann sig ætíd um hond og lét af.

Þér Forelldrar! þegar þér straffid ydar born, þá straffid þau alldrei svo, ad þau ecki viti, fyrir hvad þau eru straffud; þad straff bærir alldrei nockurt barn, helldur giorir þau þeß balsthyrugri.

Þid Born! þid kunnid alldrei ad venia yckur á liótari loft, helldur enn ad vera qvikindsk og mis-unna ódrum, hvarmed þid verdid líkust seppunum.

4. Hreckiótta barnid.

Born! Eg skal segia yckur skritna frásogu um hreckióttann dreng. Eg var einusinni stadd-ur hiá Presti, sem átti morg born, hvor hann uppól vel, og módirin ecki sídur. Eitt qvolld vórum vid ad skémta ockur í kál-gaardinum, hvadan ockur vard litid heim á hladid, og sáum ad Vilhiálmur hafdi tág í hendi, og rak á undan sér hænu til og frá um allt hladid, og sídan kringum allann bæ. Vesælings hænan vard um sídir uppgéfin, svo hún lagdist nidur og gapti, því hún gat varla lengur dregid andann. Vilhiálmur hætti samt ecki ad beria hana med tágini. Vesælings hænan! sogdu ennur medaumkunarsom born, sem stódu í kringum ockur; Þetta hefir Vilhiálmur alltid fyrir leik, og svona er hann hreckióttur vid sképnurnar.

Bídid þid vid, sagdi módirin, eg skal kénna honum ad giora þad ecki optar. Hún géck inní bæ og sókti sér band, kalladi sídan á Vilhiálm, sem var af sér kominn af mædi, og sagdi í því hann kom inní bæar-dyrnar: Tarna var mikid gaman! Módirin lét, sem hún hefdi eckert sied, og spurdi: Hvada gaman hafdir þú nú? Eg hefi verid ad ella hænuna, svo hún er ordin uppgéfin, sagdi hann. Svo sagdi módirin, hænunni mun hafa fallid þad vel? Og í því sama preif hún til hanns, hnýtti bandinu yfir um hann, og tók af honum tágina. Æ! módir

ir mín góð! hrópadi hann, hvad ætlid þér ad gióra? Eg hefi eckert giort. Hlauptu, hlauptu, svaradi hún. Þegar hann nú ecki vildi fara af stad, hrockti hún táginni um fæturnar á honum, svo hann mátti til ad hlaupa, og svo í hvort sinn hann vildi standa vid, slá hún hann med táginni. Æ! módir mín! þér ætlid ad gióra útaf vid mig. Hún gaf hönum eckert annad svar enn þetta: Þetta mátti hænan hafa. Þessi leikur varadi uns hún hélldt, ad honum mundi verda of-heitt, þá hætti hún. Vid hvort eitt horn á bænum, hvar þessi elltingar-leikur géck fram-hiá, og hvar hann hafdi ádur rekid hænuna, klingdi ætíd fyrir honum þessi raust: Þetta mátti hænan hafa.

Þegar búid var ad sleppa honum, vóru honum enn þá einusinni settir fyrir sióner hreckir hanns og ó-miskunsemi. Hin bornin hlóu dátt ad honum, og þegar hann vildi sýna sig í ad vera hreck'óttur eptir þetta, þurfti einúngis ad segia vid hann Mundu til hænunnar!

Sá betsti máti til ad venia born af því ad vera ó-miskunsom og hreckiótt, er ad láta þau kénna á því sama, sem þau hafa giort ödrum. Svo vard hreckiótti Biarni, sem ætíd kleip og stack hin bornin med títu-priónum, vaninn af þessu óskicki med því, ad hann til straffs var aptur klipinn og stúnginn med priónum.

Lærid héraf Born! ad gióra þad ei ödrum, sem þid ecki vilied láta yckur gióra.

5. Um Fretta-burd.

Börn géta med engum hlut komid sér verr, enn med Frétta-burdi. Hann Franz forvitnast um allt, sem vidber á heimilinu; hann giorir nærstum því ecki annad, enn sitia um vinnufólkid, og segir svo allt eptir því, sem hann hefir heyrt og séd. Þess vegna er fólkinu ordid svo illa vid hann, ad það kallar hann Eyrnaskéfil. Ef það væri þá allt satt, sem hann segir, en svo skrokvar hann heimínginum vid, og giorir meira úr ollu enn tilhæfi er til, slabbar um alla hluti og rægir vinnu-fólkid. Þegar duglega er deilt á einhvorn, þá þykir honum ofur-vænt um það. Hvad er það þá, sem dregur hann til ad segia fréttirnar? Eckert annad enn limska, og gledi yfir því ad géta giort ödrum mein.

Þegar hann er í hóp med ödrum börnum, giorir hann sama. Hann segir hvorn meinlausann hégómann eptir stallbræðrum sínum. Þegar fokid hefir í börnin útaf einhvorriu smá ræði, klagar hann þau fyrir forelldrunum eda húsbændunum, og bætir sífelldt nockru vid. Þegar börnin fá þá illt uppá sig fyrir þetta, hýding eda á-deilur, gledst hann hiartanlega af því.

O! það slæma barn, sem gledur sig yfir annara skada! hvornin líkar yckur hegdan þessa barns? Hvornin mun fara fyrir honum, þegar hann er ordinn full-ordinn, ef hann leggur

þetta

þetta ecki af? Það mun fara fyrir honum eins og vissum Stúdent, sem ecki lét af þessum frétta-burdi þegar hann kom til Há-skólans. Hann komst þess vegna í mikla ó-lempni, og allir hofdu horn í síðu hans. Loksins tóku sig neckrir saman á móti honum, sem hann med sínu slad-ri og baktali hafdi egnt upp á móti sér; þeir látu um hann eitt qvöld og bordu hann þángad til hann var blár og blódugur. Það hafdi hann fyrir ómakid.

Það er ofur-liótt ad segia eptir ödrum, og láta sér þykia vænt um það, þegar þeir fá illt í stadinn. Frantz hélldt svo lengi vid þennann sinn vonda vana, þángad til þar kom annar, sem var enn verri í því, ad gledia sig yfir ann-ara skada, helldur enn hann. Þessi giordi sama vid Frantz, og Frantz hafdi giort vid adra. Þá lukust loksins upp á honum augun, og hann sá ad sér.

6. Barnid, sem heimtar allt.

Eckert er ógédfelldara, helldur enn þegar mad-ur situr þar til bords, hvar born giora ecki ann-ad enn heimta. Módir mín! gef mér meiri graut, gef mér meiri súpu, meira braud, mér meira kiot! Svo géck það sífelldlega, ad enginn heyrdi það hann sjálfur taladi. Born mega alls eckert heimta, helldur bída þángad til þau fá það, sem þeim er ætlad. Forelldrunum er opt raun ad

þeim vegna þessa við borðið, og þeir mega þó sjálfum sér kenna um að barnið heimta svo, og hartnær taka af þeim ráðin, að þeir vita stundum ecki, hvað þeir eiga til bragðs að taka, og hljóta að skammast sín hjá ó-kunnugum:

Hversu kurteys og velsiðuð er þarámóti hún Þóra litla. Strax sem Forellðrar hennar léðu hana sitia til borðs með sér, þá var það fyrsta reglan: Hvorr, sem heimtar nockuð, hann fær eckert. Og þessari reglu var strengilega fylgt. Af öllu því, sem barnið heimtaði, fèck það eckert. Nýlega var henni olldúngis gleymt, af því hún sat við borð-korn út af fyrir sig. Þá sagði hún með mikilli hæversku: Eg heimta eckert, fæ heldur eckert, og þó er eg gott barn. Til þessa fannst öllum borð-gestunum mikið, og hrósuðu þeir henni. Allir sá meira, séu þeir stilltir og hæverskir, heldur enn frekir. Þar er eckert siðsamara barn til við borð, enn hún Þóra. Ókunnugir vilia giarnan hún sé hjá þeim og öllum fellur vel við hana. Henni er boðið í allar veitslur, þó hún sé ecki nema sín vetra. Hún er stillt við borðið, hæversk og lætur sér nægia hvað, sem hún fær. Hún biður alldrei um neitt, hvorsu sem hana lángar í það. Ef hún þolir ecki að sitia svo lengi, sem máltíðin stendur yfir, svo biður hún um leyfi að mega standa upp. Hún gengur glöð og áuægð kríngum borðið, og tekur ecki á móti neinu, sem henni er boðið,

nema

nema það sé með leyfi Forelldranna. Þegar hún er sókt á qvölldin, svo fer hún heim, eins þó standi á miðium leik fyrir henni, fús og keipa-laus, og með mestu vinsemd. Það er mikið væn stúlka!

7. Börn, sem ecki vilia borða allann mat.

Þetta er ó-vandi, sem Forelldrar hafa mikla raun af, og sem með framtíð leiðir nógu illt eptir sig. Það kémur optast nær af því, þegar látið er of-dátt að börnunum á meðan þau eru úng, og þau eru látin hafa allann sinn vilia, svo þau dirfast að fúla við matnum, og vilia ecki borða hvað sem þeim er géfið. Ef þeim er lidið þetta einusinni, reyna þau það optar, og venjast með því móti á mat-vendni.

Eins var honum Sigmundi litla hátt-að. Hann var vaninn á að borða lummur, pönnu-kokur, braud með sírópi og allrahanda sætindi, á meðan hann var úngur; vildi hann svo alldrei borða fisk og smior, skyr eða kálgraut ellegar adra hvors-dags fædu, helldur einúngis steikur og annað ságiætt.

En hvernin fór? Sigmundi var komið fyrir hiá Kaupmanni nockrum til að vera Búð-ar-drengur. Nú eru Kaupmanns-drengir ecki vandir á rétti edur sætindi á fyrstu árunum, helld-

helldur látnir borda med undir-fólki. O! hvorsu súrt þókti honum þetta! Í fyrstu snerti hann ecki á matnum og svellti sig, en það þoldi hann ecki til lengdar. Hann tók þessvegna fyrir sig ad stela peníngum, til ad kaupa sér sætindi fyrir. Þetta komst brádlega upp. Hann þrætti fyrir, og lá þó á sömu list eptir, sem ádur. Loksins var hann stadinn ad verkinu, var hann þá duglega barinn, og sendur svo aptur til forelldranna. Þeir komu honum enn þá fyrir í ödrum stad; þar giordi hann sama, og strauk úr vistinni. Þared nú forelldrar hanns vildu ecki skipta sér af honum framar, gaf hann sig til ad vera skips-soldáti, og vard nú ad láta sér nægia þann ómaksta kost; gat þó med engu móti lagt sig nidur vid hann, vesladist því upp og dó á besta alldri.

Hvaraf kom nú allt þetta? Þaraf, ad hann í úngdæminu hafdi ecki verid vaninn á ad borda allann mat. Börn! speiglid yckur í þessu eptirdæmi. Þid vitid ecki hvad á dagana kann ad drífa, eda hvad fyrir yckur liggur í heiminum. Þid erud illa stodd, ef þid hafid ecki vanid yckur á ad borda allann mat. Það er einúngis matvendni og óvani, þegar barnid segir: Eg gét ecki bordad ad tarna, mig velgir vid því. Géfdu barninu allt á medan það er úngt, og hefir ecki vit á ad velia um; géfdu því ecki allt, sem það sjálft vill; láttu það svengia nockud, uns það bordar það, sem það fuss-

fussar vid. Pad brúkar þá ecki mat-vendni, þegar þad elldist. Sérílagi skylldu menn varast, ad venia barna maga á ofmikid kiot og sætindi, svo ætíd hafi þad góda matar-lyst.

Pad barn, sem svo er vel uppalid, verdur hvorki siálfu sér, forelldrunum eda odrum til byrdi, þar sem hitt er þad vissulega, sem ecki er vanid á alla fædu.

8. Rád-ríka barnid.

Pad er mikid hlæilegt, þegar bornin, sem enn þá eru svo miog uppá adra komin, taka sér þann myndugleika til ad skipa og skicka odrum.

Hann Marteinn var einn med þessu markinu brenndur. Hann mældist alldrei til neins med gódu af heimilis-fólkinu, helldur var allt þad, sem hann taladi, í myndugum og skipandi tón; og ef fólkid þá ecki strax uppá houdina giordi þad, sem hann vildi hafa, var hann uppi med ofstopa og hrakyrdti fólkid, meirenn siálfir húsbændurnir hefdu nockurntíma giort. Pad var vana-svar hanns, ad hann sagdi: Vitid þid ecki, ad eg er sonur hér í húsi, en þid erud einúngis vinnu-fólk og eg má skipa yckur? Sex vetra gamall drengur ad skipa! - heyrid endemid!

Medal sinna líka giordi hann sama. Þessvegna vildi nær því eckert barn hafa neitt samaan vid hann ad sælda. Hann vildi ætíd skipa, ráda,

hafa

hafa yfir-hondina og líka svo beria. Því eldri, sem hann vard, þess kot-roskнari vard hann. Þegar hann komst í kunníngskap vid afbæar-fólk, brúkadi hann sama hátta-lag og þar géck ecki á odru fyrir honum, enn deilum og áflogum. Það gat ecki heldur annars verid, því hvorr mundi þola það, ad slíkur únglíngur stiórnadi yfir sér?

Marteinn fór fram í þessu sinu rád-ríki, uns hann var búinn ad koma sér út úr húsi hiá ollum, og enginn gat lyndt vid hann lengur; þá vard hann Soldáti og féck sín makleg mála-giolld. Hann hafdi ádur viliad stiórna yfir odrum, en nú hlaut hann ad hlýda, og vera hár og lágur, sem adrir vildu. Í þessu átti hann bágt ad finna sig í fyrstunni, en stafur Undir-Offiserans buckadi hann svo, ad hann loksins sá, hvar hann var adkominn, grét beisklega, og sagdi: Æ! eg hefi unnid til þessa, því eg plágadi og storkadi svo miog vinnu-fólkit hiá forelldrum mínum. Nú lagdi hann nidur sinn fyrri myndugleika, og þegar hann losnadi aptur úr Soldáta-þenustunni, vard hann vænn madur.

Vigdís hafdi og þann brest, ad hún ætíd hafdi eitthvad til ad skipa og skicka, og var hóst í svari vid alla; en módir hennar var ecki lengi ad venia þad af henni. Hún bannadi vinnu-fólkinn ad styrkia eður vera henni til vilia í neinu. Klæda vard hún sig ein,

þvo sér ein, giora ad skónum sínum, þvo sockana sína, í einu ordi: hún vard nú sialf ad giora allt þad, sem adrir hofdu annars giort fyrir hana. Þá sá hún, hvorsu hún var nppá adra komin, og at hentast mundi ad vera gódmótleg vid vinnu-fólkid.

Eg veit ecki hvad til þess kémur, sagdi hún Svanhilldur vid hana systur sína Þóru ad fólkid giorir þér allt til vilia, en enginn skiptir sér af mér. Hvorsu mikid, sem eg kalla og hrópa, þá gégnir þad ecki og hlær ad mér ofan í kaupid. Þad gét eg sagt þér, svaradi Þóra: Þad kémur af því þú ert svo kotroskin, og talar alldrei blídt ord vid fólkid. Já, ecki brúka eg med þad, sagdi Svanhilldur, þad má vel giora þad samt, því til þess géfa Forelldrar ockar því kost og kaup. Heyrdu systir! sagdi Þóra, þad þiónar ecki hiá Forelldrum ockar til þess, ad vid bornin skulum stiórna yfir því, nída og fara med þad eins og vid vilium. Huxar þú ad fullordid skynsamt fólk, vilie láta skipa sér og skicka af bornum, eins oa þú ert? Eg bid þad ætíd med gódu, og módir mín hefur sagt mér, ad þad á-orki lángtum meira. Heyrir þú nockurntíma, ad hann Fadir eda hún Módir ockar tali med svo hostugri og myndugri Raustu vid fólkid, eins og þú giorir? Þessvegna er fólkinu ecki helldur vel vid þig og giorir þér eckert til vilia.

Þad

Það gét eg ómegulega, nei, það gét eg alldúngis ecki, sagdi sú stollta Svanhilldur, ad leggia mig svo flata fyrir vinnu-fólkinu, sem þiggur fot og fædi af ockur. Það ber helldur enga virdingu fyrir mér, og hefir mig ecki í neinu akti. Hægt, hægt, systir mín gód, svaradi Þóra, fardú ecki of-lángt, það er enn þá nógu snemmt fyrir þig ad tala svona. Nú hefir fólkid enga virdingu fyrir þér, eins og þú sierd af reynslunni. Helldur þú þá, ad eg tapi minni virdingu fyrir það, þó eg sé alúdleg vid fólkid, og segi vid það: giordu svo vel ad færa mér það, þegar þú kémst til? í stadinn fyrir ad þú segir: Margrét! sæktu mér vatn, þrád, skóna mína, og á sama augna-blikinu heimtar þú tíu hluti í einu. Eg legg mig ecki fyrir þetta flata fyrir vinnu-fólkinu, og það hefir mig í meira akti enn þig. Þiónustu-fólkid er og manneskiur, en ecki hundar, ad med það megi fara eins og madur vill, sem jafnvel ecki er leyfilegt vid skynlausar sképnur. Ef þú villt halldá þessu áfram, spái eg, ad það fari fyrir þér med vinnu-fólks-halldid seinna-meir, eins og konunni, sem hafdi halldid 92 þiónustu-stúlkur í 16 ár.

9. Barnid, sem skrokvar.

Hvar af mun það koma, ad born eru svo giorn á ad skrokva og venia sig á ósannindi? Eg hefi grant tekid eptir hvornin þessi brestur optast birtar og vex. Góda

Gróa er mikid grobbin, málug, raupsom, Hún gétur varla sagt svo frá nockrum hlut, ad hún ecki bæti vid, og gieri meira úr honum, og þykist mikil af því medal sinna líka, sem hún hefir sied og heyrt. Nýlega sagdi hún, þegar hún fór eitthvad med forelldrum sínum, ad hún hefdi sied flugur, sem hefdu verid eins stórar og hey-lóur. Þá spurdu hin bornin: hvort þær hefdu þá verid eins margar og vant sé ad vera á kúa-klessunum? Já, sagdi hún, allteins margar, og þó komust þær allar fyrir á eina kleessuna. Þá var samt hlegid ad henni. Af grobbi og málædi hafdi Gróa vanid sig á ad skrokva.

Þegar bornum er halldid of-hardt, þá þora þau eckert ad segia forelldrum sínum; þau verda hræsnarar og venia sig á ad skrokva af ótta fyrir straffinu. Þegar hann Halldór hafdi giort eitthvort prackara-strikid, og farid var ad gánga á hann, þá þrætti hann fyrir þad svo lengi, sem hann gat, fór ad skrokva og kénna ödrum um.

Þar er eckert skammarlegra fyrir born, helldur enn ad venia sig á lygi. Hann Jacob litli var réttur meistari í því; þad heyrdist varla satt ord af hanns munni. Því optar, sem hann slapp frá hýdingu med því ad liúga, þegar hann hafdi giort eitthvad illt, því snidugri vard hann í því ad setia lygi saman. Öll hin bornin klogudu yfir honum, ad hann lygi

uppá þau, en hann gat ætíd svo meistaralega sneygt sér úr því med lýginni, ad ecki vard uppá hann talad. Loksins komst þó upp um hann, og vard hann til skammar í margra barna nærveru; Þetta giordi hann enn verri og forstockadri, því hann var ordinn svo magnadur í þessum lesti. Lygin vóx þess vegna hiá honum, eins og sjálfur hann. Þegar hann var kominn í skóla, giordi hann sig svo illa þockadann med skreitni, ad enginn af skóla-pilltunum vildi hafa umgengni med honum, og skóla-meisturunum var líka illa vid hann. Þegar hann átti ad heita út-lærdur, komst hann opt í deilur og á-flog út af þessu. Alldrei var honum bodid til nockurs ærlegs samqvæmis, helldur stuggadi alla vid honum svosem lygara. Loksins komst hann í þénustu hiá Embættismanni, en af því hann ecki gat setid þar á sér, var hann rekinn burtu.

Eru þetta ecki snotrir ávextir lýginnar? Born! Lygarinn er verri enn þiófurinn; Þiófinn gétur madur varast, en lygaranu ecki. Verid hrein-lynd og samsogul vid alla, sérilagi vid Forelldra yckar og húsbændur, þá munu þeir elska yckur því framar.

En ydur, Forelldrar! ræd eg, ad þegar barnid hefir giort eitthvad illt, ad helldur linid straffid, edur gefid þad alldúngis eptir, þegar barnid játar allt hreinlega og skrokvar ecki. Med því mun hægra veita ad stemma upp-

tok

tók lyginnar, er opt koma af ótta fyrir straffinu. En fyrir alla muni varist þá skadvænu heimsku sumra fávísra forelldra, er jafnvel hrósa því, hvad sniduglega börnin þeirra géti komid sér úr skomminni, og sett saman ósannindin.

10. Um dauda hofudid.

Hún Þóra litla var ordin svo kunnug og vön í kamersinu hans Fodur síns, þar sem hann geymdi eina og adra markverda hluti, ad hún án hrædslu gat horft á dauda manns-hofudid, sem var hvítt og skinid, og stód í stocki med gler-hlidum. Fadirinn tók það opt úr stocknum, setti það á bordid fyrir barnid og útlistadi allt fyrir henni, hvar tonnurnar, augun og eyrun hefdu verid, og sagdi henni margt merkilegt þar um, t. d. hvar af það kæmi, þegar madur hnerrar, edur þegar börnin væru stíflud í nefunum. Barnid gladdist vid, þegar það fékk ad sjá nef-beinid, augna-tóptirnar og eyrna-holurnar. Fadirinn tók upp auga, sem med konst var tilbúid, og þar hann hafdi líka alla þá smá-parta, sem tilheyra eyranu, gat hann all-nákvæmlega sagt og sýnt þessu nám-giarna barni, hversu snilldarlega sá gódi Gud hefir skapad augad, eyrad og adra hofudsins parta. Af þessu rénadi hrædslan hiá þessu 5 vetra gamla barni, sem hiátrúar-fullt fólk er annars vant ad bera fyrir daudra bein-

um. Hún vard svo von þessu dauda hofdi, ad hún sialf tók þad í hendurnar, hofud-skélina af, og sagdi sídan ódrum frá, hvad hann Fadir hennar hafdi kennt henni um þad. En nú koma spurníngar, sem eg vil láta fylgia hér med ódrum bornum til fródleiks:

Þóra. Fadir minn! Er þetta hofud sannarlega af daudri manneskiu?

Fadirinn. Já, Barnid mitt; þad gétur þú sialf sied. Eg skal sýna þér hofud af hundi og ódrum dýrum. Gádu nú ad, hvort þú sierd ecki mismun á þeim og þessu hofdi?

Þ. Jú, manns-hofudid er allt ódruvísi, þad er lángtum hnottóttara; tonnurnar eru líka ódruvísi. Þarna ad nedan-verdu eru nockrar tonnur lausar. Æ! Fadir minn! þad skrapir! Eg er nærri ordin hrædd.

F. Af hvoriu, barnid mitt? af einu beini? þad er kiálkinn, sem er laus. Hann er og hræranlegur á medan madur lifir; reyndu til. En efra kinn-beinid þarámóti er ætíd fast. Þad eru einúngis kiálkarnir, sem hreifast, þegar þú tiggur.

Þóra tók á kinninni á sér og sagdi: þad er satt, Fadir minn, kiálkinn einn hræríst. En, hvadan hafid þér fengid þetta hofud, og hvad giorid þér vid þad? Þad mun þó ecki hafa verid hoggvid af med ex, edur hángid í gálga?

F. Þó

F. Þó svo hefdi verid, mundi það samt hvorki skada þig né mig. Eg hefir annars fengid það frá Anatomie-húsinu.

Þ. Hvad er það, Anatomie? Það skil eg ecki.

F. Það er ad kriúfa, sundur-skéra edur sundur-lima. Við Há-skólana, hvar úngum mönnum eru kénndar allar lærdóms-greinir, og hvar úngir Lækunarar verda og ad læra það, sem þeim ber, eru af Kónginum halldin þessi hús, hvort færdir eru daudir líkamir af manneskiúm, sem dáid hafa í Hospitolum, og jafnvel af illræðis-mönnum, sem hafa verid hengdir eda háls-höggnir. Í þessu húsi eru svo lærdir menn, ad þeir kunna ad sundur-skéra þessa limi inn- og út-vortis, og taka alla parta, ædar, sinar, vodva og bein hvort frá odru, og útskíra það fyrir þeim úngu Lækinurum, svo þeir viti, hvernin mannsins líkami er á sig kominn bædi inn- og út-vortis, þar þeir ei gætu lækinad marga siúkdóma, ef þeir ecki vissu þetta. Síðan lagfæra þeir þessi daudu höfud, og hafa þau við höndina, svo þeir ætíd géti gætt ad, þegar nockurr er einhvörn-veginn bilaður í höfdinu, eins og jeg hefir ádur sagt þér; heitir þetta Anatomie.

Þ. Æ Fadir minn! það er mikid grimmilegt ad skéra manneskiurnar svo í sundur. Það má og vera skélfilega slæm lykt af því.

F. Nei, barnid gott! Pad er ecki grimmilegt, Pví daudar manneskiur hafa enga tilfinningu. Peim stendur á sama, hvort peirra líkamir fúna í jordunni, edur peir eru bútadir í sundur. Pad er miog nytsamlegt, ad læra pannin ad peckia byggingar-lag mannsins líkama, og hanns innvortis ásigkomulag. Pessi sundur-limun er par hiá giord á vetrum, pegar kalldt er í vedrinu; á sumrin væri pad máske skadlegt.

P. En, Fadir minn! eg verd enn pá ad spyria ydur ad einum hlut. Hún Helga sagdi nýlega vid mig: Póra! mikid er pad, pú skulir géta gengid í myrkrinu um kamersid, par sem dauda hofudid stendur. Mig hryllir alla upp á daginn, pegar eg kem par nærri, Pví helldur á qvolldin. Eg hugsa ætíd ad sá daudi muni koma og vilia fá hofudid sitt aptur. Sídan hefir eg verid hálf-smeik, ef pad er satt, ad peir daudu séu á ferd, eins og fólkid ockar segir.

F. Pú skallt nú siálf ráda, hvort pú hugsar ad hún Helga edur hann Fadir pinn sé skynsamari, og hvort pú helldur villt trúa henni Helgu, sem er full af hiá-trú og myrkfælni, enn honum Fodur pínum.

P. Æ! Fadir minn gódur, verdid pér ecki reidur; eg meinti pad ecki svo. Eg sagdi pad svo ad pér pess betur gætud útlistad pad fyrir mér; Eg trúi ydur miklu betur enn henni Helgu.

F. Hlust-

F. Hlustadu þá til, barnid gott! og slepptu þessari hræðslu, sem annars mundi gjora þig óluckulega alla þína lífdaga. Hvorsu óluckuleg er ecki sú manneskia, sem ecki þorir ad vera einsomul hálfa stund á qvolld-tíma, og ecki í mirkri ad gánga út fyrir dyrnar edur um þvert hús! Er hún ecki aumkunar-verd þegar hún qvelur sig med sífelldri hræðslu, og í raun réttri hræðist fyrir því, sem alls eckért er. Ertu hrædd vid ský, vid þoku eda gufu?

Þ. Nei, Fadir minn! en vofur og drauga mega menn þó hræðast.

F. Ertu þá hrædd vid einsamallt beinid?

Þ. Nei, það gétur ecki giort mér neitt illt.

F. Þú hefir þéssvegna enga orsok ad vera hrædd vid þetta dauda hofud, því það er tómt bein, sem ecki hrærir sig, finnur eckert til, og hefir eckert líf. Dauda manneskian hefir eckert med það ad gjora. Allur hennar líkami er allteins daudur og hofudid, og sálin skiptir sér eckert framar af sínum dauda líkama. Ertu hrædd vid þá tvo litlu daudu brædur þína, sem liggja grafnir í kirkju-gardinum fyrir utan gluggana ockar?

Þ. Nei, þeir liggja í grofinni, og géta ecki komid aptur, af því þeir eru daudir.

F. Rétt! af því þeir eru daudir, segir þú. Svo er því og háttad med allra manna líkami, þegar þeir einusinni eru daudir, hvort

helldur þeir liggia í grofinni, háuga í gálgan-um, edur eru krufdir í Anatomie-húsinu. Reim-leiki er ecki annad enn heimska, innbirling og hiátrú hiá því fólki, sem ecki veit betur. En þú skilur þetta betur. Sierdu nockurn-tíma ad eg eda hún módir þín séum hrædd á qvöld-in? vid gaungum í mirkrinu um kamersid fram-hiá þessu dauda hofdi, og fram-hiá morgum ödrum daudum líkomum, sem standa þar um kring.

Þ. Hvad? hafid þér enn þá fleiri líkami?

F. Já, þá litlu barna líkami, sem þú hefir sied, sem saman-standa af eintómis bein-um, er menn kalla Beina-grindur. (Skeletter). Hafa þeir giort þér nockud illt?

Þ. Nei, Fadir minn! eg er ecki neitt hrædd vid þá.

F. Hrædstu þá alldrei framar þá stóru daudra manna líkami, drauga edur reimleika, því þad er allt hid sama. Ef þeir daudu gengiu aptur, væru þeir smáu allt eins vísir til þess og þeir stóru, en þad er þó fyrir hvor-ugum, því mátt þú trúa, svo víst, sem eg er Fadir þinn. Þú mátt því óhrædd ganga um kirkiu-gardinn á qvöld-tíma, hvar margir daud-ir eru grafnir. Þeir hvílast þar í nádum, og hafa eckert framar ad sýsla vid þá lifandi.

Þ. Fadir minn gódur! Eg er nú alls eckert hrædd framar. O! hvad fegin eg verd

því

því, að eg veit nú betur! Eg skal hlæa nóg að henni Helgu fyrir mirk-fælnina hennar.

F. Nei, barnið mitt! segdu henni heldur hvernin þessu sé varið, og hvað eg hefi sagt þér, svo giorir þú henni sannann velgiorníng, því hún veit ecki betur, og hefir ecki verið uppalin eins og þú. En eg vil enn segia þér sögu: Einusinni var myrk-fælin, hiátrúar-full stúlka, eins og hún Helga er. Hún þordi ecki að gánga út fyrir bæar-dyrnar á qvölld-tíma. Það bar til að sóltinn kettur kom þar, sem hún var einsomul með kerta-ljós um qvöld; kisa greip kertið, sem logadi á, og hljóp með það í audt rúm uppá lopti, sem hey var í; stúlkan sá það, en vegna myrk-fælni hljóp hún ecki eptir henni uppá loptið, hvar hún hefði gétad nád kertinu af kettinum, edur að minnsta kosti slockt ljósið. En hvernin fór? það qvikn-adi í heyinu, og ecki að eins húsið, heldur og hálft þorpið brann upp að biortu báli. Var ei hægt að varast þessa ólucku, ef stúlkan hefði ei verið svo hrædd?

Þ. Nú, Fadir minn! þér skulud siá það, hvort eg verð myrk-fælin héreptir, allra-síst af þessu hvíta hofði, sem mér er nú ordið svo vel við.

Barnið hélt ord sín, svo sem eptirfylg-iandi dæmi sýnir. Eitt qvölld skömmu seinna kom magnað skruggu-veður, svo að Fadirinn lét allt fólkið koma til sín, og til að hughreysta

þad hiá sér. Dunurnar urdu svo miklar, ad húsid tók ad hristast og hringla í gler-skápunum, sem vóru í nærsta kamersi. Í þessu bili datt hofud-skélin af dauda hofdinu nidur á gólf af hristingunni, svo grant heyrdist hvad þad var. Helga hliódadi upp yfir sig og hrópadi: Æ! þad er hofudid góda! hvad þad skuli vera haft í húsunum, þad er alldrei kyrrt! Þóra leit til Fodur sins; hann brosti, qveikti á kerti og séck Þóru þad, án þess ad tala ord. Sídan géck hún strax út einsomul, og kom tilbaka med þær frettir, ad hofud-skélin væri dottin ofan af hofdinu. Hvad kom til? spurdi Fadirinn. Af því ad skruggurnar vóru svo megnar, ad húsid skalf, svaradi hún. Þar hafid þid allann reimleikann, sagdi Fadirinn. Var þetta hofdinu ad kénna, edur var nockur ounur nátturleg orsok til þess? Hlaut ecki hofud-skélin ad detta, þar hún lá laus, og hristist af reidar-slaginu? Vissulega, sagdi Þóra, og þú Helga þarft ecki ad vera hrædd um þad, ad hofudid á þér gángi aptur. Sídan géck fólkid út, med barninu, þegar óvedrid var afstadid, og hún sagdi því allt hvad Fadir hennar hafdi frædt hana á um dauda hofudid. Fólkid undradist, og sleppti allri hræddslu og hiá-trú af barnsins huggrýdi.

Nockru sídar tók Fadirinn aptur hofudid fyrir sig, til ad segia barninu fleira um þad. Þá sagdi hann: Mér þykir vænt um, ad þú ert

ert ecki lengur hrædd vid þad. Þad er lucka fyrir siálfa þig. En hvad mundir þú giora, ef þú sæir þad sama, sem eg sá einusinni á ferd?

Eg var til húsa í vissum stad hiá lækni nockrum, sem hafdi margar Beina-grindur og daudra manna hofud í svefn-kamersi sinu. Nockur hofudin stódu á bordinu stock-laus. Þegar vid eitt qvolld komum heim frá gódum vin, kom þiónustu-stúlkan daud-hrædd á móti ockur fyrir utan dyruar, og sagdi eitt af daudu hofdunum hefdi stockid nidur af bordinu, og veltst aptur og fram um gólfid, þegar hún hefdi ætlad ad búa upp rúmid. Vid hlóum ad henni og heimtudum lióss. Þegar vid komum inn í kamersid, var þad satt, ad hofudid lá á gólfinu. Í augna-tóptunum sáum vid tvo fegur augu, og þegar vid gengum nær med lióstid, velttist þad um kring í kamersinu. Eg verd ad segia, ad mér þókti þessi atburdur undarlegur í fyrstu. En þar eg sífelldlega hefi vanid mig á, ad trúa ecki reimleika edur odru þess-háttar, þó eg hafi sied edur heyrt undarlega hluti, sem eg ecki hefi gétad skilid, herdti eg hér líka upp hugann, setti frá mér lióstid, og greip báduum hondum um dauda hofudid. Þá hóck volsku-háls út úr því. Valskan hafdi þreyngt sér þar inn, en hafdi ecki komist svo fliótt út aptur. Hvad mundir þú hafa giort í minn stad?

Þ. Eg

Þ. Eg hefdi ordid hrædd, en eg hefdi þó hugsad, ad þad væri eitthvad annad, sem kæmi hofdinu á gáng, þar eg veit nú, ad þad er daudt og gétur ecki hrært sig.

F. Þad betsta medal, þá svo ber vid, er ætíd ad gæta diarflega ad og taka á, finnur madur þá fliótt reimleikann eins og eg fann hann.

Þetta samtal hafdi þá verkan hiá barninu, ad þegar hún daginn eptir kom heim frá Barna-skólanum, bad hún Fodur sinn ad lofa skóla-bornum ad koma inní kamersid, til ad siá dauda hosudid. Eg hefi sagt þeim margt um þad, en þar þau enn hræddast þad oll, gét eg tekid þessa hræddslu frá þeim med því, ad láta þau sialf siá þad, og sýna þeim, ad eg hræddist þad ei. Þér sogdud sialfir, Fadir minn gódur! ad þad væri vel giort ad taka frá ödrum ó-þarfa hræddslu.

O já, feginn vil eg lofa þér þad, barnid gott, sagdi Fadirinn. Láttu bornin koma hingad svo morg sem þú villt. Eg skal á medan taka hofudid úr stocknum, og setia á bordid. Bornin komu, og stódu oll lángt frá, og horfdu á hofudid med miklum ótta; en Þóra géck ad, tók hofud-skélina af, og hofudid med báduum hondum. Þá urdu bornin diarfari, gengu nær og slóu hríng um hana. Og nú var gaman ad siá, hvornin barnid út-skírdi alla hluti fyrir hinum bornunum, eins og Fadir hennar hafdi sagt henni, sér í lagi, hvornin hún áminnti

born-

bornin, ad vera ecki hrædd vid þad, því þad væri daudt bein, sem ecki giordi neinn reimleika.

Fadirinn grét af gledi, og taladi ad lyktum til barna-hópsins: Kiæru born! þykist alldrei mikil af því, þó þid hafid fridt andlit. Þid siáid hér, hvornin allra manna fridleiki fer í daudanum. Hvar eru nú þær raudu kinnar? þau biortu augu? nefid? varirnar? Þannig fær þetta dauda hofud suemma kennt yckur audmýktina.

II. Um hrædslu fyrir skruggum.

Æ! Fadir minn! þad eru farnar ad koma skruggurnar aptur, sagdi Þóra med mikilli hrædslu.

Hvad gengur ad þér, barnid mitt? svaradi Fadirinn. Þú ert þó ecki svo hrædslu-giorn. Hvar af kemur þessi hrædsla? Einhvorr hefir hrædt þig med einhverju.

Þ. Þér vitid, Fadir minn gódur! ad eg er von ad segia ydur eins og er, og sama vil eg enn giora. Litill drengur sagdi mér nýlega, ad reidar-þruman slái fólk í hel, og sídan er eg ofur-hrædd vid skruggurnar.

F. Þad er mátulegt fyrir þig, þó þú qvelist af hrædslunni, fyrst þú trúir þessum ó-vita dreng betur enn honum Fodur þínum, sem leitast vid ad eyda þinni ó-þarfa hrædslu.

Hefi

Hefi eg ecki einatt sagt þér, ad þú skylldir ecki hrædast skruggurnar? Sierdu þad á mér, ad eg sé hræddur vid þær? Hefi eg ecki opt sagt þér, ad þær koma ecki svo beinleidis frá þeim góda Gudi, sem fólk helldur, ecki situr hann helldur á skruggu-skiunum, og kastar elldíngum, hagli og regni nidur á jordina.

Þ. Já! er þad ecki svo? þad óttadist eg þó hellst.

F. Nei, barnid mitt! sá gódi Gud hefir í fyrstu skopun þannig tilbúid alla hluti í náttúrunni, ad þar géta ordid skruggur. Þegar margir vatns-dampar hafa dregid sig af jordunni uppí loptid, og þeir verda svo þúngir, ad skýin bera þá ecki, þá falla þeir nidur í óteliandi dropum, og þá kémur regn. Eins er med skruggurnar. Þegar allt þad ber ad í loptinu, sem þartil þarf, koma þær en annars eckí.

Þ. Skiptir Gud sér þá eckert af þeim?

F. O jú! því annars kæmu skruggurnar af hendíngu, og mundu fara eins og þeim rædur. Sá gódi Gud hefir fyrirsied og tilbúid alla hluti, nær og hvorniu þær skulu koma. Eckert skédur án hanns vilia, stiórnunar og tillátsemis. Og þar sá gódi Gud hagar ollum hlutum manneskiunni til ens besta, lætur hann einnin skrugaurnar verda monnunum til gagns og góda. Skilur þú mig nú rétt, í þessu ollu?

Þ. Ecki

Þ. Ecki ad ollu leiti, Fadir minn gódur! en þó betur enn ádur.

F. Þér þykir gaman ad horfa á figur-verk. Þegar það er dregit upp, gengur það med lódum, hiólum og odrum smá-þortum af sjálfu sér. Þarf þá sífelldt ad hafa á því hondina svo það gángi?

Þ. Nei, það gengur samt.

F. Siádu þá! Eins er ollum hlutum hátt-ad og líka skruggunum. Öll veralldin er eins og stórt figur-verk, hvort sá gódi Gud hefir svo sem uppdregid í skopunimi, og helldur það sídan áfram ad gánga eins og hann vill hafa það.

Þ. Já, nú skil eg það betur. En segid þér mér nockud meira um skruggu-vedrid; mér þykir gaman ad heyra það.

F. Það vil eg giora, mætti það verda þér til þess gagns, ad þú hrædist ecki framar þó skruggur gángi.

Þ. Þér skulud reyna til.

F. Þú munt vilia vita, hvaraf skruggurnar hafi sinn uppruna. Þegar miog heitt verdur á sumrin --- því á veturnar koma skruggur sialldan --- þá safnast saman margir eldfimir dampar í loptinu, sem audvelldlega qvikn-ar í, svo sem þú hefir sied á púdri og brennu-steini. Þegar þessir dampar þryckiast saman

og

og núast hvorr vid annann, blossa þeir ad sidustu. Sá blossi kallast Skruggu-liós. Það sundur-rifur loptid, og þegar loptid brýtst aptur inn í sinn fyrra farveg, kémur hljód, er kallast skrugga edur þruma. Reyndu til og veifadu klút rétt framan ad andlitinu á þér, þá finnur þú til loptsins. Þegar svo hljódinu slær á móti fiollum eda skýjum, þá itrekast hljódid hvad eptir annad, og þess vegna varir ómurinn af skruggunni svo lengi. Manstu ecki til þess, þegar skotid var af byssunni, á medan vid vórum uppá fiallinu á dogunum, þá heyrdir þú hljódid vel í tuttugu reisur, eptir því, sem undir saung í hvorium hamri. Svo er því og varid med skruggurnar, og eg segi þér enn þá einu-sinni, ad skruggu-hljódid giorir alldrei skada og slær engann í hel, því það er einúngis dunur í loptinu, og þarf ecki ad hrædast þær meir, enn kluckna-hljódid þegar hríngt er.

Þ. Þetta var gaman ad heyra, en skruggu-liósid er þó skadvænt, og banvænt.

F. Þaruppá vil eg líka svara: Þú ert nú 6 vetra. Hefir þú nockurn-tíma heyrt, ad skruggu-elldurinn hafi slegid nockurn í hel hér í sveitinni? Eg er nú nærri sextugur, og hvorgi þar sem eg hefi verid, hefir það vidborid; þess vegna ber það sialdan vid. Á medal hundrad þúsund manna verdur varla einn fyrir því. Veitstu nú uppá víst, ad þú munir samt verda fyrir því? Gétur ecki steinn allteins vel dottid úr veggnum

og

og rotad þig? Hvorr sem vildi hrædast alla hluti í heiminum, sem kunna ad verda honum ad bana, hann hefdi alldrei stundar-ró. Þessvegna vardveitir gódur Gud oss, eins og þú hefir ádur heyrt; án hans vilia fellur enginn titlíngur á jordu, og eckert hár af þínu hofdi. En samt má madur ecki vera óforsiáll, forvitinn eda gefa sig í háska af ásettu rádi. Madur á ad fordast súg, því sagt er: ad skruggu-elldurinn dragi sig þángad, sem súgur er. Og á gvolidin, þegar dymmt er, má ecki horfa mikid út eptir skruggu-liósum, því þad skémmir augun; þó skal ecki af hræddu skrída í skot, því ecki er óhættara ad helldur, ef skruggu-elldinum slær nidur á annad bord.

Þ. Eg hefi þó heyrt nefnda Skruggu-steina og ad þeir hafi fundist í jordunni, en hvornin er þeim varid?

F. Einfalldt fólk hefir lengi haft þá trú, ad steinn fylgi hverri skruggu, komi svo dun-urnar af honum, þegar hann ædi igégnum lopt-id; en enga hafa Skruggu-steinar úr lopti rot-ad, því þar eru þeir ei til; en fundist hafa þó steinar í jordu, og verid kénndir vid skrugguna-fnid; því hafi þad borid vid, ad skruggu-elldi hafi slegid nidur á jord og hitt hana þar málm-blandna fyrir, hefir hann brædt saman volu-korn, og þarf ei ad eigna skruggum odru-visi steina.

Þ. Skruggurnar gjora þó ofur-mikinn skada. Eg hefir einusinni verid á ferd í skruggu-vedri, þegar eg, eins og þér munid til, var naumast fiogra vetra. Öllu slá nidur og allt eydi-lagdist af haglinu, og eckert sást grænt lángann veg allt um kring. Æ! hvorsu aumk-unarlega leit þad út! vesælings fólkid! En hvad Gud villdi gjora þad. Þad er ad sonnu sagt ad hann straffi; en hefir þá allt þetta fólk ver-id ó-gudlegt? ecki gét eg leidt mér þad í hug.

F. Þad hyggur þú rétt, barnid mitt! þú skallt ecki hugsa, ad sá gódi Gud straffi med skruggu-vedrinu; hann sendir med því miklu meira gott, enn illt. Vid mundum ad sidustu vanmegnast af hita, ef engar skruggur kæmu. Skruggu-elldurinn eydir brennisteins-dompun-um, vindurinn og steypi-regnid hreinsar lopt-id og kiælir; skruggan hristir og gjorir jordina gliúpari, regnid vokvar grasid, sem annars mundi skrælna upp, ef sifelldir þurkar gengju, og peningurinn bítur þá ný-lifnad gras. Hvor-su ágætlega blómgast jordin eptir friós-samt skruggu-regn?

Þ. En, Fadir minn gódur! eg gét ecki gleymt manninum, sem dó af skruggu-elldi. Er þad ecki satt, ad hann slái stundum fólk í hel?

F. Eins og eg hefi sagt þér, þad ber mjog sialldan vid, og þegar þad skédur, er þad ecki án Guds vilia og til-látsemis. Taktú líka vel eptir því. Þad hlýtur þar fyrir ad þéna

þeim

þeim til betsta, sem það fyrirhittir; annars léti sá gódi Gud það ecki ské Það er hinn fliótasti og betsti daud-dagi, því þeir vita og finna eckert til þess, nema á sama augnabliki, sem það skédur. Hún gamla Katrín, sem þú finnur opt, hefir nú í 10 ár samfleytt legid í lida-veiki, og sofnar alldrei værann blund fyrir verkium. Er það ecki miklu lakara? Þar ed svo margt annad í heiminum má verda oss ad fior-lesti, egum vér ætíd ad hegda oss vel, og giora það sem gott er, því þá þarf ecki ad óttast neinn daud-daga, þó Gudi svo þócknadist ad láta oss deya af reidar-slagi.

Þ. O! Fadir minn gódur! eg þacka yd-ur fyrir það, sem þér hafid núna kennt mér. Nú er eg ecki lengur hrædd vid neinar skrugg-ur, og vil ætíd elska Gud, sem minn allra-betsta fodur, eckert giora, sem illt er, og þá gétur enginn skruggu-elldur ordid mér ad skada.

12. Um Guds nafns vanbrúkun.

Ecki mun af veita, Eggert, þó eg vari þig vid ósid nockrum, sagdi Fadir hans.

Þid born, heyrid, því midur, svo opt af odrum nefnt Guds og Jesu nafn, og það svo, ad hrædilegt er ad heyra, hversu Guds nafn er gálauslega van-brúkad vid hvorn hégómann, og þá allra lítilmótlegustu hluti, og er þá sagt: Gud vardveiti mig! Jesus hiálpi mér! þó eck-

ert ad gángi og ecki sé meira í húfi, enn skvettist út úr aski, edur verkfæri detti úr hendi manns. Eg gét ecki haft pad eptir, eins og illa vanid fólk brúkar pad stundum, og nefnir þá kannské strax í hinu ordinu nafn þess vonda. Þú munt, því midur, optsinnis hafa heyrt þetta til vinnu-fólksins edur annara barna. Þú ert og búinn ad venia þig svo á sama, ad þú segir vid hvoria smá-muni: Jesus hiálpi mér! Svo skiótt nema born ó-sidi, án þess þau þecki þá. Þú veitst enn þá ecki, hvorsu stór synd þad er, ad van-brúka þannig Guds heilaga nafn. Þegar þú ert búinn ad læra ad skilia annad bodordid, þá muntu sialfur sia þad, já, hrædast sialfann þig, ad þú nú þegar hefir svo opt dr'ygt þessa synd óvitandi, og breytt eptir odrum. Þess vegna segi eg þér þad nú, ad þú varist þad hér eptir. Þad hefir verid liótur vani þinn hiugad til, en hér eptir verdur þad stór synd fyrir þig, látir þú ecki af, þar ed þú veitst nú sialfur, ad þú giorir illa med því.

Kiæri Eggert! ecki þeckir þú enn þá Gud né Herrann Jesum, annars mundir þú ecki giora þetta. Heyrir þú þad nockurn-tíma til ockar Forelldra þinna? Helldur þú, ad vid mundum lída þér þad, ef þú vanvirdtir og misbrúkadir ockar nafn? Enginn Kóngur vill þola þad, ad Undirsátarnir vanvirdi og spotti hanns háa nafn. Þú veitst þó svo mikid, ad sá gódi Gud er hinn alla-hærsti og besti, af

hvers

hvors hendi bædi menn og skepnur þiggia allt gott, og hefir sendt oss sinn Son Jesum til endurlausnar, svo ad vér skylldum elska hann og læra allt gott af honum. Þykist þú nú elska hann, þegar þú stundum hálf-hlæandi, segir vid hvorn hégómann: Jesus hiálpi mér? Hvornin helldur þú færi, ef Gud villdi í hvort sinn straffa þessa synd eins og hún verdskulldar? Hvornin mundi fara, ef hann tæki aptur frá þér fot, fædi og allt annad gott, sem hann hefir gefid þér? Hefdir þú ecki unnid til þess? Segdu nú, hvort þú skilur mig ecki?

Jú, Fadir minn gódur! nú skil eg ydur, sagdi hann, med tárin í augunum; eg vissi ecki, ad þad átti ei ad vera. Já, opt hefi eg styggt Gud med því! Eg hefi heyrt þad til annara; en skal alldrei fara med hans Nafn gálauslega framar.

Sé þér vel vid mig, halldtu þá þetta þitt loford, sagdi Fadirinn. Þú gétur ecki giort mér meira til ángurs, helldur enn þegar þú vanvirdir Gud, sem gefur oss svo mikid gott. Gættu nú vel ad þessari reglu. Menn ega ecki ad taka neitt vondt eptir þeim, sem eru illa uppaldir.

13. Ad hafa prióna edur nálar í munninum.

Þegar qvennfólk er ad skanta sér, hefir þad opt títu-prióna í munninum, og því verda bornin fliót-næm á þenna hættulega vana.

Hefir þú enn þá títu-príóna uppí þér? sagdi Fadirinn vid hana Gudrídi dóttur sína, þú hættir því ecki fyrr enn þú gleypir þá einhvorn-tíma, og þá færdu ad reyna, hvada ólucku þú bakar þér med því. Þad kom og fram. Gudrídur gleymdi einusinni ad hún hafdi nál uppí sér, og fór ad renna nidur munn-vatni sínu edur tala, og ádur enn hún af-vissi var nálin komin ofan í kok, hvar hún stód fost. Hvornin henni og odrum hafi ordid vid, má nærri géta.

Fadirinn lét strax sækia Hand-lækni; ádur enn hann kom, var blódid farid ad streyma útaf hálsinum, og Gudrídur nærri kofnud. Hann gat med engu móti nád til nálarinnar, vard þess-vegna ad beygia krók á látúns-prión, rak hann ofant kokid og nádi med því móti til hennar, reif hana sídan upp af abli, svo blódid rann og streymdi. Allur hálsinn á barninu vard stock-bólginn, og í hálfann mánud gat hún varla kyngt fyrir sárindum.

Sierdu nú, sagdi Fadirinn, hvílíka ólucku þú hefir bakad þér? Svona fer þegar únglingar ecki gégna því, sem þeim er sagt. Þackadú Gudi, ad nálin komst ecki nidur í magann edur þarmana, því þá hefdi hún stúngist úti inn-iblin, og þú hefdir vissulega dáid med mikilli kvol. Því er ecki eins hátt-ad med magann hiá manneskiunum, sem hiá dýrunum; þau þola lángtum meira. Í giæsa-

og

og anda-moguni finna menn opt járn-nagla, stórar nálar og þefs-háttar, sem stundum hefir stúngist þverfum í gégnum vælindid og er gróid saman vid holdid, án þefs, þad hafi giort nockurt mein. Eg hefi einufinni fundid í maga á storki steina, gler-brot og knífs-blad. Gádu því betur ad þér í annad finn.

14. Ad depla med augunum.

Börnin eru opt eins og apar, sem herma allt eptir, er þau fiá.

Einufinni var lítil ftúlka, sem hafdi svo vanid sig á ad depla med augunum, ad hún gat ecki lagt þad af, og var þad liótt ad fiá.

Dadi hugfadi, ad þetta léti dá-fallega, og depladi fífelldt augunum, þegar hann horfdi á einhvorn, eda einhvorr taladi vid hann. Í fyrftunni giordi hann þad einúngis þegar hann fetti fig út til þefs, en feinaft giordi hann þad fífelldlega. Honum var opt bannad þetta og fagt, ad hann væri eins og api; þeir færu allteins ad og hann. En þad kom fyrir ecfert, hann fór famt finu fram.

Lokfins veiktuft augna-lokin á honum svo mikg vid þetta depl, ad hann uppá fídkaftid gat varla lokid þeim upp; þá fá hann, hvorfu fkadlegt þad var, og vandi fig af því. Þannig hlióta born ftundum ad verda hyggin af

skadanum, þegar þau ecki vilia láta ad skynsamlegum á-minníngum.

15. Um Reimleika.

Misvirdid ecki, Fadir minn gódur! þó eg spyrie ydur enn þá einnsinni, sagdi Hóra. Er þad ecki satt, sem Fólk segir, ad draugar og vofur séu til, sem um nætur gángi umkríng í kirkiu-gordum og vída annarstadar þar, sem myrkur er, til ad giora menn hrædda? Eg hefi heyrt svo opt talad um Grílur, um Jóla-sveina, um Leppa-lúda med grán skeggi, og margt þess-háttar, og eg villdi fegin vita hvada til-hæfi til þess er. Eg trúi ad sönnu ecki ollu þessu sladri, en af hveriu þad kémur, villdi eg giarnan vita; og hvorr getur betur sagt mér þad, enn þér, Fadir minn gódur?

F. Já, þad skal eg láta eptir þér, barn mitt! er þad þá fyrst yfir-hofud ad segia: ad skynsamt fólk, sem hefir alla stiórn á sér, og ecki verdur strax frá sér numid af hrædslu, hefir af alls engum reimleika ad segia. Enn framar, ad diarfir menn, sem gánga ó-deigt ad, þar sem sagt er, ad standi vofa, og preifa á, komast optast-nær eptir, hvad þad er. Eg segi fyrir mig, ad á allri minni æfi, hefi eg alldrei ordid var vid reimleika, hefi eg þó verid á morgum ferdum og þad í nida-myrkri, og komid í morg ókunnug pláts. Þaraf

sier

sier þú, ad einfalldt og trú-giarnt fólk er þad, sem lætur sér telia þvílíka trú, ellegar svo hrædt, ad ecki þorir þad ad grenslast eptir hlutunum, og trúir því sídan stadfastlega, ad þad hafi verid af einhverium illum rokum, sem þad hefir sied eda heyrt.

Þ. Já, Fadir minn gódur! þér segid satt. Hrædslan setur manni fyrir siónír marga óttalega hluti, einkum á qvolldin þegar dymmt er, og madur sier ecki frá sér. Eins vard mér nýlega. Eg fór uppí gard um qvolldid í hálf-rocknu, og sá ad vid fióss-gabl-hladid stód eitthvad hvítt. Mér hitnadi ecki all-lítid um hiarta-ræturnar, en samt géck eg þángad. Og hvad var þad þá? Hvít reckiu-vod, sem hafdi verid breidd út til þerris.

F. Ad þér hitnadi, var af engu odru, enn hrædslu, af því þú hefir hugsad, ad þetta væri vofa eda eitthvad yfirnáttúrlegt. Yrdi því ákomid, ad born alldrei heyrdu neitt um vofur eda reimleika, mundu þau alldrei verda hrædd, helldur gánga hvort, sem þau villdu, eins í myrkrinu og á biortum degi. Segia skal eg þér frá, hvad hrædslan giorir ad verk-um hiá fólki. Hún stæckar alla hluti, og hræddum sýnist, sem þeir vissulega siái þá hluti, sem þeir einúngis siálfir ímynda sér. Þegar margir hræddir koma saman, og einn þeirra þykist siá vofu, siá allir hid sama, eins og sá eini lýsir fyrir þeim.

Eg var einusinni á ferd á nætur-tíma med morgum odrum, sem alla nóttina vóru ad tala um drauga, vofur og þesshättar sjónir. Eg og annar skynsamur madur giordum oss ómak fyrir ad telia þá af þessari trú, en þeir stódu því fastara á henni, og sogdust hafa sied það med þeirra egin augum. Þegar farid var nærst af baki til ad láta hestana gripa nidur, lagdi eg undir vid þennann mann, ad vid skylldum látast sjá eitthvad, og vita hvort hinir þættust ecki sjá sama. Þegar vid vórum komnir á bak aptur, og ridum í gégnum þyckann skóg, lét samferda-madur minn, sem sér yrdi bilt vid og sagdi: Æ! hvad er þarna! hvad stendur þarna? Hvar? hrópudu hinir adrir: þarna, þarna, á vinstri hond, svartur karl, og það ecki misg smávaxinn; það eru svo litlir á honum handleggirnir! Já, já, sagdi eg: þarna stendur hann, og bætti vid: en hvad glyrnurnar á honum tindra! Nú sáu hinir hann og. Einn sagdi: hann færist allt af nær og nær. Ridum vid hardara! og sídan útmáludu þeir hann enn þá afskræmislegri. Vid sogdum, ad vid skylldum ecki framar þræta fyrir reimleikann. Litlu sídar lét eg, sem eg hrycki saman í kudúng, bendti uppí loptid og sagdi: skodid teiknid, sem þarna lídur áfram. Hvada ofbods lángann hala dregur það eptir sér! sagdi stall-bródir minn. Strax þóttust allir sjá það sama og villdu sverja uppá ad það væri svo.

Nú

Nú mátti heyra marga fráſogu. Einn hafdi vid gálgann og á aftoku-ſtadnum ſied þá daudu ganga umkring med hofudid undir hendinni; annar hafdi ſied hrafna med glóandi neſium ſetiaſt á gálgann; og annad ſlíkt kérlínga-ſladur kom á góma.

Þegar vid vórum kommir í áfánga-ſtad, ſogdum vid þeſſum gódu mönnum, hvernin vid hefdum farid ad, ſvo þeir af reynſlunni mættu ſiá, hvad hræddſla og ímyndan orka kynni. Þeir urdu ad vidurkénnaſt, og þockudu ockur fyrir, ad vid hefdum þá ſannfært med þeſſu móti.

16. Um ſama efni.

Mundu þad vel, barn mitt, alla þína æfi, hvad hræddſlan giorir ad verkum. Allar reimleika-ſogur hafa ſinn uppruna annad-hvort af Þiófnadi, ellegar Svikum, ellegar olldúngis nátturlegum hlutum, ſem auka hræddſluna.

Ríkur Kaupmadur var í ſtórri borg nockurri, ſem hafdi til ſolu mikid af kaffei, ſikri og ódrum þeſs-háttar vorum. Í þeſſa Kaupmanns-húſi vard vart vid mikinn reim-leika á hverju qvølldi undir ſiálft lágnættid. Jafnvel þó allar dyr væru læſtar, géck vofan ſamt ígégnum allar ſtofur, ſali, búdir og kamers, og ſkéllti ſvo grídarlega ollum hurdum, ad hríngladi í gler-gluggunum. Í fyrſtunni, var

ein-

einhverr svo hugadur ad giæta ad, hvad þetta var; en þá menn sáu þar hrædilega háa mind í hvítum hiúp med svortu bandi yfir um sig, efadist enginn framar um, ad þetta væri Kaupmanns-konan, sem var nýdaud, og væri nú farin ad vitia aptur á fornar slódir, því litlu eptir ad búid var ad grafa hana, hafdi fyrst heyrst þessi ókyrrleiki. Kaupmadurinn var nockud hræddur og hiá-trúar-fullur og bannadi því ad grenslast framar eptir þessu; en á næturnar þegar leid undir mid-nættid, skipadi hann fyrst ollu fólki sínu ad koma inn til sín, og fara sídan ad hátta. Sjálfur læsti hann ad sér med lásum og slag-brondum, og saung marga Psálma á móti draugum og ill-um vættum.

Þ. O! Fadir minn gódur! hvernin fór svo?

F. Svo mikid bragd vard ad þessu, ad margt af vinnu-fólkinu géck úr vistinni, og gat ecki halldist vid fyrir reim-leikanum, sem alltaf fór í vext, svo ad þessi vofa kom ad vinnu-fólksins og Kaupmannsins egin dyrum og reyndi til ad liúka upp. Þegar þetta rýktadist, var Kaupmanninum rádid ad hann skylldi giæta vel ad, hvort allt hanns fólk væri heima, og hvorr í sínum stad. Já, sagdi hann, heima er þad, því eg læt þad allt koma inn til mín á hverju qvelldi, ádur enn reim-leikinn byriast. En er þá ogsvo hvorr og einn í sinn rúmi á næturnar? var sagt. Þad þordi hann ecki ad

vitia

vitia um, en allir vitnudu pad hvorr um annann. Pegar kluckan slá 12, edur um sialfst mid-nættid, hvarf jafnan pessi ókyrrleiki, og allt var med kyrrd.

Þ. Komst pad þá ecki upp, Fadir minn?

F. Pad vóru svik og þiófnadur eins og þú strax skallt fá ad heyra. Kaupmadurinn tók Krambúdar-svein, sem hafdi vída verid, penkti skynsamlega og hafdi eckert af myrkfælni ad segia. Pegar Kaupmadurinn tók hann í sína þénustu, sagdi hann honum undir eins: Strax sem lídur undir sialft lág-nættid, hlýtur þú ad gánga til sængur, því pad er nisgreimt hér í húsi. Hann þagdi, géck til sængur í ágvedinn tíma og heyrdi fyrstu nóttina med hægd uppá pennann reimleika. Daginn eptir skodadi hann, hvorninn húsum var háttad, tók sér liós-bera, vænt barebli og duglegann kadal, og hafdi petta hiá sér í kamersinu. Strax sem leid ad mid-nætti, byriudust ad vanda hurda-skellirnir, dynir og dýnkir, svo ollum reis hár á hofdi. En hann tók í hægdum liós-berann, kadalinn og bareblid, og géck sídan eptir vosunni. Hann hitti hana midt í stórum sal. Pegar hún sá hann, kom hún rétt á móti honum eins og skelfilegur óvættur. Hann virdti petta fyrir sér án allrar hrædslu, og sá, ad pad hafdi engar fætur, en stód á tré-stubbum. Bidur dálitid, hugsadi hann med sialfum sér, þig villdi eg finna.

sinna. Þegar hann nam stadar, stód þessi ófreskia og vid, því hún sá, ad madurinn var ó-deigur. En allt í einu, ádur enn hún varadi sig, hljóp krambúdar-sveinninn á hana og setti hana um koll med sama, svo hún dumpadi nidur midt í salnum eins og rúg-poki; og nú hljóp hann strax ofaná hana med bareblid. Vid hvort eitt hogg sam hann, ad hér mundi vera manneskia innani þessum umbúdum, en loksins fór þessi ókind ad skrækia aumkunarlega. Hvor ert þú? Þar kom eckert svar. Þá skal taka þér betur fram! og bareblid á hryggginn med sama. Æ! vægdu mér! æpti þar grát-klóklandi qvenn-manns-raust. Þegar hann reif frá andlitinu, sá hann ad þetta var Barn-fóstran. Hann tók í hárid á henni, og dró hana svo eptir sér ad kamers-dyrum húsbónda sins. Þegar þessi heyrdi þann ógnarlega hávada, hljódadi hann upp yfir sig og sagdi: Hvad villt þú hingad illur vættur! eg hefir ecki giort þér neitt illt! Liúkid þér upp, hrópadi krambúdar-sveinninn; þeckid þér ecki mál-róminn minn? Eg kém hér med allann reimleikann. Kaupmadurinn lauk upp, og kunni í fyrstu varla ad trúa sínum egin augum, þegar hann sá Barn-fóstruna hljódandi fyrir fótum sér. Nú kalladi krambúdar-sveinninn á allt fólkid, ad þad skylldi siá vofuna.

Þ. En til hvors hafdi hún giort þetta?

F. Skil-

F. Skilur þú það ecki enn? Hún medgéck nú strax, ad hún hefdi látid giora lykla, sem gengu ad ollum skrám, ad hún hefdi tekid uppá þessu, strax eptir ad húsmódir hennar var daud, til ad giora fólkid hrædt; ad hún hefdi giort hark í ollum húsunum til ad giora það myrk-fælid og skióta því skélk í bringu; ad hún hefdi gengid á tré-fótum, svo allir skylldu því helldur hugsa, ad það væri samarlegur draugur edur apturgánga. Þegar hún hefdi nú verid ordin olldúngis óhrædd um sig, hefdi hún farid í kram-búdina, og sókt sér þángad sikur, kaffe og þess-háttar.

Þ. Það var vel, það komst upp um hana.

F. En sierd þú nú ecki hér af, hvorsu skadleg ofmikil hrædsla er? Hefdi ecki Kram-búdar-sveinninn verid svo hug-hraustur, hvorsu miklu hefdi þá ecki þessi drós gétad stolid frá húsbónda sínum? og hvorsu lengi mun hún ecki þá hafa verid búin ad liggia á þessari list? Þetta var nú ein reim-leika-sagan, sem hafdi uppruna sinn af þiófnadi og svikum, og svo munu þær flestar.

17. Um sama efni.

Þ. Segid þér mér enn þá fleiri sögur.

F. Ó já, barn mitt! því eg helld þarmed hægast ad eyda hiá þér reim-leika-óttanum. Nú skal eg fyrst segia þér nockrar spaugslegar,

og

og sídan nockrar sorglegar, sem ecki fengu góð afdrif.

Glettinn vinnu-madur nockurr ætladi ad gisra vinnu-konurnar hræddar, af því ein af þeim sagdi, ad hún ecki hræddist nockurn hlut. Hann fór út um qvelldid, tók kott, og limdi med biki fiogur hnapp-hvolf undir lappirnar á honum. Sídan hleypti hann honum inní bæinn þegar háttad var. Þó má ei gleyma ad géta þess, ad hann batt blodru vid róuna fulla med baunum. Kotturinn gat ecki beitt klónum, og þessvegna hvorgi klyfrad upp, en datt jafn-ódt ofan aptur, þegar hann ætladi ad stockva einhvors-stadar uppá. Þú gétur nærri, hvada skrudníngur hefir ordid af þessu á loptum og fiala-gólfum, þegar kisa var ad klyfra upp og ofan hvorn stiga med hnapp-hvolsin undir loppunum. Pad var rétt eins ad heyra, eins og skafla-járnudum hestum væri ridid á ís, því á næturnar, þegar allt er kyrrt, heyrist allt tvofalldt betur, enn annars. Vinnu-konurnar svitnudu af ángisti milli reck-vodanna, og engin þordi ad líta upp edur gieta ad þessu. Um morgunin komst allt upp, og vinnu-madurinn fékk ávítur af húss-bændunum, sem komu þá heim úr veitslu, því illt er ad skélfa einfallt fólk og mis-brúka þess einfeldni.

Enn þá ladra sogu gét eg sagt þér, sem eg sialfur var ridinn vid, og hefir sannarlega vidborid. Eg var einusinni nætur-gestur hiá Presti.

Presti. Fyrir mér var um qvølldid qvartad yfir því, ad einn af þeim fyrri Prestum gengi þar um berstynilega; hann væri lítill, gráleitur madur med laungu skéggi og strítu-húfu, og ad Presturinn hefdi mikinn skada þar af í búskapnum. Rétt um sömu mundir géck mikid tal um útilegu-menn, um mord, um hús-brot og þiófnad. Þetta var rúmum 30 árum áður enn þú komst til. Vid vórum allt qvølldid ad tala um þessháttar hluti og fórum seint ad hátta. Eg vissi glorla hvornin húsa-kynnum var varid og svaf í stofu, á móts vid hvoria annur stærri var, í hvorri þurkad var mallt til øl-bruggunar. Túngls-ljós var gladt um nóttina. Eg lá í rúminu og hugsadi útí mina egin hagi; þad stód vid stofu-dyrnar, hvorium eg læsti ei og tvær hladnar pistólur láu á bordinu. Eg vissi ecki fyrri til, enn eg heyrdi gengid var uppeptir stiganum, sem var vétt fyrir utan stofu-dyrnar. Þegar eg vard var vid, ad þetta staldradi lítid vid hurdina, eins og þad væri ad leita fyrir sér eptir lokunni, settist eg upp og leit til dyrauna, því øl-biart var í stofunni af túngls-ljósinu. Í því sama dró þad upp lokuna í hurdinni; dyrnar lukust upp, og lítill grár madur med laungt skégg géck inn um dyrnar. Þann fyrsta skélk þá svo vid ber, gétur enginn varast, en samt má hann ecki verda svo frá sér numinn, ad hann ecki viti hvar hann er, eda hvad hann giprir. Eg vard mieg svo smeikur, því

fyrrverandi Presturinn flaug mér strax í hug, sem eptir lýsingunni var grár madur lítill. Þegar eg sansadi mig, kalladi eg: Hvorr er þar? hvad villt þú? og svo fór þetta út aptur. Hurdin fell aptur eptir því, en það darkadi til hinnar stofunnar, þrísti þar eins fast á lokuna, en hurdin var læst. Eg hugsadi út í þetta enn betur, en gat ei skilid, hvernin því var háttad. Sídan heyrdi eg til þess aptur vid stofu-dyr minar. Þá hvurfu frá mér allt í einu allir reimleika-þánkar, og hélt eg fyrir fullt og fast ad það mundi þiófur eda skélmir vera, sem hefdi fyrst viliad vita, hvort eg svæfi fast. Eg stock ofan úr rúminu eptir pistólunum og skaut annari út um gluggann, en med hina hlióp eg til dyranna. Þegar eg lauk upp, géttu nú til Þóra, hvad þar stód og hvad eg sá?

Þ. Þess fæ eg ecki gétid, Fadir minn! en eg undrast hvad þér vórud hugadir. Æ! hvad var það?

F. Svona diorf þarft þú líka ad vera, vilier þú ecki hrædast sérhvad eitt. Það var --- hlustadu nú vel eptir, það var ---- gamall Hafur, sem hafdi lædst inní bæinn um qvolldid, lángadi í malltid í hinni stofunni, en hafdi í fyrstu villst ad mínum stofu-dyrum. Hann var allt eins til ad sjá í túngls-liósinu og sá litli grái madur, er mér hafdi verid af sagt. Sagan er enn þá ecki til enda. Eg vard svo

illur,

illur, ad eg á sama augna-bliki greip í lurginn á honum, og kastadi honum um háls og hofud ofan stigann. Presturinn og kona hans sváfu skamt frá í odru húsi. Pegar þau heyrdu skotid, stucku þau upp og hlupu til dyranna, því þau hugsudu ad þiófar væru á ferd, en í því þau luku upp dyrunum, slaug Hafurinn kumrandi á móti þeim. Þeim brá miog vid, og hálft þorpid hlióp upp til handa og fóta, svo vid hofdum nóg ad giora, ad stilla upp-hlaupid, sem vard. Loksins skildust allir ad hlæandi af þessu drauga-tilfelli.

18. Um sama efni.

Þ. Fadir minn gódur! ecki eru þetta allar sögurnar, sem þér kunnid; segid þér mér enn þá eina.

F. Eun skal eg segia þér skritna sögu, af hvorri sjá má, ad ecki íminda menn sér ætíd, hvorsu undarlegt vid-ber, med náttúrlegu móti.

Fyrir nockrum árum sídan vóru tveir hesta-þiófar hengdir, skamt frá borg nockurri. Skömmu þareptir tók ad qvisast í borginni eitt qvsllð, ad þessir aumu syndarar væru ad beria hvorr annann í gálgaunum og hríngladi í hleckjunum á þeim. Í fyrstu skeyttu menn þessu ei; en þar komu nockrir fram, sem sveria villdu, ad þeir sjálfir hefdu heyrt þad og sied. Enginn gaf enn gaum ad því. Póstrinn, hvors leid ad lá rétt

fram hiá gálganum, og átti ad koma um náttmál, kom ecki fyrr enn um mid-nætti, og þegar Póstmeistarinn deildi á hann, sagdi Pósturinn, ad hann ecki gæti ad því giort, og ad hann ætladi ecki optar ad fara þennann veg, því fiandinn gengi aptur í gálganum; þeir vesælu syndarar berdust svo ad glamradi í hleckiunum; hestarnir hefdu fælst, og hlaupid med sig lánga leid af-vega; hann hefdi mátt þacka hamingiunni fyrir, ad hann hefdi ó-brotinn hálsinn. Hvorr veit, sagdi Póst-meistarinn, hvad þú hefir haft í hofdinu? þú hefir heyrt þetta sladur, og slokad svo í þig einn brennuvíns-pela, til ad herda upp hugann, sídan hefir þú keyrt á-fram hestana og látid þá fara, sem fætur gátu togad, og var þá ecki ad undra, þó þeir hlypu af-vega. Pósturinn stód þess fastara á því, ad hann hefdi verid olldúngis ódruckinn. Hann sagdist hafa stadid vid og horft á, hvornin kropparnir hefdu slengst saman; þá hefdu hestarnir farid ad frísa, ausa og hlaupa útí buskann. Póst-meistarinn hristi hofudid og sagdi: bíd þú vid, eg skal senda Vagn-meistarann med þér í nærsta sinn, og vita hvort þad fer ecki odruvís. Já, fari hann einn, sagdi Pósturinn, eg fer ecki med honum. Daginn eptir hlupu margir út og sogdu: ad þessir vesælu syndarar væru miklu rifnari enn ádur, og hárid flekti ógnarlegarr um hofudid á þeim, enn annars.

Þ. M.

Þ. Nú, Fadir minn! mér þykir gaman ad heyra enda-lokin.

F. Þósturinn og Vagn-meistarinn fóru þó bádir af stad, en sem þeir áttu um qvolldid ad koma í tækann tíma, fór nú enn verr enn ádur, því þá komu þeir ecki fyrr enn morguninn eptir; svo lángt hofdu þeir farid afvega. Póst-meistarinn hótadi ad beria þá, edur setia af, en bádir vitnudu med morgum eydum og blóti, eins og óvandad fólk á venin til, ad allteins hefdi farid, og kropparnir hrædilega barist saman, en hestarnir fælst og hlaupid í gonur. Umrædurnar um þetta urdu æ meiri og meiri í borginni, svo Póst-meistarinn hafdi ecki onnur rád, enn bidia um nockra Soldáta hiá stríds-vaktinni til ad grenslast eptir þessu. Einn Undir-offiséri med 6 monnum var útsendur qvolldid eptir. Þegar þeir í rockrinu komu nærri gálganum, sáu þeir strax ad kropparnir flugu hvorr á móti odrum og slóust saman, og heyrdu þar hiá þetta hliód: Ha! Ha! Þeim risu hár á hofdum, hlupu þeir burt og sogdu, hvad sáu. Annad qvolldid var sendur út einn Lieutenant (yfirmadur vid herinn) med 20 monnum og tveimur Undir-offiserum. Þegar þeir komu, var sami leikur hafinn. Hópurinn stód vid, og Offiserinn, sem var skynsamur og hughraustur madur, sagdi: Bídid hér, en eg ætla med Undir-offiserunum og odrum 6 monnum ad

gánga nær. Hann giordi það, og sá grant hvornin kroppurnir flengdust saman. En loksins sá hann, að digur svipa eður kaðall vafðist um kroppana, og heyrði nú líka keirishoggin; því hrópadi hann upp: Hvorr er þar? Undir eins hættu höggin, og þar kom eitthvað framfyrir gálgann. Strax sem Undirofficérarnir og stríds-menn hans sáu þetta, tóku þeir til fótanna. Hvornin sem Officérinn hrópadi og kallaði, gégndu þeir ecki. Hvað átti hann nú til að giora? Hann mátti sjálfur til að fylgia þeim, af því þeir yfirgáfu hann. Þegar hann leit við, hljóp einhvorr eptir honum með stóra stöung í hendi. Þá fór hann og að hlaupa. En sem Soldáta-hópurinn sá þetta, tók hann líka til fótanna, og nú hljóp hvorr, sem meira gat, heim til borgar; en hinn með stöungina í hendinni á eptir allt að borgar-hliðinu. Þá sáu menn loksins, að þetta raunar var maður. Hann var handtekinn og settur í fángelsi. Þegar farið var að yfirheyra hann, fengu menn að vita, að þetta var fátækur galinn Edal-madur þar úr nágrenninu, sem giordi sér í lund, að þessir þiófar hefðu stolið öllum hanns eigum, og géck vegna þess út á hvorin qvolldi, þegar dymmt var orðið til að hefnast á kroppum þeirra og beria þá í gálganum. Gatstu nú hugsað, að þessi saga mundi svona lykta?

19. Um

19. Um sama efni.

Þ. Nú er eg nærri því eckert hrædd framar, Fadir minn! Þess optar, sem þér segid mér vidlíkar sögur, hvar allt hefir skéd svo náttúrlega, hvorsu undarlegt og óttalegt, sem það syndist í fyrstu.

F. Það er og rétt, barn mitt! lærdu hér af, hvorsu mikid ad þá ridur á ad-giætni og skynsamlegri eptir-grenslan, og hvorsu nytsamlegt það er, ad læra í tíma ad þeckia verkanir náttúrlegra hluta, sem einfalldt og fávíst fólk á-lítur fyrir galdra edur reimleika.

Í Klaustri nockru vard vart vid hund med glóandi augum og loppum á gvolldin í krós-gaungunum. Skynsamur læknir passadi uppá þetta, og hafdi læst út-ganginum á baka til, en lét fremri inn-ganginn standa opinn. Þegar rockvadi, setti hann sig ad hurdar-baki vid fremri dyrnar og beid þar. Hundurinn kom og ætladi ad ganga sinn vana-veg út um bak-dyrnar. Hann hafdi virkilega og í raun réttri glóandi augu og lappir. Læknirinn læsti ad honum, og nádist svo hundurinn. Það er al-kunnugt, ad bædi hunda- og katta-augu lýsa í myrkrinu; Og þegar strokid er svortum kétti í myrkri fram á vid edur ofugt, hrockva út úr honum neistar edur glampi, þared nockurskonar smá-giort efni í hárunum bifast af því, hvort menn kalla electrískt edur raf-kraptad.

Þ. En hvad hafdi hundurinn á fótunum, ad þeir glóudu?

F. Þad var nockud sérlegt. Þad var hvít-leit glæta, sem loddi vid lappirnar og lýsti í myrkrinu, en strax, sem búid var ad þurka þetta af honum, þá hvarf allur glampinn í burtu; en þá var eptir ad uppgotva, hvada efni þetta var, og hvar hundurinn hafdi fengid þad. Hundurinn var lokadur inni til þess qvolldid eptir. Þá var honum hleypt út og fylgt á eptir. Hann rann þángad til hann kom ad kös mikilli af blautum fiski. Hundurinn lótadi í þessu. Þad sem loddi vid trínid og lappirnar af þessari slepiu, glóadi. Þegar hrært var í dyngiunni med staf, alóadi öll dyngian og stafurinn med. Því úldnir og slepiadir fiskar lýsa allt-eins í myrkrinu og maur-eldi. Svona vard nú komist fyrir enda á þessum reimleika.

Þ. O! þetta var mikid skrítid! mér þyk-ir gaman ad því.

F. Eg vil enn þá segia þér litla sogu, hvernin med ein-tómis náttúrlegum hlutum má skióta odrum skélk í bringu og pretta þá.

Í stóru þorpi nockru var einu-sinni skélm-ir, sem hafdi sitt ad-setur í audugu gésta-her-bergi. Hann komst ad því, ad dóttirinn í húsinu átti marga gimsteina og hmislega dýr-gripi inni í húsi sínu. Hann hafdi lykil, sem

géck

géck ad ollum skrám. Um nóttina af-klæddi hann sig, og tók med sér Phosphorum (log liós-berandi), sem svo er tilbúinn, ad hann skín í dymmu eins og liós. Hann makadi þarmed líkamann á sér, svo hann allur glóadi; géck sídan inní kamersid, þar sem stúlkan svaf, og stadnæmdist frammi fyrir henni al-glóandi. Hún gróf sig nidur í rúmid, og lá vid dauda af of-bods hrædslu. Á medan géck hann um kríng í húsinu, máladi daudra manna hofud og adrar óttalegar mindir á veggina, sem allar glóudu. Þegar hann hélt sig olldúngis óhultann, tók hann alla dýr-gripina og fór sinn veg. Morguninn eptir sáust prettirnir, og þegar qvolldadi, lýsti enn þá af mindunum, sem hann hafdi uppdregid á veggina. Svo audvelldt er ad stela frá þeim, sem trúa ollu um reimleika.

20. Um sama efni.

P. Fadir minn gódur! Enn þá bid eg ydur ad segia mér nockud: Hvad meinar fólk med því, ad á næturnar heyrist dýra-veidi í loptinu í stórum skógum, med hundum, veidimanna lúdrum og óttalegum óhlióduin?

F. Mesti parturinn af því er hrædsla og hugar-burdur. Nockurt hæfi er þó til þess, og skédur all-náttúrlega.

Madur, sem var á ferd, (mig minnir í Slesien) kom einu-sinni til vinar sins, sem var Amtmadur, og bió í náND vid stórann beikiskóg. Um qvolldid toludu peir um pessa dýraveidi og lopt-anda, sem med hrædilegum hávada færu yfir skóga og merkur. Amtmadurinn sagdi: eg veit sannarlega enn pá ecki hvad eg skal dæma um pann hlut. Eg er víst ecki hiátrúar-fullur, en pad, sem eg siálfur án hrædslu hefi heyrt og horft á med egin augum, gét eg ecki rekid mig úr vitni um. Pegar fer ad vora, eins og nú brádlega verdur, pá heyrast um mid-nætti, pegar kol-dymmt er, upp yfir skóginum óttalegar raustir: hú! hú! sem ecki eru kyrrar í einum stad, helldur dreifast vídar út. Menn siá og marga loga og ógnarlegar mindir ad sveima í loptinu. Petta varir fram undir dogun, og petta allt-saman hefi eg optar enn einu-sinni sied med egin augum. Ad-komumadurinn, sem peckti vel náttúruna, heyrdi á petta med undran, og bad vin sinn ad leysa sér ad rída út qvolldid eptir, svo hann gæti sied petta skodunar-spil. Giarnan, svaradi Amtmadurinn, og skulum vid rída nockru ádur til pess at velia ockur hentugann stad, par sem vid gétum verid. Peir giordu svo, og tóku sér stodu á háu felli, rétt vid endann á peim stóra skógi, og vóru út-búnir med nockrum gódum byssum. Pegar dymmt var ordid, heyrdu peir lángt í burtu í skóginum ein-staka raustir: úhú! úhú! og litlu sídar fleiri.

Síd-

Síðan sáu þeir medfram stórar myndir svartar líða í loptinu upp-yfir skóginum, frá hverium logar geisludu niður. Þar-eptir hófst nú al-giorlega hávadi, skrækir og ó-hljóð, allteins og á dýra-veidum, hvar ætíd er hrópad: hú! hú! hú! hú! Þessi flockur nálgadist og hestarnir fældust. Þeir létu leida þá ofan fyrir fellid. Amtmanninum fór ecki ad finnast til og villdi rída á burt. Eg bid ydur innilega, sagdi hinn gést-komni, bídid hér alldúngis óhræddir, og tók byssuna hanns. Þegar flockurinn kom yfir siallid, skaut hann í hópinn og þar féllu nockrar myndir niður, sem gáfu ógnarlegann loga frá sér. Ferda-madurinn géck þarad, sem þær láu, og velltust um á jordunni, skaut hann þær uppá nýtt med hinni byssunni og hvurfu þá logarnir. Síðan tók hann þetta upp. Hvad var það þá?

Þ. Það þykir mér gaman ad heyra.

S. Þú skallt strax fá ad vita það. Það vóru stórir fuglar. Þeir tóku þá med sér, og þegar birti, þeckti Náttúru-spekingurinn strax, ad þetta var sú stærsta tegund af Nátt-uglum, sem menn kalla Uhús. Augun í þeim eru eins og sná skér-bord, sem lýsa í myrkrinu, en gvakid þeirra er: úhú! úhú! En ad þær brúka þennann hávada og ferdalag á næturnar, kémur af því, ad hvotu fuglarnir ellta þá blaudu á vorin, þegar þeir vilia parast. Amtmadurinn lét um morguninn bláa til

til þings, og kalladi saman alla ná-búana. Hann syndi þeim fuglana og sagdi þeim frá ollu, ad ecki skyldu þeir framar fælast þessa dýra-veidi, sem þeim heyrdist á næturnar fara í gégnum loptid med ógnarlegum hávada og ell-glæringum.

21. Um sama efni.

Þ. Eg vildi eg væri ordin stærri, svo eg gæti lært vel ad þeckia náttúruna! Náttúran góda giorir mönnum svo mikid gott, og er svo marg-breytt, ef menn hefdu vit á henni. En, Fadir minn! Þér hafid lofad, ad segia mér enn þá nockrar sögur, sem ecki lyktudu vel.

F. Nockrir skálkar tóku sig einusinni saman til ad stela næpum úr kál-gardi, sem lá rétt vid kirkiu-gardinn. Einn af þeim hengdi utan um sig hvíta reckiu-vod og settist á eitt leidid í kirkiu-gardinum, svo ad hinir væru því óhultari, á medan þeir væru ad stela, því allir hlupu til baka, sem komu í kirkiu-gardinn vegna þessarar hvítu vofu. Þeim luckadist þetta nockur qvöld. Loksins kom þar skytta seint um qvöld, sem hélldt á byssu og sá þessa vofu. Hann stód vid, og hróp-adi þriár reisur: hvor þar væri? en af því þadan kom eckert svar, skaut hann í fæturn-ar á þeim, sem á leidinn sat, svo þeir urdu allir fullir af hoglum, mátti hann lengi liggia

í sár-

í sárum og út-standa megna qvol. Svona fer nú stundum, þegar þvílíkir narra-hættir eru brúkadir til ad gjora adra hrædda. Á medan allir eru hræddir, luckast þad, en þegar einhvorr óhræddur kémur í leikinn, lyktar þad sialdan vel.

Þannig fór þad og á vissum bæ um árid. Þar sátu nockrir vinnu-menn inní bad-stofu um qvolldid, og vóru ad tala um drauga. Einn af þeim, sem var adkomandi, hló ad hinum og sagdist ecki vera hræddur vid nockurn hlut í verolldinni. Hinir bendtu hvorr ödrum og gengu út ádur enn hann fór af stad. Þeir tóku nú rád sín saman, hvornin þeir skyldu fæla hann. Madurinn vard, þegar hann fór heim til sín, ad gánga fram hiá kúa-vokunum, sem vóru hiá stodu-vatni einu. Hiá vokunum, hofdu verid breiddar út blautar nauta-húdir med hornum og hala. Þeir tóku eina nauts-húdina, og lögdu hana yfir einn þeirra, svo ad hornin stódu rétt upp úr hofdinu og lagdist hann sidann nidur í þessum búníngi. Þegar ad-komni madurinn ætladi af stad heim til sín og var kominn ad vokunum, reis hinn upp í þéssum óttalega búníngi og géck á móti honum. Þessi vard svo hræddur, ad hann hlióp-adi upp-yfir sig, stock í of-bódi yfir vakirnar og úti vatnid. Grimmur hundur var á bænum; þegar hann sá þetta, stock hann úti vatnid eptir manninum, og beit hann á barkann.

Var

Var þetta ecki hryggilegt útfall á þessu upp-giorda drauga-glensi? Vörn ecki þessir óvondu gárúngar valldir þess, ad mann-sképnan fèck svo hormuleg af-drif?

Líka veit eg enn þá eina sögu um tvo menn, sem sátu lángt fram á nótt vid brennu-víns dryckiu á nærsta bæ. Annar þeirra hafdi átt í lángvarandi mála-söknum vid mann, sem var nýdaudur og grafinn sama dag. Þegar hann ætladi ad fara heim, lá leid hans um kirkiu-gardinn rétt fram hiá grof þess, sem hann hafdi átt í hoggi vid. Varadu þig, sagdi dryckiu-stallbródir hans, ad sá edur sá taki ecki í eyrun á þér, eda stockvi uppá bakid á þér, þegar þú gengur heim. Hinn, sem var ordinn hálf-fullur, grobbadi mikid af því, ad hann ecki væri hræddur. Dryckiu-nautur hanns fór af stad litlu ádur enn hann, og leyndist undir kirkiu-gardinum. Þegar hinn kom, læddist hann á eptir honum og stock uppá bakid á honum, svo hann mátti bera hann til sálu-hlidsins. Þar sleppti hann honum og gaf sig í liós. En allt um seinna, því hinn gagn-tók strax svo megn daudans hrædsla, ad hann dó sáni dögum sídar.

22. Forvitna barnid.

Það er ad sönnu gott ad vera forvitinn, og vilia vita mikid, en það er þó ecki gott þegar börn eru of-forvitin og vilia vita allt, sem þeim kemur eckert vid.

1.) Vegna

1.) Vegna þess, ad þad sómir ecki ad þau spyrie um alla hluti á-medan þau eru úng.

2.) Vegna þess, ad þeim er enn þá ecki hentugt ad vita allt, og margt hvad kynni ad skada þau, af því þau bera ei skyn á ad dæma um þad.

3.) Vegna þess, ad þau sá ecki enn þá skilid og gripid allt.

4.) Vegna þess, þad væri ecki viturlegt ad segia þeim allt, á-medan þau hafa ecki vit á, ad þegia um neitt, og opt af barnalegri einfeldni segia frá því, sem ecki á ad berast út, hvad margt illt kann af sér ad leida.

5.) Vegna þess, ad þau med forvitninni og þeirra morgu spurníngum verda ödrum hvumleid, og gefa sialf tæki-færi til ad skrokvad er ad þeim margri heimskunni, verda svo lokssins sialf ad ad-hlátri.

Vertu ecki ad hnísast eptir því, sem þig vardar ecki um, sagdi Fadirinn vid hana litlu Solveigu, sem var um of forvitin og villdi vita allt, sem adrir töludu.

Þegar einhverr kom, sem villdi tala vid hann Fodur hennar, og henni var skipad út á-medan, svo stód hún á hleri vid dyrnar eda giordi sér eitthvad til erindis inní stofuna, og létst hafa skilid eitthvad eptir. Hvad vardadi barnid um ad vita þad allt, sem Fadir hennar, sem var Embættis-madur, þurfti ad tala vid adra?

Einu-

Einusinni kom kona til Módur hennar, og qvartadi um, ad hún hefdi skipt ordum vid grann-konu sína, og verid at-yrdt af henni. Solveig villdi vita öll at-vik, og hvor ord hefdu farid á milli peirra. Var pad gagnlegt fyrir hana ad vita?

Í annad sinn vóru ókunnugir menn komnir og töludu yfir bordum um kaup-hondlun, siglingar og annad pesshättar. Sú forvitna Solveig taladi framm í á hvoriu augnabliki, og spurdi ad öllu, svo annar madurinn vard opt ad pegia, fyrtist og sagdi: Pad er ecki fallegt, stúlka litla! ad born tali allt af framm í, pegar fullordid og skynsamt fólk er ad tala saman. Leiktu pér ad brúdunum pínum; pú skilur pad ecki, sem vid erum ad tala um. Pá rodnadi Solveig og sneiptist.

Eitt qvölld kom madur inn til haus Fodur hennar og bar eitthvad undir kápunni. Fadirinn géck einsamall med honum inní stofu og læsti aptur. Stundar-korni sídar fór madurinn burt aptur. Solveigu lá vid ad springa af forvitni; hún spurdi meir enn tíu-sinnum: Hvad var pad, sem madurinn kom med í qvölld? Hún fécк ecki annad enn snuprur og var skipad ad pegia. Sídan var hún einusinni í stofunni hiá Forelldrum sínum, sem vóru ad tala um petta, og tóku ecki eptir, ad hún var vid. Pá sagdi Fadirinn: Mér pykir vænt um pad, ad madurinn færdi mér

aptur

aptur þá 100rdl., sem eg hugsadi eg mundi alldrei fá aptur. Solveig lét eckert á sér merkia, ad hún hefdi heyrt þetta. Hún hljóp strax inní badstofu til vinnufólksins, og sagdi med mestu gledi: Nú veit eg hvad madurinn kom med í gærqvøldi undir kápunni. Hann færdi honum Fodur mínum 100rdli, sem hann strax lagdi í Skatholid sitt. Eg átti ecki ad vita þad. hæ! hæ! nú veit eg þad samt. Skál yckur! Nú kaupir hann Fadir minn handa mér nýtt fat og silki-klút. Strax sem einn af vinnu-monnunum heyrdi þetta, hugsadi hann sér rád til ad komast yfir peningana. Morguninn eptir var búid ad bríóta upp skatholid, en vinnu-madurinn og peningarnir vóru horfnir. Þad er ecki rádlegt ad láta bern vita allt. Hvorsu mikinn skada giordi Solveig med forvitni sinni og sladri!

Forvitid fólk er mjog trú-giarnt. Allteins fór líka fyrir Solveigu. Hún var í badstofunni, hvar tveir qvennmenn vóru ad tala hljód-skraf sín á milli. O! hvad hún pindi fólkid til ad segia sér hvad þær hefdu talad. Margrét sagdi: ad Katrín hefdi hvíslad nockru ad sér í trúnadi, en hún mætti ei láta nockurn mann vita þad. Þá vard hún þess forvitnari, og hélt áfram ad spyria og bidia: Æ! Margrét mín gód! segdu mér þad, fyrst eg bid þig svo vel! Eg skal ecki láta nockurn mann vita þad. Þegar Margrét

átti sér 'ecki lengur frid, hvísladi hún loksins yfrid hliódlega ad henni: Hún Katrín fann í giærqvolldi stórann fé-siód í rúminu sínu. Æ! hvad var ßad? spurdi Solveig med enn meiri forvitni. Æ! segdu mér ßad! SSad ßori eg ecki, sagdi Margrét, en blessud vertu, segdu ßad ecki nockrum manni. Strax á eptir vissu oll hin bornin ßad.

Um qvolldid yfir bordum sagdi Fadirinn vid Solveigu: Hvorninn situr ßú, eins og ßig dreymi? Æ! Fadir minn gódur! eg gét ecki ßagad yfir ßvi. Hún Katrín fann í giærqvolldi stórann fé-siód í rúminu sínu. Fadirinn vard strax áskynia um, ad ßessu hafdi verid ad henni skrokvad vegna hennar forvitni. Hann géck út, taladi vid Katrínu, kom inn aptur og sagdi: SSad er ßó satt. Vid skulum ganga ßángad og siá ßennann fé-siód. Katrín géck á undan med liós, en oll bornin og Fadirinn á eptir. SSegar búid var ad liúka upp húsinu, gat Solveig ecki setid á forvitni sinni, hún var sú fyrsta, sem hlióp ad rúminu og gægdist inn. SSá skélldu allir upp yfir sig af hlátri. Kotturin hafdi lagt í rúmid, og ßar láu 5 smá-kétlingar. Solveig var eins og dottin í stafi. Siádú nú, sagdi Fadirinn, ßetta var mátulegt fyrir ßig! Vertu ecki svo forvitin í annad sinn, og spurdú ecki um hvoria eina smámuni. En hvad dátt var hlegid ad Solveigu fyrir ßetta, má nærri géta.

23. Born, sem fælast allt.

Æ! Helga! eg vard ofur hræddur, sagdi Freysteinn. Af hverju? svaradi hún. Af mús, sem hlióp yfir hondina á mér. Pad veit eg, sagdi Helga, hvernin gétur þú verid hræddur vid svo meinlausa sképnu, sem engum gierir neitt illt. Eg er eckert hrædd vid hana; eg gét tekid á henni, strokid henni og tekid hana upp á halanum, en sé hún lifandi, vara eg mig ad hún biti mig ecki. Hvernin fer þú ad því ad hrædast hana ecki? mig hryllir vid henni, sagdi Freysteinn. Hann Fadir minn hefir kennt mér þad, sagdi Helga, hann lét mig taka á volskum og músum strax, sem eg var tvævetur, og hafdi ecki vit á ad hrædast þad. Hann gierdi þad sialfur á undan, og svo gierdi eg þad á eptir. Pegar eg elldtist, þordi enginn ad hlióda upp edur láta á sér sia nockra hrædslu, þó hann sæi volsku edur mús. Því þar af kémur hrædslan í ockur, þegar annadhvort Fadir, Módir eda vinnu-fólkid lætur eins og húsid sé ad brenna, þegar þad sier þó svo litid. Pegar vid bornin veniumst þessu á medan vid hofum ecki betur vit á, verdur hrædslan ad annari náttúru. Já, Helga, þad er satt, eg er mest hræddur af því, ad hún fóstra mín hliódadi svo hrædilega upp yfir sig, þegar hún sá mús, ad eg hrock saman í kúdúng. Sidan bendti hún til músarinnar og sagdi: æ! hvad

hún er liót og eytrud ókindin sú, og hlióp jafnvel med mig út úr badstofunni. Nú ætla eg ad reyna, hvort eg gét ecki lagt af pessa hrædslu, fyrst pú gétur tekid á halanum á henni; - en er hann ecki eytradur? Nei, Freysteinn litli! Pad er hann ecki, sagdi Helga; fólkid segir pad, af pví pad veit ecki betur, hann Fadir minn hefir sagt mér allt annad. Hann er allur fullur af broddum og hárum, einkum á volskunum. Eg hefi einusinni sied húd af halа peirra í gégnum stæckunar-glerid hans Fodur míns. Broddarnir vóru stórir eins og gaddar. Volskurnar brúka pá, pegar pær klifra upp ámóti; pess vegna géta pær gengid upp-eptir, pó pad sé alldrei svo brattur veggur eda pil. Pær hafa pá halann á milli fótanna upp á móts vid hofudid, stinga svo broddunum inní veggínn, og géta med pvi móti halldid sér fostum. Petta hef eg eptir honum Fodur minum; er pad ecki skrýtid? Jú vissulega, sagdi Freysteinn, nú helld eg verdi ecki hédan af hræddur vid pær. En eg hleyp ætíd lángt í burtu pegar eg sie kóngulóna; eg hefi heyrt hún sé svo eytrud. Nei, svarade Helga, ecki er hún pad helldur. Hún er ecke svo liót, sem pú hugsar. Nockrar af peim hafa fallegasta lit, og eg stend opt heilum stundum vid kóngulóar-vefina og kasta flugum í pá. Svo kémur kóngulóin eins og sending og sveipar prádunum sínum utan um fluguna, eins og pegar verid er ad reifa hana

litlu

litlu systir þína. Síðan dregur hún þær inní tiálldið sitt og sýgur þar úr þeim vökvann; það er skrítið að sjá það. Þú þarft ecki að vera hræddur við þær, eg gét líka tekið á þeim.

24. Straffada of-dirfskan.

Það er sagt um þá, sem færast meira í fáng, enn þeir géta afkastað, að þeir séu fibl-diarfir, og fær það opt slæmann enda; því sá, sem géfur sig í hættuna, fyrir-ferst opt í henni.

Já, Faðir minn! þér segið það meir enn satt, sagði Gróa, hann Þórður er hrædilega diarfur. Hann klifrar í biorg og kletta og gengur fram á hvorja snös, hvorsu tæpt, sem það er; eg þoli ónd fyrir hann, þegar eg sie til hans.

F. Þegar annað-hvort börn eða fullvörðnir eru of-diarfir, hugsa þeir ei til þess, sem af því má leidast. Því eru afdrifin optast-nær sorgleg, eður eins og menn plaga að segia: Of-dirfskan slær sinn eginn Herra um hálsinn. Þar uppá vil eg segia þér nockrar dæmi-sögur.

Einusinni vóru nockrir fibl-diarfir menn; eg man ecki gloggt hvar það var, þó trúi eg það væri í Englandi. Hvor af þeim villdi ætíð gióra meir, enn hinn. Lags-madur! sagði einn af þeim, villtu slá ved: eg skal í qvöld ganga einn inní kirkiuna, í stóru hvelfinguna, þar sem lík-kistunar standa, og til merkis, að

eg hefi komid þángad, skal eg reka naglann, sem eg held á, í lík-kistuna, sem stendur fremst vid stigann. Hinn annar vediadi líka. Síd-an gengu þeir til Hríngiarans og fengu hiá honum lykilinn. Sá fyrri tók sér liós-bera, hamar og naglann. Þegar hann kom í hvelf-inguna, þar sem líkinn stódu, rak hann nagl-ann í eina lík-kistuna. Hinir bidu hanns hiá Hríngiaranum í lángann tíma, en hann kom ecki. Þegar þeim var farid ad leidast, fóru þeir ad vitia um hann, og lá hann þá, sem daudur hiá lík-kistunni. Þegar þeir ætludu ad taka hann upp, fundu þeir, ad hann hafdi af ó-adgiætni negt lafid á kiólnum sínum fast med naglanum, og þegar hann ætladi ad gánga burt, hélt hann fastur. Hann hugsadi, ad þad væri sá daudi, sem héldi í hann, af þessu vard hann svo ákaflega hræddur, ad blódid storkn-adi og hann fell í ómegin. Þegar þeir færdu hann aptur í kiæku og hann raknadi vid, med-kendi hann, ad þetta hefdi þannig tilborid. Med svo náttúrlegu og lítil-siórlegu atviki straff-adist hans of-dirfska. Hvada erindi hafdi hann um nóttina til Þeirra framlidnu? Þeir daudu kunnu ad sonnu ecki ad giora honum neitt, en hann var þó sialfur fullur af heimuglegum ótta og hrædslu. Þar þurfti ecki utan lítid atvik ad bera á milli, svo var hann daudur, eins og hér skédi.

Adra

Adra sogu veit eg, sem er enn þá sorglegri. Við há-skóla nockurn var borgara-hús miog illa ryktad fyrir reimleika. Vofan kom ætíd í visst hús út úr vegg, var sien af morgum, géck um allt húsíd og lét siá sig hmist í einni eda annari á-synd. Allir Stúdentarnir fluttu sig burt, hvarvid húsbóndinn leid stór-skada, hlaut siálfur ad lyktum ad yfirgéfa húsíd og láta þad standa í eydi. Þetta kom fyrir yfirvalldid, og þá var lofad stórum laumum, ef nockurr villdi verda til ad grenslast eptir þessu. Loksins gaf sig til Stúdent nockurr, sem sagdi: Eg skal giora þetta, þó med þeim skilmála, ad mér sé leyft ad skióta og stínga, og mér sé komid til hiálpar, þegar eg kalla edur hleypi byssu af, og þó þar verdi nockur ólucka af, vil eg samt vera sikn-saka. Honum var lofad þessu. Hann géck þess vegna um qvolldid inní húsíd, en í nærsta húsi vóru nockrir menn á vakt. Hann setti sig í kamersíd, rétt á móti þeim vegg, hvadan vofan var von ad koma. Veggurinn var tialdadur. Á bordid vid hlidina á sér lagdi hann nakinn korda, tvær vel hladnar pistólur, ásamt tveimur liósum og eld-færum. Hann drack sér gódann slurk af víni, og var vel frískur. Um mid-nætti heyrdi hann hark í veggnum. Allt í einu opnadist tialldid, sem héck á veggnum, og þar géck fram ná-fol mind med laungu skéggi í hvítum hiúp. Strax skaut hann af annari pistólunni á hana. Kúlann skrikadi út af og flaug til sídu. Þá

þókti honum komid í verri vændirnar, samt horfadi vofan nockud tilbaka. Biddú dálitid, sagdi hann, ertú svona á þig komin? Hann hljóp til og pikkadi kordanum í hana. Lokkins fann hann miúkt fyrir. Þar rak hann kordann inn, og strax datt þessi likneskia á gólfid og blódid rann eins og ár-straumur. Strax, sem skotid var, kom vaktin frá nábúans húsi og sá vofuna liggiandi í sínu blódi. Hrædslan hvarf, og þegar þetta var afklædt, þá var það Gydingur, sem hafdi bryniad sig allavega, og þess vegna hafdi kúlan ecki unnid á honum. Þessi vondsku madur hafdi viliad kaupa húsid, og til ad fá það med þess betra verdi, giort þennann reimleika í því, en mátti borga of-dirfskuna med lífinu.

25. Þverlynda barnid.

Börnin géta ecki giort sig leidari og verr þockud med nockrum hlut, enn med Þverlyndi. Og hvad giorir born þverlynd? Hvad annad enn það, þegar þau frá blautu barns-beini hafa verid látin sialfrád og allt látid eptir þeim? Beri það einhvorn-tíma vid, ad þau ecki megi fá sinn vilia, er það ó-fagurt ad sia, hvornin þverlyndt barn lætur. Það stappar med fótunum, rífur med höndunum, umhverfir í sér augunum, það orgar, trássar og afmindast, svo þeir, sem vid eru, géta ecki á það horft og hlaupa burt. Sum láta eins og ólmir hundar, sem binda verdur. Það

Pad er strax hægt ad sia á úng-bornum, sem enn þá eru ecki árs-gomul, ad þau verda þverlyn:d, ef eitthvad fer ecki eptir þeirra vild. Barnfóstran stendur, til dæmis, med þau vid spegil, liós edur annad fallegt, sem þau vilia horfa á; hún snýr sér vid og ætlar ad gánga burt. Barnid vill ecki burt þadan. Pad sperrist á móti, sem þad kann, og hliódar. Gángi hún þá aptur med þad þángad, sem þad vill vera, huggast þad aptur. Þess vegna er betsta medalid vid þverlyndi, ad láta ecki allt eptir bornum á þeim alldri. Vilie þau þángad, er betst strax ad snúa vid aptur; fá þau opt ýmsum til ad hallda á, svo þau ecki séu ætíd hiá sama. Og þegar þau eru tvævetur eda þrévetur, á í ollum hlutum ad heimta af þeim vidstodulausa hlýdni, án þess þau þori ad spyria: hvar fyrir? þeim má vera þad nóg: Hann Fadir þinn, hún Módir þín vill hafa þad svo. Ef þau taka fyrir sig, ad vera einþyck í nockru, má af og frá láta undan þeim, hvorsu hægt, sem þad væri, einúngis af því þau heimta þad; þá munu þau brádlega veniast á hlýdni og fyrirlátsemi. Þegar þau vitkast, sia þau sialf, hvorsu gott þad er og hvorsu vel menn hafa viliad þeim. Þau vita eckert af einþyckni ad segia, og þegar þau seinna sia þverlyndt barn, er sú sión þeim vidbiódsleg. Þetta er hid betsta medal til ad koma í veg fyrir ein-þyckni; en láti menn þau veniast á

Það til þrídia eður fiórda árs, verður það varla útmálað, hvaða skap-ráun þau þar með giora Forelldrum sínum opt og tíðum, hellst þegar ókunnugir eru nærri; því þá eru þau giarnan einþyckust, þegar þau vita, að Forelldrarnir láta undan, og þau með sínu þverlyndi géta fengið allt.

Eckert siest svívirdilegra, enn þverlyndt barn. Eg var nýlega gést-komandi hiá vissum Herra-manni. Hann átti dóttur 5 eda 6 ára gamla. Fyrir mál-tíðina hafði hún alla ósídseini í frammi, hond á hnífum og skér-bordum og rugladi því, sem búið var að leggia á bordid. Láttú það kyrt, sagði sú allt of eptirlátsama Módir. Samt lét Vigdís þá enn verr, svo Módirin neyddist til að slá á fingurnar á henni. Hún fór nú að snogta. Farþú út, sagði Módirin; nei! eg skal ecki, eg skal víst ecki. Hún stappadi med fótunum, og þegar módirin tók í hond hennar og ætladi að leida hana út, hlióp hún á bak við kakalofnin og orgadi herfilega. Módirin gaf hana frá sér og géck út til sinna erinda. Þá hætti Vigdís, kom fram á gólfid og sýndist vera öll önnur, rétt eins og hún hefði einúngis giort þetta til stríds við módur sína. Hvad virdist og hvornin líkar yckur þessi hegdan? Þid hlýdnu og audsveipu born!

Maturinn var borinn inn, og að því komid að setiast, en Vigdís átti að sitia við auka-

borð

borð til hliðar, þar ecki var rúm við há-borð-ið. Þiónustu-stúlkan átti að festa pentu-dúk-inn framan á hana. Þá mátti sjá ó-fagurt uppstand. Hún reif hann úr höndunum á stúlkunni, kastadi honum á gólfið og trappadi hann undir fótunum. Vigdís litla! sagdi móð-irin, vertú gott barn, þú skallt fá af öllu; þú sier nú, að þú gétur ecki komist fyrir við borðið! Nei, eg vil ecki sitia hérna, eg vil vera við borðið, sagdi Vigdís. O! vertú ecki svona einþyck! Hvað helldurðú að ó-kunn-ugu mennirnir hugsi? sagdi módirin. Já, þeir hugsudu og margt. Vegna þessarar illa vondu stúlku, máttu allir borð-géstirnir bída meir enn hálfa klukkustund. Þegar Vigdís átti nú loks að setiast við litla borðið, hratt hún því um koll af illsku. Módirin rodnadi, og sagdi: Mis-virðið ei, gódir vinir! þetta er dá-lítið einþyckt dýr, hún hefur farið helldur snemma á fætur í morgun, og þá er ecki að búast við odru. Nú — kom þú þá hérna, við skulum færa ockur saman. Þetta var giort. En hvað Vigdís giordi til við litla borðið, það helld eg muni alla mína daga. Helldur vil eg vera hiá Tyrkium og Heidingium enn odru eins barni. Hvada raun og kinn-roða mega ecki eptirlátsamir Forelldrar hafa af ein-þyckni því-líks barns! og hvorsu illa þockad giorir sig það ecki hiá ollum monnum.

Þid þverlyndu börn! halldid þid þá ecki, ad þid skéminid hérmed heilsu yckar? Þóra villdi med engu móti láta adra stúlku af-klæda sig, þegar hún fóstra hennar var ecki vidlátin. Þegar Forelldrarnir komust ad þessu, létu þeir ecki af-klæda hana, helldur mátti hún alla nóttina sitia í fotunum, og hátta ecki. Þaraf hliódadi hún svo mikid og vard svo reid, ad henni vard illt. Þetta hafdi hún fyrir þverlyndid. Hin börnin þar á móti létu af-klæda sig og sváfu vært. Hvort er nú betra, ad vera þriótur og ein-þyckur, ellegar hlýdinn og eptirlátur?

Það besta medal til ad bríóta þverlyndi er, ad giora það ecki, sem börnin heimta. En þará mega Forelldrar brúka, jafnadar-géd, og það jafnvel þó börnin séu veik; annars verda þau því keipóttari á eptir, þegar þau eru heilbrigd ordin.

26. Hvada gagn se ad gódu uppeldi.

Hvada gagn gott uppeldi med sér færi, syna best illa uppalin börn.

Vænn, ærlegur bónda-drengur nockurr, ad nafni Marteinn, kom nýlega med fodur sínum í fyrsta sinn heim á stór-bæ; hann var 10 vetra. Fadirinn tók hann med sér inní stofu húsbónda síns, á medan hann var ad borga landskulldina, hvar ed vóru fyrir morg

vel

vel upp=alin born. Pegar hann kom inní stofuna, géck Freysteinn allt í kringum hann, skodadi hann í krók og í kring eins og vanskopun. "Hvadan ert þú?" Utan frá sió, var svarid. "Hvad heitir þú þá?" Je=e je=e heiti Matteinn. Þá hló Freysteinn upp yfir sig og kalladi á hin bornin: "Komid þid, komid "þid fliótt, ef þid vilied siá nockud." Hvad er þad? sagdi Anna. "Þad er nockud skryt="id; þid skulud fá nockud ad brosa ad." Þau hvestu augun, þegar þau komu inní stofuna. Bónda=drengurinn sat þar eins og merki=kerti og góndi í allar áttir, því honum var allt nýstárlegt, sem hann sá: stóri spegillinn, stofu figur=verkid og annad þeßhättar. Bornin skodudu hann á alla kanta og spurdu hann ad ótal spurningum, sem hann ecki skildi. Módir þeirra gaf honum hveiti=brauds=koku; hann bruddi hana eins og seppi nagar bein, og snorladi svo mikid í nosunum á honum á medan, ad þad heyrdist um alla stofuna. Hann þurkadi sér fyrir nefinu á erminni sinni, snýtti sér med fingrunum og kastadi hornum eptir endi=langu gólfinu. Þegar honum var bodin önnur braud=kaka til, sagdi hann: je gét ecki jeti mei. Þá velltúst bornin um af hlátri. Hann fyrtist og at=yrdti þau; þá hlóu þau enn hærra; en Fadir drengsins sagdi: Já, þad er svona hiá ockur, vid kunnum ecki ad ala upp ockar born betur enn svona. Freysteinn sókti bók og lét drenginn fara ad lesa;

en

en hann þeckti ad eins einstoku staf. Leikurinn tók ad grána uppá síd-kastid, svo Fadirinn vard ad skipa sínum bornum út úr stofunni.

Þegar Marteinn var íburtu, lét Fadirinn bornin koma aptur inn, og sagdi: Var þad rétt fyrir yckur ad hlæa svo ad vesælings drengnum? Hvad gétur hann ad því giort, þó hann sé svo illa uppalinn? Forelldrar hans kunna þad ecki betur. Ef þid værud fædd af odrum eins búra, þá værud þid vidlík búra-born og þá værir þú Freysteinn rétt eins og hann Marteinn, sem þú hlóst ad. Hlæ þú alldrei optar ad nockru aulalegu bónda-barni. Þid egid framar ad hafa med-aumkan med slíkum, helldur enn ad spotta þau, sem ecki hæfir; en miklu framar vinna til þess bornin, sem nióta góds uppeldis og tilsagnar, en eru þar hiá lot, kartin og ó-sídsom, edur færa litla edur enga ávexti af gódu uppeldi. Margt eitt bónda-barn hefir betra hiarta-lag og er hlýdnara Forelldrum sínum, helldur enn morg hvor fyrirmanna born. Ef ad vid módir yckar dæum brádlega og þid ættud ad fara til annarra, hvad mundi þá verda úr yckur? Þid vitid, ad eg eptir-skil yckur ecki mikla fé-muni, því eg kosta ollu þar til, ad uppala yckur vel. Hvornin færi þá fyrir yckur? Mundud þid ecki likiast Marteini?

Vel uppalin born mega alldrei spotta edur vanvirda illa vanin born, helldur med

því

því meira þacklæti læra þaraf að þekkia, hvorsu ó-metanlegt sé gott uppeldi.

27. Um sama efni.

Hvað giordu nú börnin til, þegar þau heyrdu þetta af Fodur sínum? Þau komust svo við af því, að þau hlupu um hálsinn á honum og þeckudu honum hiartanlega fyrir allt gott. Já, Þóra vikuadi svo miog, að hún villdi hlaupa eptir Marteini og bidia hann forláts. Um qvolldid, eptir máltíd, vard aptur til-rædt um Martein. Fadirinn settist í stólinn sinn, og börnin sofnudust utan að honum, af því þau sáu, að hann ætladi að segia þeim eitthvad.

Börn! sagdi Fadirinn, eg skal segia yckur skritna sögu um tvær litlar Villi-stúlkur, svo að þid framar skynied, að gott uppeldi er hinn mesti velgiörningur.

Nú hlustudu börnin vel til, þegar þau heyrdu nefndar villi-stúlkur.

Einusinni var Adal-madur nockur á Frackalandi. Þessi Adal-madur var á dýra-veidum hiá elfu nockurri, og sá langt burt í reirnum tvennt svart að kafa í vatninu. Hann skaut þángad; en strax steypti þetta sér nidur í vatnid, en kom þó upp aptur hinumegin. Hann hugsadi að þetta væru einhverjar vatna-andir. En hvorsu brá honum við, þegar hann

hann sá, ad þetta labbadi uppá eirlna! Hann faldi sig í vidar-runna og læddist nær. Þá sá hann, ad þad vóru tvær villi-stúlkur, hérum 10 vetra. Bádar þessar villtu stúlkur kunnu líka sund, sem fiskar. Á eirunum vid ána átu þær fiskana, sem þær nádu. Þær hofdu svart hrockid hár á hofdinu, og vóru líka alsvartar til ad siá af módu og líki. Stundum gáfu þær skiært hljód af sér eins og sund-fuglar.

Gátu þær þá ecki talad? sagdi Freysteinn.

Þú skalt seinna fá ad heyra þad; taktu einasta eptir því, sem eg segi frá.

Þad kom képpni í þær út af fiskunum. Önnur sló hina med stuttri og digurri kylfu á hondina, en þessi sló hina aptur med sinni kylfu rétt framan á ennid, svo blódid lagadi og hún datt til jardar. Þegar hin sá þad, mun hún hafa sied eptir, því hún hljóp med skyndi í vatnid, sókti froskur, reif hýdid af þeim, og lagdi á sárid til ad stilla blód-rásina. Sú fallna raknadi vid, og fór aptur úti vatnid, en hin til Þorps, sem þar var í nánd.

En þetta er nóg um sinn. Gud gefi yckur gódar nætur! Annad qvelld skal eg segia yckur þad, sem eptir er. Börnin vildu fegin heyra meira; en Fadirinn sagdi: Þid hafid í qvelld heyrt nóg til ad hugsa um, hvort þid egid betra enn þessar tvær vesælings stúlkur.

28. Um sama efni.

Dvolldid eptir, þegar leid á máltíd, fóru bornin ad líta til Fodur sins, hvort hann mundi ecki brádum standa frá bordum, og fannst þeim nú hvort litid tíma-bil lángt. Loksins heyrdu þau þá gledilegu skipun: Standid frá bordum! Þá flyktust oll bornin í kringum Fodurinn, og báru hann nærri því í stólinn, sem hann var vanur ad sitia í.

Eg hætti þar vid, sagdi hann, þegar onnur stúlkan fór til þorps, sem þar var í nánd. Undir eins og fólkid sá hana, hugsadi það, ad þetta væri vofa, og sigudu stórum hundi á hana. Þegar hann kom nærri henni, slá hún framan á hausinn á honum med kylfunni, svo hann datt í rot. Sídan hlióp hún aptur úr þorpinu til árinnar, og klifradi upp í hátt tré á ár-backanum. Strax vóru vardmenn settir í kringum það, og morguninn eptir, þegar húngrid rak hana ofan, var hún tekin til fánga. Sex sterkir karlmenn hofdu nóg med ad ráda vid hana og binda. Það var ecki apa-kottur, helldur sannarleg mannesk̃ia. Medan hún var bundin, vældi hún likast úlfi í skógi. Hún lá í bondum nær því 6 daga og var allt af ad rita med siálfri sér. Þegar menn hélldu ad húngrid mundi hafa tamid hana, var hún leyst og vísad á nockud ad eta. Hún reif það gráduglega í sig, en

kastadi því upp aptur, því það var volgt og soðið. Síðan vóru henni aptur gefnir hráir fiskar; þeir féllu henni vel og varð gott af. Það er sagt, að hún hafi sloppið aptur og hlaupið burt.

Með engu móti hefir orðið komist eptir, hvernin bádar þessar stúlkur hafi komist í þetta eyði-pláts. Þó mun það hafa skéð snemma á þeirra barns-alldri, fyrst þær vóru svo villtar. Þær vantadi mál-færi, skynsemi og allt, af því þær hefdu alldrei heyrt manna-mál; þær vóru þess vegna ecki annad, enn dýr með mannlegri skapan.

Hvad segið þið nú til, kiæru börn! hvad hugsið þið eptir þessa frásögu? Eg gef yckur tóm til annars qvölldz ad hugsa úti hana, þá skulum við talast við aptur.

29. Um sama efni.

Fad. Hvad heldur þú Sigríður? þú ert nú 10 vetra. Mundir þú hafa viliad gefa þig í leik við þessar villtu stúlkur?

Sigr. Eg skélf og titra, Fadir minn góður! þegar eg einúngis hugsa til vatnsins, til fiskanna, til stóra hundsins, eda ef eg skyldi vera eina nótt nakin á víðavángi uppi háu tré. Mig hryllir upp ad hugsa til þess.

Freyst.

Freyst. Já, þig hryllir upp eins og hiartkiæla kú, þegar hún kémur úti kulda úr fióshitanum. Það skyldi eg hafa þolað.

Fað. Skoðið kappann! nú, við þig vil eg tala. Freysteinn! mundi ecki hafa orðið nedarlega í þér hiartað, þegar stóri hundurinn kom, eða þú hefðir átt að tolta ofan í vatnið? en þú skallt nú samt segia ockur, hvað þessar fiórmiklu stúlkur høfðu fram-yfir yckur --- og hvað þið hafið fram-yfir þær.

Freyst. Það skal eg strax segia ydur. Þær gátu gengið naktar, borðað hráann fisk, syndt í dýpsta vatni, legið dag og nótt undir berum himni, klifrað uppí þau hærstu tré eins og kettir, þolað frost og kullda og allt; þær hræddust eckert og rotuðu stóra hundinn. Allt þetta gét eg ecki, já, ecki neitt af því, það medkénni eg.

Fað. Þú hefir hitt vel uppá Freysteinn! dá-vel. Það er satt. Allt þetta høfðu þessar villi-stúlkur fram yfir yckur; en af hvoriu kom það?

Sigr. Veitstú það ecki Freysteinn? Það kom af því, að þær frá blautu barns-beini høfðu verið í þessu eydi-plátsi; Þær urðu að vera sér úti um fæðu og urðu því að prófa alla hluti. Þá hlaut og svo neydin að kénna þeim allt, Þessvegna urðu þær svo hardar að þær gátu þolað alla hluti, og vanið sig á allt;

og þess vegna urdu þær líka svo vitlitar, ad þær hræddust engann hlut. Þetta er eg nú ad hugsa.

Fad. Af því þær þecktu engar hættur, muntú vilia sagt hafa. Þad er olldúngis rétt, mín dóttir! En villt þú nú Freysteinn skipta um vid þessar fiör-miklu stúlkur? Þad er þó vænt ad géta þolad svona alla hluti, þegar madur er alltíd hraustur og heilbrigdur, hrædist ecki neitt og hefir allt, sem medþarf.

Freyst. Þad er ad sönnu gott. En med ollu þessu var hún þó vesæl óvanin stúlka, og verri enn dýr; þó eg géti ecki allt, sem hún gat, er eg samt manneskia.

Fad. Þad var hún líka, eins og þú, en vænt þækti mér um ad þú nú segdir mér í hverju þú ert henni fremri?

Freyst. Þad er, strax í því, ad eg gét talad, lesid, skrifad og er lánatum skinsamari enn þessar fávisu stúlkur. Hefdi eg verid á þeirra stad, skyldi eg ecki hafa farid upp á tréd, helldur út í vatnid, svo hefdu þeir ecki nád mér.

Sigr. Þér villdud eginlega vita, Fadir minn gódur! hvad vid hefdum fram-yfir þessar villi-stúlkur. O! þad er góda uppeldid og skynsemin. Ef fólkid í þorpinu hefdi ecki haft skynsemi, hefdi þad ecki nád þessari villi-stúlku.

Fad.

Fad. Þú segir satt, dóttir mín! og eg bid yckur, born litlu! lærid med þacklæti ad vidurkenna þad, hvørsu mikil lucka ad sé gott uppeldi. Án þess vex manneskian upp eins og dýr, svo sem þid sjáid á þessum villistúlkum. Hún kann ecki svo mikid, sem ad brúka túnguna, ecki ad tala nockurt ord og skinsemin gétur ecki proskast. Hún verdur villu-dýr.

Sigr. Fadir minn gódur! vid skulum alldrei gleyma því góda, sem þér gierid ockur. Gudi sé lof! ad vid fyrir umsorgun vorra gódu Forelldra erum ordin ad skynsömum manneskium.

Freyst. Og þau giora ockur svo mikid gott, og géfa ockur fot, fædi og marga adra velgiorninga.

Fad. Lærid þá og, born litlu! ad þacka Gudi þetta eins og allt annad gott! lærid: ad ecki hefir hann unnt yckur þessara gæda fram yfir morg illa uppalin og fátæklinga born, til þess ad þid hrokist upp yfir þeim af þessu láni, ellegar halldid ad yckur séu til þess géfnir gódir dagar, ad þid megid óvirda, þiá og þvínga adra, sem yckur eru lítilmótlegri ad ætt edur efnum, en sjálf ei annad þurfa ad giora enn heimta og skipa, og eyda svo yckar ónýta lifi í leti og vellystum.

30. Draumur.

Fordum var Fadir nockur, sem átti 7 börn, 4 syni: Andrés, Jacob, Eyólf og Hinrik, og 3 dætur, Þóru, Sigridi og Aunnu.

Eina qvolld-stund um sumar blíd-vidri géck Fadirinn út ad skémta sér med þessum 7 börnum. Þau numu stadar í fögru gras-lendi vid læk einn. Fadirinn setti sig nidur vid lækinn og horfdi á börnin, sem vóru ad leika sér allt um kring í grasinu. Hann sagdi med sjálfum sér: Nú skal eg gæta ad, hvad þau taka fyrir sig. Máské eg fái þar af tæki-færi ad grensiast eptir þeirra tilhneigingum og sinnislagi.

Andrés ellti fidrildin, gladdist mikid vid ad skoda blómstrin, tók sidan bók, setti sig nidur vid lækinn og las í henni. Jacob reif sér tág og slö med henni blómstur-knapp-ana af grasunum og bardi flugurnar til dauds. Eyólfur lagdist nidur í grasid, góndi upp í loptid, var afskiptalaus og vildi fara ad sofa. Hinrik læddist í kring til sins barnsins í hvort sinn og leitadist vid ad erta þau upp. Þóra hafdi med sér prjónana sína, var ydin, géck hægt og hægt med læknum og hafdi sér í lagi skémtun af því, ad horfa á starfsemi hunángs-flugnanna, sem flugu frá hverju blómstri til annars og sóttudu sér vistum. Sigridur flanadi hingad og þángad, og vissi ecki sjálf hvad

hvad hún villdi. Anna bordadi fiskur og rúsínur úr vasa sínum og kiærdi sig um eckert annad. Fadirinn sat kyrr og gætti vel ad athofnum barna sinna. Pegar tími var til, gengu þau heim og fóru ad hátta, en Fadirinn lá nockra stund vakandi í rúmi sínu og gat ecki sofid. Hann bad Gud ad blessa börnin sín og vidhallda þeim í ollu gódu. Þá hvarfladi honum í hánka: Hvad mun verda úr ollum þessum 7 börnum? hvort skulu þau komast og hvörnin mun þeim gánga? Í þessum þaunkum sofnadi hann og dreymdi ísem eptirfylgir:

Hann þóktist enn þá vera í sama plátsi, og hann hafdi verid qvolldinu ádur med börnunum. Þá kom til hans frid qvenn-persóna, sem var útlits eins og sjálf heilbrigdin. Hún rétti honum hond, en hann undradist hvorsu hard-hendt hún var, hiá því, sem annad qvennfólk er vant ad vera. Fylgdú mér, sagdi hún, og leiddi hann um hmsar merkur inní fagrann lysti-skóg. Petta þókti honum vera rétt um sólar-uppkomu; sídan hvarf hún. Fullur af forundran géck hann hér lítid um kring og þeckti sig ecki. Loksins mætti hann Presti med fiórum börnum. Hann géck til hans og spurdi, hvorr hann væri? Eg á heima hér skamt frá, sagdi madurinn yfirburda vingiarnlega, og stack í vasa sinn bókinni, sem hann var ad lesa í, hvored innihéllt, eptir því sem nærst vard kom-

ist, Samtal um náttúrunnar yndæli. Og hvad giorid þér hér svo snemma? spurdi hann Prestinn framvegis, og bornin ydar — géta þau farid svona snemma á fætur? „Eg, sagdi „Presturinn, hefi inntekta-lítid presta-kall, en „med minni ydni forsorga eg mig og mín „born allvel; því ecki þarf mikid til ad vera „ánægdur. Skodid þér hendurnar á mér, „hvorsu hardar þær eru. Born! sýnid „honum og hendurnar á yckur." Þær vóru líka vanar vid erfidi. „Og gódur Gud vid- „helldur ockur heilbrigdum. Eg geng hingad „á hvorium morgni um sólar-uppkomu med „mínum bornum. Hér styrkium vid ockur „fyrst til erfidisins og prísum vorn góda Gud, „ad hann hefir tilbúid svo margt fallegt og „gott handa ockur. Bornin hlaupa þá eptir „fidrildunum og veida nockur af þeim, safna „þeim svo í eskiur, eins og eg giordi í minn „úngdæmi; en eg útskíri þeim á medan hvorsu „gódur og gæskurikur Gud er vid allar sín- „ar skepnur. Og svo lifum vid vel ánægd „til samans."

Med leyfi, hvort er nafn ydar? sagdi hann vid Prestinn. „Eg heiti Andrés." = = = Hvadan erud þér þá ættadir? og hvar var hann Fadir ydar? Hann sagdi honum þad. Þá stód Fadirinn eins og hogg-dofa, því þetta var Andrés sonur hanns, sem hafdi ellt fidr- ildin. Hann ætladi ad umfadma hann, en vaknadi og hafdi sværilinn í fánginu.

Hann

Hann sofnadi brádlega aptur; hardhendta qvenn-persónan birtist honum þá ad nýiu og sagdi: eg er Starfsemi; þessvegna er eg svo hardhendt. Honum Andrési þínum skal ganga vel, því hann er ydinn, og hann skal verda það, sem þú hefir sied.

31. Um sama efni.

Strax eptir þóktist hann vera í strídi á stórum vígvelli. Þar gengu trumbur, skothríd, hróp og há-reysti, svo það var hrædilegt. Þar lágu margir daudir og særdir í valnum og hann gat ecki tára bundist. Hann hljóp burt frá valnum, en sá særdann mann liggia á hæd nockurri, undan hvorium hægri fótnrinn hafdi verid skotinn med fallstyckis-kúlu og var mikid aumlega á sig kominn. Hann lypti honum upp og bar hann til nærsta þorps. Þessi var úngur madur, fridur synum. „Æ! „sagdi hann, hefdi eg hlýdt Forelldrum mín„um, hefdi eg ecki ratad í þessa ólucku. Eg „var í úngdæminu skélmskur vid sképnurnar, „sidan vard eg það vid manneskiurnar. Eg „var sólginn í strid og mannadráp. Eg vard „Soldáti, og nú er svona komid fyrir mér."

Gud hiálpi mér! sagdi Fadirinn, mér synist eg þeckia þig. Mál-rómurinn er mér alkunnugur. Hann nefndi sig. Þá sá hann, ad þetta var Jacob sonur hans, sem bardi

flugurnar. Fadirinn hliódadi upp yfir sig af sorg og vaknadi.

Pegar hann sofnadi aptur, dreymdi hann, ad hann væri í stóru vidhafnar-miklu húsi. Par var bordad vid stórt bord, par eptir var spilad, dansad, slegid uppá hliódfæri og par var ecki annad á ferdum enn glaumur oa gledi. En í pessum sama sal sat úngur, siúkur og vanheill madur á stórum stól, vafinn í koddum, sem horfdi á allt petta med mikid sorglegu útliti, og stundi af pínu og verkium. Pénarinn færdi honum heilar pappírs-arkir útskrifadar, hvorium hann kastadi á gólfid og trappadi undir fótum sér.

Hann vißi ecki hvad petta hafdi ad pýda, fyrr enn gamall skynsamur madur kom til hans og veik honum afsídis: „Mér sýnist, „sagdi hann, ad pér séud ókunnugur og und„rist yfir pví hátta-lagi, sem brúkad er í pessu „húsi. Pessi siúki Herra er sú lataста mann„eskia í heiminum, sem giorir eckert annad, „enn eta, drecka og sofa. Í fyrstu lá hon„um vid húss-gángi. Pá fell honum til mik„ill arfur eptir hann Fodur-bródur sinn ut„anlands, en vard pá heimskufullur svallari, „át og drack sig siúkann, eins og pér siáid. „Adrir eta hann líka út, og hann er kominn „í svílíkar stór-skulldir, ad hann á hvorri „stundu fær heilar arkir af laungum reikning„um, sem hann af hugar-víli tredur undir „fotum.“

Af

Af hvada ætt er hann þá? sagdi Fadirinn. Madurinn nefndi hann á nafn og lagdi til: Það er sagt, ad Fadir hans hafi verid vænn madur. Hvorsu skélfdist ecki Fadirinn, þegar hann heyrdi, ad þetta var Eyólfur sonur hans, sem lá í grasinu, og vegna leti nennti ecki ad taka sér neitt fyrir hendur. Hann ætladi ad ganga ad stólnum, þar sem hann sat, en rasadi um þroskuld, svo hann vaknadi.

Hann sofnadi enn einusinni og nú þóktist hann vera í einhverium stór-stad ad skoda hvisleg hús og byggingar. Medal annars kom hann einninn til Tukt-hússins. Þar sá hann allsslags aumingia og skélmira, og þar á medal úngann mann, sem allt af var barinn á medan hann var ad þræla. Því beried þér þennann únga mann svo opt? sagdi hann vid Tukt-meistarann, mér synist hann þó vera ad verki sinu. O! sagdi hann, honum hæfir svipan. Hann er hofud-skélmir, sem undir púli og því hardasta straffi gétur ecki setid á sér ad giora odrum illt. Skodid þér, þarna hefir hann margskorid í sundur sockana og skóna af einum tukthúss-limnum. Svo hefir hann og qveikt á brennusteini og viliad brenna upp allt húsid. Og þessu hefir hann farid fram frá barnæsku sinni. Hann strauk burt frá Forelldrum sinum, og loksins þegar enginn gat tælt um hann lengur, var hann settur hing-

ad í Tukt-húsid, og hér verdur hann ecki helldur almennilega tamínn.

Hvad heitir þú þá, spurdi hann stráknn ad, og um leid sló kolldum svita út um hann allann, eins og hann óradi fyrir einhverju. Hinn sagdi honum nafn sitt og Fadirinn fell í ómegin; því þetta var Hinrik, sem læddist um kring og var ad erta upp bornin hiá læknum. Þegar Fadirinn vaknadi, var hann kominn til fóta í rúminu.

32. Um sama efni.

Enn þá sofnadi hann, og var þá á fogrum stórstad, hvar allt var í bestu og ágætustu nidur-radan. Hann þóktist um qvolld-tíma ganga í stóran kál-gard nockurn, og mæta þar Herramanninum og Frúnni í einu gáng-rúmi med hendurnar hvort um bakid á odru, og efnileg born vóru ad hlaupa í kringum þau. Frúin var mikid hreinlega klædd og hafdi hiá sér lykl-ana og prídnana sína, og bornin báru dálitla korfu med bókum.

Þau toludu vingiarnlega til hans og Frúin sagdi: „Þér munud vilia skoda kál-„gardinn ockar. En hvorr er luckulegri enn „ea, sem á þann besta mann einn í heiminum; „sídan kysti hún hann, og sama gierdu born-„in sín á milli. Eg var strax í úngdæmi „minu hneigd til búskapar í sveitum. Eg elsk-

„adi

„adi þarfyrir ydni, þrifnad, góda reglu og „hreinlæti, en þar hiá hafdi eg sérlegt yndi „af þeirri fogru náttúru. Gud hefir upp„fyllt ósk mína og leidt mig hingad, hvar eg „er svo luckulega gipt. Eg erfdi eckert eptir „Forelldra mína, og þessi elskulegi madur „géckst einúngis fyrir mínu hiartalagi, dygd „minni (ef nockur væri) og ydiusemi. Hann „elskar, eins og Guds vinur, allteins nátt„úruna, sem er svo falleg."

Hann gat ecki varid sig ad spyria hana, hvorier verid hefdu Forelldrar hennar? Þegar hún sagdi honum þad, fell hann um hálsinn á henni, því þetta var dóttir hans Þóra, sem hann ætíd hafdi elskad svo mikid fremur ollum hinum. Í því sama slá stofu-sigurverkid hiá sænginni, svo hann vaknadi vid, en þókti svart í brotid, ad hann gat ei lengur notid draums síns.

Hann girntist ad sofna á ný, og þad skédi. Þá þóktist hann staddur á þiód-braut nockri; og mætti þar kiæptngri, álapalegri stelpu, sem kom flandandi á móti honum. Hann kalladi til hennar, og spurdi hvadan hún kæmi, og hvort hún ætladi? „Þarna frá Amtmanns„gardinum, var svarid; Þar gét eg ecki ver„id. Amtmanns-Frúin er narraleg kona. Hún „er ad sí-nöldra um þad allann daginn, ad „allir egi ad vera ydnir og reglubundnir. Hvor „gétur halldid þad út?" Og sídan hlióp hún sinn veg.

Hann

Hann géck lengra áfram; Þá kom Diákninn þar úr fókninni á eptir honum. Hann spurdist fyrir hiá honum um þessa stúlku, sem hann hafdi átt tal vid. „Já, sagdi hann, „það er skritin drós. Svo gapafengna flennu „og skvettu hefi eg alldrei sied á allri minni „æfi, og enginn gétur tælt um hana. Hiá „Amtmanns-Frúnni átti hún dá-gott. Hún „var þiónustu-stúlka, ráðskona og allt í hús-„inu, en bar ecki gæfu til ad vera þar, því „þar er regalubundid og vandad fólk. Hún „skémmdi og sóvirdti alla hluti, sem hún fór „med, gleymdi ollu og giordi allt þvertum, „þessvegna hafa þau látid hana fara sína leid. „Hún gétur hvorgi verid árid, og er hún nú „búin ad vera í tíu vistum."

Hvadan er hún upprunnin? spurdi hann enn framar, og heyrdi þá, ad þetta var hans flasfengna og lauslynda Sigridur, sem ecki hafdi haft eird á, ad taka sér neitt fyrir hendur, og hiá hvorri hann ætíd hafdi ordid var vid leti og hirduleysi. Hann ætladi ad ellta hana, en Diákninn aptradi honum og spurdi hvad ad honum gengi. Þá vaknadi hann.

Seinast dreymdi hann, ad hann væri hiá einum gód-vina sinna, sem hann ecki hafdi sied í morg ár. Þegar þeir sátu ánægdir saman, kom þénarinn inn og sagdi: ad þar væri qvenns-nipt úti, sem beiddist olmusu. Þeir gengu út og spurdu hvad hún vildi? „Æ! „sagdi

„sagdi hún, því var ecki spád fyrir mér þeg-
„ar eg var í voggu, ad svona mundi tiltak-
„ast, en eg er, því midur! sjálf skuld í því.
„Eg átti góda Forelldra og giptist líka væn-
„um manni. En af því eg allt frá barnæsku
„hafdi vanid mig á trassaskap, og ad borda
„ecki annad enn sætindi og betstu rétti, svo
„komumst vid, hreint frá ad segia, út á hús-
„gáng. Madurinn minn dó af gremin, og
„nú verd eg ad flacka um og betla. Mis-
„unid þér ydur yfir mig! eg er nóg strossud."
Hvar vóru þá Forelldrar þínir? sagdi hann.
Þegar hún sagdi til nafns síns, hrock hann
svo saman, ad hann datt ofan úr rúminu og
vaknadi, því þetta var hans kræsna dóttir
Anna.

Eptir alla þessa drauma fór Fadirinn á
fætur og var svo órólegur, ad hann ecki vissi,
hvad hann átti af sér ad giora. Æ! minn
Gud! sagdi hann: skal mínum bornum ganga
svona? Gud láti þad ecki ské! Hann hefir
advarad mig, og eg vil aptur advara bornin
mín, og í tíma venia þau af þeim brestum,
sem kunna ad leida þau í þá ólucku, sem eg
hefi nú dreymt um þau.

Strax sem dagur var, samankalladi hann
bornin og sagdi þeim, hvad hann hafdi dreymt
um hvort fyrir sig. Bornin grétu, hlupu
um hálsinn á honum og lofudu ad betra sig
í ollum hlutum. Þau breyttu og svo oll eptir

And-

Andrésar og Þóru eptirdæmum, og komust hiá þeirri ólucku, sem Fodurinn hafdi dreymt; því eckert af þessu var enn þá framkomid, helldur var þad einúngis — Draumur.

33. Nockrir veniulegir Barna-brestir í hala-rót.

Þad er brestur, þegar born eru svo ó-adgætin, ad þau fella edur bríóta þad sumt, er þau med fara.

Þad er brestur, ad hrósa sér siálfum; þad giorir þau stollt og fásengileg.

Þad er brestur, þegar eitt barnid apar hitt, fyrir þad, ad þad ecki talar eitthvort ord rétt út. Þad sómir ecki og á ecki ad vera.

Þad er brestur, ad barn, sem gefur odrut fátæku barni eitthvad, giori mikid ord á því vid adra. Þad kalla menn raup og siálf-hælni, því þá er þad ecki lengur ölmusa edur velgiorníngur.

Þad er brestur, þegar born skélli-hlæa med, þegar adrir fullordnir og skynsamir menn hlæa, edur tala framm í, þegar þeir tala.

Þad er mikill brestur, ef born eru svo einþyck, þegar þau eru ad leika sér, ad þau endilega vilia, ad adrir skuli einúngis leika þad, sem þau vilia. Þarmed giora þau odrum illt í gédi, koma sér illa og spilla ollu gamni.

Þad

Það er mikill brestur, þegar börn segia eptir öðrum, og þykir vænt um, að þeir fái illt uppá sig. Það er: að gledia sig yfir annara óförum.

Það er mikill brestur, þegar börn taka á og smacka á öllu því, sem stendur á borðinu. Þarmed læra þau að stela.

Það er stór brestur, þegar börn eru handóð; þarmed kunna þau að skémma margt og líka skada sig sialf.

Það er stór brestur, þegar börn vilia ecki láta giora allt það við líkama sinn, sem þénar til hans heilbrigdi; eda ef þau eru þver og baldin, þegar verið er að klæda þau edur afklæda, þvo þeim edur kémba.

Það er stór brestur, þegar börn ecki vilia borða allt, sem þeim er géfið; því venia mega þau sig af því, þegar þau koma til vandalatsra.

Það er höfud-brestur, þegar börn venia sig á orðvisaskap, vilia ecki sofa í köldu húsi, heldur þamba ofmikið af heitu. Það giorir þau veik og hörku-laus.

Það er mikið magnadur brestur, þegar börn hlaupa burt med öðrum án Foreldranna leyfis og vitundar. Þaraf kunna þau audveldlega að slasa sig edur og komast í vondann soll.

Það er stór brestur, þegar stærri börnin slá þau minni edur erta þau upp. Það er illt og órétt.

Pad er syndsamlegur brestur, þegar born ganta og hæda gamallt einfalldt fólk, edur spotta halta, blinda og heyrnarlausa og hlæa ad þeim. Þau hæda Gud siálfann þar med.

Pad er hofud-brestur, þegar bornin eru ecki allteins hlýdin Módur sinni og Fodur.

Pad er bágur brestur, þegar born eru brádlát og hafa litla þolinmædi.

Pad er brestur, þegar born vilia ecki leika sér útaf fyrir sig, helldur vilia ad Foreldrarnir, edur adrir fullordnir leiki vid þau.

Pad er brestur, þegar þad stúlku-barn, sem annars er ydid og ástundunarsamt, vill ecki líka læra ad sauma, prióna og spinna.

Pad er stór brestur, þegar barn þykist vita alla hluti betur enn adrir.

Pad er brestur, þegar born ecki láta strax af, sem til þeirra er talad, helldur láta banna sér sama hlutinn tíu-sinnum.

Pad er stór brestur, þegar born vilia ecki verda hyggin, fyrr enn af skadanum, edur sidsom fyrr enn med hoggum og slogum.

Pad er óþægilegur brestur, þegar born verda uppvæg af hverium smá-munum, hrína upp og giora mikinn hávada.

Pad er brestur, þegar born eru of-fliót-mælt, tæpta á ordunum edur eru stíf í svari.

Í þessum Barna-spegli ega þau born ad skoda sig, sem hafa þessa bresti og skamm-

ast

ast sín. En þau þar á móti gledia sig, sem hafa lagt þá af og betrad sig.

34. Mat-gíruga barnid.

Katrín. já! hann er daudur, daudur er hann! vesælings Freysteinn! Ó! sá fallegi drengur! Mér fellur þad svo sárt ad eg gét grátid af því.

Þóra. Hvorr segir þú sé daudur? Hann Freysteinn litli út í bænum? eg helld þig dreymi Katrín; vid vórum ad leika ockur í giær-gvolldi. Ætlar þú, ad þú hafir ecki tekid rángt eptir? Gunnar! gengur ecki yfir þig? Hún segir hann Freysteinn sé daudur.

Gunnar. Eg hefi og svo heyrt þad, og ádan var hrædilegur grátur þar í bænum.

Katr. Born! þid megid trúa því; eg sá, þad var búid ad leggia hann til og veita honum ná-biargirnar. Gud hiálpi mér! Hvar eru nú raudu kinnarnar! hann var svo frídur drengurinn. (Hún grætur, og bornin gráta med)

Módirin. Hvad gengur hér á? af hverju erud þid oll grátandi? og þú líka Katrín? hefir nockur lagt til yckar? þid munud ecki hafa verid ad deila? eg vil ecki géta þess til.

Þóra. Nei, Módir mín gód! hann Freysteinn litli út í bænum er daudur. Hún Katrín segir þad, þess vegna grátum vid oll saman. Æ! hann var svo frískur og fallegur!

Mód. Eg veit ecki hvada nhúngar þú kémur alltíd med, Katrín, og gierir bornin hrædd; eg sá hann ádan um dagmála-bilid hérna útá hladinu.

Katr. Þér megid trúa því, Húss-módir gód! Þad er, því midur, satt; Þad er þegar búid ad veita honum ná-biargirnar. Gud gæfi, Þad væri ecki satt! eg vildi giarnan hafa sagt ósatt. Forelldrarnir bera sig hormulega.

Mód. Nú, segdu þá, hvornin Þad hefir atvikast; hefir hann dottid, eda af hverju var Þad? eg skil eckert í því; eg helld hann sé ecki daudur.

Katr. Jú vissulega, því midur! En hvornin Þad hefir eiginlega adborid, veit eg ecki enn med vissu. Hiá Forelldrunum gat eg einkis ordid á-skynia. Fadirinn nagadi sig sárgrætilega, og Módirin reif hárid af hofdinu á sér. Þad er hryggilegt ad koma þar inn! Svo mikid hef eg einúngis heyrt, ad hann hafi dottid nidur strax eptir mál-tídina og dáid med sama.

Mód. Eg ætla ad komast fyrir enda á þessu og bregda mér útí bæinn. Katrín! vertú hér hiá bornunum á medan. — Látid yckur hægt born! hann kannské vaknar vid aptur. (Módirin fer og kemur aptur)

Þóra. Æ! Módir mín! er hann vakn-adur vid? hvornin lídur honum? augun eru líka raud á ydur; hann mun vissulega vera daudur. Gud hiálpi mér! Mód.

Móð. Já, því midur, hann er daudur! Þar hofum vid það. En hvernin og af hverju og það svo hastarlega? Af engu odru, enn hans grædgi, sem eg er daglega ad vara yckur vid. Hann bordadi svo mikid af heitu nýbokudu hveiti-braudi, og á undan svo margar kokur, ad hann sprengdi sig. Eg bid yckur fyrir Guds skuld, svo framt þid hafid yckar líf og heilbrigdi kiæra, ad venia yckur ecki á, ad vera gleipin og mat-grug. Þid gétid ordid mett, þó þid látid ecki svo fikslega. Það sem eg ecki vil géfa yckur, það er yckur ecki helldur þénanlegt, eg hefi betur vit á því. Eg gét ecki alltíd verid uppyfir yckur. Bordid ecki í einrúmi án minnar vitundar, allra sídst mikid af heitum kokum, svo ecki fari fyrir yckur eins og þeim óluckulega Freysteini. Speglid yckur í þessu eptirdæmi! Og þu, Katrín! ef þú lætur þér ecki segiast og géfur bornunum heimuglega meira ad borda, helldur enn þeim þénar, þá hefir þú mikinn ábirgdar-hluta fyrir Gudi, því það er sannarlegt Mord. Þetta vesælings barn þar úti í bænum hafdi allann sinn vilia hiá henni gomlu fóstru sinni, sem tród hann svo sullann med mat, ad hann gat ecki lengur yfirgapad. Þar liggur hann nú, og hún hefir svo gott, sem drepid hann.

Katr. Eg skal varast ad géfa þeim heitt braud, fyrst þeim er það svo skadlegt.

Móð. Þó barnið deyi ecki strax af því, þá verða þau samt heilsu-tæp, aum og ófrísk. Það skémmir þeirra melltingar-krapt og hindrar þau í vextinum. Varastú því, að þú ecki drepir barnið í góðri meiníngu og af heimskulegri elsku.

Gunnar. O! Módir mín! við skulum hlýða yður.

Þóra. Já, hann Freysteinn verður fyrir augunum á mér á meðan eg lifi, þegar eg sie heitt braud eda kokur.

Móð. Þið sjáið hér, hvað af því flýtur, að vera mat-grugur. Hóffemi viðhelldur, en óhóffemi drepur, og þar hjá er græðgin sá hlutur, sem ecki sænir manneskjunum, helldur er fyrir skynlausar sképnur, sem þó raunar eta ecki meira, helldur enn þeim verður að notum, og giora þarí skomm til morgum manni.

35. Óþacklata barnid.

Fadirinn. Börn! ef þið gétið gleymt því góða og þeim velgiorníngum, sem yckur hafa verið audsýndir, þá erud þið vís til að giora allt illt, því óþacklæti er uppspretta til margra lasta. Einkum ef börn eru óþacklát við Forelldra sína og virða að engu það mikla góða, þá miklu umhyggju og alnstur, sem Forelldarnir hafa fyrir þeim á þeirra barnæsku, á meðan þau ecki sjálf vita, hvað mikið gott þeim er

er audsýnt, og þau mættu deyja hiálparlaus, ef foreldrarnir tækiu þau ecki ad sér med svo mikilli trygd og elsku. (Fadirinn grætur.)

Þóra. Æ Fadir minn gódur! þér grátid, og eg verd ad gráta med; því þér segid ockur svo opt, ad vid skulum vera þacklát, ad mér gengur þad til hiarta. Hvornin gétum vid gleymt því, hvad mikid þér og Módir ockar giorid ockur gott? hugsid þér ecki þad um ockur!

Fad. Um þig hugsa eg þad ad sonnu ecki, mín kiæra Þóra! þú ert þacklát og audsýnir þad med þinni hlýdni, ydni og sidsemi, ad þú elskar foreldra þína, fyrir þad þeir giora þér gott; en halltú áfram med þaun góda þánka og vidhalltú hiá þér þínu þackláta sinnislagi vid adra, sem giora þér gott. Þad er ecki lengi verid ad spilla mannsins hiarta. En þú Þórdur og þú Svanhilldur! um yckur er eg hræddur. Þid erud ecki svo þacklát vid ockur Foreldra yckar, sem eg vildi æskia, annars værud þid hlýdnari enn þid erud.

Þórdur. Fadir minn gódur! eg skal allt af vera þád héreptir.

Svanh. Og eg líka, Fadir minn gódur!

Fad. O mín born! Þid lofid þó þessu einatt oll, og géfi þad Gud, ad þad loford sé yckur ætíd hugfast og heilagt, svo þid ei leidid mínar hærur med sorg og gremiu yfir

yckar óþacklæti í grafina. Eg fæ ei tára bundizt þegar eg minnist saint á dæmi, sem sýna hvorsu óþacklætid opt hefir blindad og umannindad börn frá mannlegu edli og rænu, og niðurþaggad náttúrunnar raust í margra briósturn, þar hún þó býdur ad elska og heidra forelldrana, er gáfa þeim líf og uppeldi. Til þess ad innprenta yckur naudsynlegann vidbiód á þessum lesti, vil eg nú segia yckur minnisstædt dæmi uppá óhæfu, til hvílíkrar óþacklætid hefir komid blindadri manneskiu; þad bar til í minu minni:

Fátækur madur nockurr, sem árid umkring klauf elldi-vidar-tré hiá fodur minum sáluga, afa yckar, hvorn þid þeckid ecki, var ærlegur, frómur, ydinn og rádvandur madur. Hann átti son hérum 16 ára gamlann, hvorium hann hélt yduglega til erfidis, og sparadi allt hvad hann kunni frá munninum á sér, svo hann gæti, látid hann læra nockud. Þegar honum var gáfinn kiot-biti, kaka edur steik í húsinu hiá ockur, bordadi hann þetta alldrei upp, helldur sagdi: Eg verd ad geyma nockud handa honum Gísla minum. Svo vel var þessum dygdaríka Fodur vid sinn únga son. En þessi úngi pilltur var óþocki, sem ecki virdti neins allt þad góda, sem Fadirinn audsyndi honum. Heyrid nú börn! hvad hann giordi. Mig hryllir enn þá allann upp, þegar eg hugsa til þess. O Gud! til hvors fær

þó

þó vanþacklætid komid jafnvel bornum! Fadirinn var opt í sendi-ferdum, og vegna hans frómleika var honum ogsvo trúad fyrir penîngum. Einusinni var hann um vetur sendur til ad sækia péninga. Hann gat um þetta heima hiá sér áðurenn hann fór af stad, svo ad bædi sonur hans, og dóttir, sem hann átti, heyrdu þad. Vegurinn, sem hann átti ad fara, var fram undir þingmanna-leid, og lá helmingur vegarins igégnum þyckvann skóg. Daginn, sem hann hafdi giort rád fyrir ad koma til baka, sagdi sonurinn um morguninn, ad hann ætladi ad gánga á móti honum fodur sínum inní skóg, og bera baggann fyrir hann. Hann géck af stad og tók handoxina hans fodur sins med sér. „Hvad ætlar þú ad gióra „vid hana? sagdi systirin.“ Hann sagdist ætla ad hoggva sér apar-skapt. Midt í skógnum mættust fedgarnir og fadirinn gladdist vid ad siá son sinn. Þessi tók vid bagganum af fodur sínum, og svo géngu þeir bádir nockra stund saman. Loksins sagdi stélmirinn: Fadir minn! Hvad liggur þarna undir runninum? Hinn laut nidur til ad gæta ad því. En í því sama hió hann oxinni í hnackann á honum, svo hann fell til jardar, og leit um leid sorglega uppá mordingiann.

Þóra. Fa = = Fa = = Fadir minn! blessadir vérid þér, hættid þér.

Fad. Hvornin likar yckur þetta, Þórdur og Svanhilldur? (Þau falla bædi Fodur sínum til fóta.)

Sídan hió hann til hans nockrum sinnum, dró hann inní vidar-runnann, tók peningana frá honum og géck heim. „Því kémur þú „einsamall? spurdi systirin; hvar er hann „Fadir ockar?" hann svaradi, ad hann hefdi ecki sied hann. Hann er líklega enn á ecki ordinn laus. Nockrum dögum sídar fannst sá í helslegni. Sonurinn var ámedan yfrid rólegur, géck í dryckiu-hús, dranck og spiladi med hiartans gledi. Lokkins komst þad upp af einum vasa-klút, sem Fadirinn hafdi tekid med sér. Systirin sá hann hiá bródur sínum og spurdi hvar hann hefdi fengid hann? Þá þagnadi hann, var settur í fángelsi og medgéck þetta hrædilega verk.

Hvada af-drif hann hafi fengid kunnid þid audveldlega ad íminda yckur. Hann var hiól-brotinn frá nedan-verdu upp úr gégn, og kroppurinn sídan lagdur á steglur. Adurenn hann var aflífadur, játadi hann, ad hann ecki med neinu móti gæti rekid úr þaunkum sínum og þad gengi ecki frá augunum á sér, hvorsu sorglega Fadirinn hefdi litid uppá sig vid fyrsta hoggid, eins og hann hefdi viliad segia: Þú óþackláti, þú ógudlegi sonur! hvernin gétur þú giort þetta vid Fodur þinn? Nú, mín born! hvad hugsid þid nú hér um? var þetta ecki dá-fallegur, þacklátur sonur?

Þórdur. Æ, Fadir minn! eg hefi fengid of-mikid af því ad heyra þessi ó-skop.

Svanh.

Svanh. Og eg líka. Vid trúdum síst ad óhacklæti gæti giort nockurn son ad Fodur-bana. Vid skulum verda gód born og hacklát.

Fad. Gud gefi thad! Gud gefi thad!

36. Hacklata barnid.

Fadir nockurr var einusinni, sem átti 4 born, 2 syni og 2 dætur, frá 6 til 10 ára gomul. Hann hafdi thau hiá sér eitt qvolld, thegar borg thar í nánd vid, var ad brenna, og thau sáu bálid álengdar. Vid thessa sión gat Fadirinn ecki tára bundist og bornin grétu med. Grátid ecki, sagdi Fadirinn, thó thid siáid mig gráta, helldur vegna thess, ad svo margar manneskiur verda fátækar og komast á vergáng vegna thessa ellds-voda. Daginn eptir komu hvoriar sorgar-fréttirnar eptir adrar: ad fólkid lægi úti á vída-vángi undir berum himni, og hefdi eckert ad borda, ecki svo mikid, sem skirtur á kroppinn, og alls eckert; ad Forelldrarnir hefdu mist bornin og thessi Forelldrana.

Thá sagdi Fadirinn til barnanna: Thetta er eitt tækifæri, hvar vid mikid illt og gott mun láta sig í liósi. Thar hefir víst brunnid fyrir morgum Forelldrum, sem eru ordnir fátækir. Thei ega born annarstadar, sem géta styrkt sina naudstoddu Forelldra og giort theim gott,

gott, ef þau ad eins vilia kannaſt vid þá í þeirra fátækt. Hvad hugſid þid? Börn! ef vid Módir yckar hefdum búid í þeſſari borg, ſem nú er brunnin upp til kalldra kola, og miſt allt þad, ſem vid áttum, hefdum alls eckert eptir, nema einſamalt lífid, engin fot, engar ſkirtur, enga ſkó, enga ſocka, engann mat og ecki einn ſkilding; værum þar ad auki ſiúk af ſorg og harmi; hlytum ad flacka manna á milli og betla; Heyrid nú til! ef þid þá byggiud annarſtadar og værud vel megandi; ef þú Stephán, værir Sýſlumadur, og þú Arni Preſtur; ef þú Margrét, værir bónda-kona og hefdir ecki mikid af ad leggia, og þú Halldóra, værir og ſvo ſæmilega vel gipt. Hvad mundud þid þá gióra vid yckar aumſtoddu og blá-fátæku Forelldra? Spyrid nú ſiálf yckur! (Tárin runnu nidur eptir kinnunum á Fodurnum.) Þá grétu börnin há-ſtöfum, féllu um hálſinn á Fodur ſínum og Módur og ſögdu, hvad þau villdu gióra ef ſlíkt bæri vid.

Litla Halldóra byriadi fyrſt: Eg ſkyldi gefa yckur allt hvad eg ætti, þó eg ætti ad fara úr ſkirtunni. Þid hafid gefid mér þad hvort helldur er.

Margrét ſagdi: Eg ſkylldi ſtrax búa mig til, hlaupa til yckar, fara úr fotunum og færa yckur í þau. — En þú hefdir ecki mikid af ad leggia, barn mitt! ſagdi Fadirinn.

inn. — Eg vildi samt hiartans fegin gefa yckur allt, og helldur svellta sialf, þángad til eg hefdi unnid mér nockud inn aptur. Góda sál! svaradi Fadirinn, Gud bleſſi þig! og þig og svo litla Halldóra! En hvad mundir þú giora Arni?

Eg skylldi tína til allt hvad eg hefdi af klædnadi og mat, og ef eg hefdi það ecki sialfur, skyldi eg taka það til láns hiá sóknar-fólki minu, og fara med það til yckar. Líka er það gott, son minn! svaradi Fadirinn.

Loksins kom ad Stephani, sem hingad til hafdi setid þegiandi og var ellstur. Þessa þirfti ecki neins vid, sagdi hann. Eg, svosem Syslumadur, skylldi strax senda reid-hestana mina, og rída sialfur med, til ad sækia Forelldra mina. Þá hefdi eg þá gledi, ad hafa mina gódu Forelldra hiá mér, svo lengi, sem þeir lifdu, og forsorga þá sialfur. Eg hefdi þá hid fyrsta tækifæri, ad endurgiallda þeim það mikla góda, sem þeir hafa giort bædi mér og yckur. O! láttú ockur kyssa þig, gódi drengur, sogdu Forelldrarnir. Hvort mundir þú giora þetta og þid oll verda svona packlát, gódu born! og ecki gleyma yckar Forelldrum, einnin þegar þau væru ordin fátæk? Samt vil eg nú segia yckur adra sogu, sem vid hefir borid á minum dogum. Hvornin skal yckur líka hún?

Einusinni vóru fátækir Forelldrar, frómir og rádvandir, af bænda-fólki. Þau áttu einn

son,

son, uppá hvorn þau kostudu ollu ad setia hann til menta, en urdu þess vegna siálf bláfátæk. Sonurinn fèck embætti langt frá Forelldranna heimili og vard sterk-ríkur. Þegar hans gamli Fadir heyrdi þetta, hugsadi hann med sèr: Eg má fara af stad og finna son minn; eg veit honum þykir vænt um ad sià sinn gamla Fodur! --- sà gódi Fadir! æ hvorsu miog brást honum þetta! --- Hann bió sèr til nesti og nýia skó, og tók sèr á hendur lánga reisu gángandi sex eda sio þíngmanna-leidir. Á veginum huggadi hann sig allt af vid þann þánka: Hann mun þó gèfa mèr nockud í minni fátækt, þar eg hefi kostad ollu uppá hann. Þegar hann kom þángad, sem sonur hans átti heima, gaf hann sig til kynna, og lèt einn þénara, sem búinn var eins og Herra-madur, skila fyrir sig, ad hann vildi finna son sinn; en fèck þad svar: ad Herrann hefdi engann Fodur lengur, sem kiæmi svona fótgángandi eins og foru-karl. Þó var hann látinn fara inní vinnufólks-húsid og gèfid nockud ad borda. Sídan sendi sonurinn, sem á þessum sama degi hafdi giort mikid heim-bod, honum nockra skildinga, og lèt hann svo gánga sinn veg, án þess ad sià hann edur tala vid hann ord. — Born! Hvornin likar yckur þetta? var þad ecki þacklátur sonur? — Þegar karl-fuglinn kom þreyttur og uppgèfinn heim til þeirrar olldrudu og fátæku módur, fagnadi hún honum hiartanlega og sagdi: nú, þú helld eg ecki hafir bitid klakann hiá hon-

honum syni ockar? Hann vildi svara, en gat ecki komid meiru upp fyrir sorg, enn þessu: o! Gud! hvílíkur sonur! þá fell hann í ómegin og datt nidur daudur.

37. Nockrar bord-reglur.

1.) Sit þú uppréttur og kyrr med fæturnar.
2.) Vertú kurteis og sidsamur, einkum þá ókunnugir eru nálægir.
3.) Bordadú hreinlega og legdu allt fallega á skérbordid.
4.) Leiktú þér ecki ad braudinu og brióttú þad ecki í mola.
5.) Leiktú þér ecki helldur ad hníf og gaffal.
6.) Heimtadú eckert, og vertú ánægdur med þad, sem fyrir þig er lagt.
7.) Líttú ecki ofundar-auga á annars skér-bord, þó hann hafi fengid einum bita meir enn þú.
8.) Taladú ecki fyrr enn á þig er yrdt, og taladú ecki framm í þegar adrir tala.
9.) Legdú ecki hendurnar né handleggina uppá bordid.
10.) Þegar þú dreckur, þurka þér fyrst um munninn.
11.) Bordadú ecki med ofmikilli ágergiu og grædgi, helldur hægt og skickanlega.
12.) Sleiktú ecki um fingurnar og hafdú þær ecki allt af uppí þér.
13.) Smiatt-

13.) Smiattadú ecki þegar þú bordar, því annars kynni fólk ad hugsa, ad þar væri kálfur ad sleikia innan dall.

14.) Sotradú ecki sod eda dryck um tonn, svo hátt sudi í, eins og kindurnar.

15.) Sódastú ecki med einberar fingurnar innan um matinn, brúkadú helldur hnífinn og gaffalinn vid hann.

16.) Ecki átt þú ad hallda á beini, svo sem dálki edur spad-bita í lúkunum, og naga utan af því matinn, helldur skéra hann og plocka náqvæmlega med hníf og gaffal á diskinum.

17.) Bordir þú kalldt smior vid fiski edur braudi, átt þú hvorki ad taka vid hvorium bita mior mikid, né stórar skefur, og allrasíst stínga hnífsbladinu med smiorinu á uppí þig, edur sleikia af honum, sem er argur aula-módur, helldur láta af hnífnum vid hvorium bita, og bitann svo uppí þig.

18.) Legdú hníf, gaffal og pentu-dúkinn reglulega saman þá þú stendur upp.

19.) Hlauptú ecki frá bordum, fyrrenn þér er leyft.

20.) Láttú helldur vera ad lesa bord-psálminn, enn ad þú lesir hann einúngis fyrir sidasakir og án andagtar.

38. Um

38. Um Mar-trod.

(Pegar fer uppá mann í svefni.)

Ad fólk tileinkar náttúrlegar verkanir náttúrlegum orsokum, par af flýtur mikil hiá-trú og óparfa hrædsla. Strax sem pad veit ecki náttúrlegar orsakir til eins edur annars, svo er strax hlaupid í álfa, vofur, huldu-fólk, reimleika, manna-fylgiur og adsóknir. Svo er því og varid, pegar fer uppá mann. Par um er medal almúga mikid algeng, en par hiá ein sú heimskulegasta og óskynsamlegasta hiá-trú. Menn hugsa, ad á næturnar komi einhvorr vissi hlutur til peirra og leggi sig ofan yfir pá svo hrædilega fast, ad peir ecki géta dregid andann, edur hrært legg né lid og liggur vid ad kafna. Séu peir pá adspurdir, hvad pad sé, sem uppá pá hafi farid, vita peir ecki sialfir ad giora grein á því. en pessa trú hafa peir erft eptir ommu sína, láng-ommu edur adra forfedur og par lendir vid. Pad fór uppá mig, segia peir O! pad vesælings fólk! pad er aumkunar-verdt! en verdskuldar pó nærstum því ecki medaumkan, fyrst pad ecki vill vita betur og ecki trúa odrum skynsomum monnum, pó peir segi því satt.

Bornin legdu vid eyrun, pegar Fadirinn sagdi peim petta yfir bordum, og sogdu: Fadir minn! hvad er pad pá, sem fer uppá mann? eckert, alldúngis eckert, sagdi Fadirinn, af

því, sem fólk heldur; eckert þvílíkt, sem kémur í géganum luktar dyr, legst ofan yfir fólk og pressar það nærri til dauds. Trúid því aldrei, það eru kérlínga-bækur, skrok-saga og hiátrú. En af hverju er það þá, sögdu börnin, að það fer þó raunar uppá fólk í svefninum, og það hefir á sér að morgni bláa og raudleita bletti? Það gengur ollúngis náttúrlega til, sagdi Fadirinn, og eg skal strax útskíra það fyrir yckur. Þar er enginn svo undarlegur og uppdiktadur hlutur til, sem þessi, sem kémur þó af ollum ödrum ástæðum. Heyrid þar um skrítna frásögu:

Eg var einusinni nætur-gestur hiá Sýslumanni, sem var gódur vinur minn. Um nóttina kom upp hefud mikill hávadi fyrir utan stofuna, þar sem eg svaf. Eg fór á fætur, gveikti liós og géck út. Þá vóru þetta vinnukonurnar í nærsta húsi. Eg heyrdi margslags orda-tiltæki. „Æ! hvada bannsett uppáferd „er þetta! hvar gétur hún komist inn ókindin sú? „heyrid þid hvernin korrar í hálsinum á stúlk„unni! en hvad hún pínir hana og legst „þúngt ofan á hana! og þó sier madur eck„ert. Vaknadu! vaknadu! o. s. fr.“ Önnur vinnu-kona sagdi: „Þú hefir ecki lokad bæn„um, fyrst þessi ókind er komin inn hingad.“ Jú, svarad hin, það giordi eg víst. „Þá „skil eg ecki, sagdi sú fyrri, hvernin þessi ó„vættur er kominn hér inn. Það veit eg, að „hann

„hann hefir hug hingad, sem sækir ad henni.“ En á medan heyrdi eg, ad stúlkan stundi hormulega og lét í henni, eins og hún ætladi þá og þá ad kafna. Eg bardi á dyrnar og sagdi þær skyldu liúka upp. Medan á þessu stód, kom Sýslumadurinn, sem einninn hafdi heyrt þessa há-reysti. Þegar búid var ad liúka upp húsinu, sáum vid, ad tvær vinnu-konur stódu fyrir framan rúmid þeirrar þridiu, sem var nærri því hálf-daud. „Æ! Sýslumad-„ur gódur! sogdu þær, vid gétum ecki sofid „hérna hédan af. Vid hofum lokad ollum „dyrum, og þó er þessi bestia komin hingad „inn.“ Hvar er komin hingad inn, sagdi Sýslumadurinn, og leitadi med stafnum sín-um undir rúminu? „Æ! bannsett ókindin, „sogdu þær, sem legst svona ofan á hana.“ Vid fórum bádir ad hlæa, og þær gláptu uppá ockur. Vid gengum ad rúminu, þar sem stúlkan lá, og sáum aumkunarlega sión: Frodan rann útaf munninum á henni, augun vóru opin og stíf og briósti þandist hrædi-lega út. Það var enginn vegur til ad vekia hana. Hvad gétur það verid? sagdi Sýslu-madurinn vid mig; hún fær þetta opt á nætu-rnar. „Hvad ætl' það sé annad, enn ad „það fer uppá hana.“ Halldid á yckur munn-inum, sagdi Sýslumadurinn, hastur í svari, med yckar uppáferdir. Reisid stúlkuna upp, sagdi eg, svo hún liggi hærra med hofudid, því það lá yfrid lágt og hún þar til á bakid.

Þá raknadi hún vid og þeckti ockur, en visſi ecki hvad um ſiálfa hana hafdi lidid. Eg lét giora henni fóta-bad og gefa henni nockra the-bolla; þá hreſtiſt hún fullkomlega og lagdi ſig aptur fyrir, og hafdi hærra undir höfdinu. Morguninn eptir, þegar hún kom á fætur, vóru handleggirnir á henni bláir og dymm-raudir, med ſtórum blód-blettum. Sídan lét-um vid hana ſegia frá, hvornin til hefdi geng-id fyrir henni. Þegar eg var logſt útaf, ſagdi hún, og ætladi ad ſofna, fannſt mér eins og þúngur poki ditti ofan yfir mig, ſvo eg gat ecki dregid andann og ſídan viſſi eg eckert af mér framar. Henni var tekid blód þennann ſama morgun og hvurfu þá blettirnir af hand-leggiunum.

Hvad var nú þetta allt? Það géck allt-ſaman náttúrlega til. Þegar madur liggur miog lágt med höfudid og þarhiá á bakid, ſefur hann óvært, því blódid hefir þá ecki liduga rás, en ſigur ad hiartanu. Þeſſi perſóna var blódrík í meira lagi, og lá uppí lopt. Ótti, hug-ar-burdur og hrædſla fyrir því, ad uppá hana mundi fara, höfdu bætſt þará. Med þeſſari hrædſlu ſofnadi hún, en átti opt vanda til þeſſa ádur. Af því ad blódid hafdi ſafnaſt ofmiog ad hiartanu, og hún lá ſvo lágt, fanſt henni, ſem eckur félli ofaná brióſtid á henni, og af ſtonſun blódſins og innvortis hrædſlu komu ſvart-bláu blettirnir á hand-leggina. Siá-

id

id nú, kiæru born! hvorsu margur hvorr nátt-úrlegur hlutur er haldinn yfir-náttúrlegur vegna hiá-trúarinnar. Þegar vid med skynsamlegum hætti logdum þetta nidur fyrir henni, og hún sídan bordadi lítid á qvolldin undir svefninn, lá ecki heldur lágt med hofudid né á bakid, hefir hún aldrei þurft ad reyna þessa svo nefndu Mar-trød.

39. Hættulegir barna-leikir.

Þegar þid lesid þetta, kiæru born, sveinar og stúlkur! takid þá eptirdæmi héraf og fordist hættulega barna-leiki, sem kunna ad taka af yckur heilsu og heilbrigdi, og jafnvel sialft lífid. Þid hafid nóga adra gaman-leiki, sem forelldrar yckar giarnan eptirláta yckur. Því vilied þid þvelia til, þá hættulegustu, sem kunna ad giora yckur óluckuleg! Þad eru sorgleg tilfelli, þegar born af hættulegum leikum verda sumpart óluckuleg alla æfi, sumpart missa lífid.

Jacob var sá fyrsti af þessum óluckulegu bornum. Allt, sem hann sá, vildi hann giora á eptir og reyna til vid allt, einnin þad, sem hann ecki þeckti, án þess ad spyria, hvort sér væri þad óhætt. Hann var einusinni med, þegar verid var ad skióta fugla. Um qvoldid tók hann sig til med odrum dreng og fóru þeir ad reyna ad skióta af saudar-legg. Þad géck vel, og þeim þókti mikid gaman ad sia

neista-flugid og heyra hvellinn. Petta var ad sonnu skémtan, en hættuleg fyrir born. Sidan giordu peir eld-menn af vættu púdri, og qveiktu í því. Nú tindrudu eld-neistarnir svo skrítilega, ad bornin hoppudu og stuckn upp af gledi. En nú fór verr enn skyldi. Einn af peim sagdi: vid skulum giora púdur-orm, og pá skulud pid sia, hvada gaman pad er! Peir dreifdu púdri í langa rod á fiol og logdu par ad logandi kol-brand; en pad vildi ecki strax qvikna í því. Pá hlióp Jacob ad, grúfdi upp yfir því med andlitinu og fór ad blása í log-brandinn. Allt í einu flaug púdrid uppí andlitid á honum, svo hann datt aptur á bak. Par lá nú pessi aumingi eins og daudur. Hin bornin hlupu burt, og svo ásigkominn var hann borinn heim til Forelldra sinna. Petta var ófogur sión! allt andlitid kol-svart af brunanum og augun fast apturlokud. Hand-lækn-ir var ad sonnu strax sóktur, en pegar farid var ad pvo upp andlitid, datt allt horundid af. Andlitid var nú allt eins og hrátt kiot-stycki, áfyndum. Aburdi var á pad riódrad, og drengurinn lagdur uppí rúm. Pad hefdi verid sok sér, ef petta hefdi nú verid oll ólucka-an, en pad var ecki pessleat! morguninn eptir sáu menn, ad bædi augun vóru svo skamm-brunnin, ad hann aldrei framar fèck adskilid nótt frá degi. Hvernin Foreldrunum hafi ordid vid petta, má nærri géta. Ad mánad-ar-fresti kom hann nockurn-vegin aptur til sialfs sins,

sins, en hvar sem hann géck, var hann steinblindur, og leiddur hvort fótmál. Hvorsu aumkunarlegt hafi verid ad siá Petta — hvernin hann hafi siálfur verid til móds — hvorsu sárt Foreldrum hans hafi fallid Pad — hvílika eymd og harma-klogun Petta hafi orsakad — gétid Pid best ímindad yckur, kiæru born! sem lesid Petta, og látid yckur Pessa drengs víti ad varnadi verda.

Philippus var nærstum Pví allteins ógæfulegur. Einn fagrann vedur-dag um vorid aftaladi hann vid leik-brædur sína, ad Peir skyldu halda vals-leik á túninu. Vedur var nockud hvast, en Pó sæmilega hlítt. Philippus, sem var valur og hlióp ætíd móti vindinum, vard miog sveittur og heitur, og géck ad lokinnum sárann síду-sting svo hann vard ad láta leida sig heim. Pú giálfa barn! kémur Pú svona á Pig kominn aptur? sagdi Fadirinn. Eg vil giarnan unna Pér skickanlegs gamans og mátulegrar hræringar, en Pú gétur aldrei haft Pig í hófi. Hin bornin hafa og leikid sér; en Pau hafa Pó ecki komid svo hrædilegri ólgu í blódid á sér, sem Pú. Petta hefir Pú í kaupid og byr máské ad Pví alla æfi. Æ! mig ógæfusamann Fodur! Philippus var miog veikur um nóttina, hafdi megnann hita í líkamanum og spýtti blódi morgninn eptir. Læknirinn giordi allt hvad honum var mogulegt til ad dempa ólguna í blód-

inu og brunann í lúngunum, en hann lá þó framundir 8 vikur, ádur enn hann kom nockurnveginn til sjálfs síns. Eptir þetta hafdi hann ætíd þurra-hósta og brióst-erfidi, svo hann gat varla gengid upp edur ofan stiga fyrir mædi. Læknirinn fèck illann grun af þessu, og sagdi: hér má eitthvad vera í spilinu, vid hofum enn þá ecki komist ad ollu, sem fram mun hafa farid í vals-leiknum. Philippus skrimti svona í nockur ár med veikann mátt; þar til hann allt í einu fèck sterka blód-spíu. Læknirinn yppti oxlum og sagdi: hugsadu þig um, hvort eckert bar til vid vals-leikinn fordum, annad enn þad, sem þú hefir sagt mér? eckert annad, sagdi Philippus, enn ad eg hlióp ad bæar-læknum, þegar mér var sem allra-heitast, og teygadi svo lengi, sem eg þóldi. Frá því sama augna-bliki vard mér illt, eg fèck sting og mædi og hefir þad haldist sídan. Þad hugsadi eg, var svarid. Þetta flytur af því, þegar manni er brád-heitt og dreckur svo kaldt til ad svala sér. Æ! kiæri Herra Læknir! sagdi Philippus grátandi, giorid þó allt hvad þér kunnid! eg vildi þó feginn lifa nockud enn. Fadirinn snéri sér undan og hlaut ad gánga út. O hversu margar úngar manneskur, sagdi Læknirinn, hafa stytt þeirra lífdaga med þessu móti! því gét eg med engu móti lidid þá hættulegu barna-leiki, í hvorium þeim verdur brád-heitt og þau hamba sídan kaldt á eptir. Ef þú hefdir þá

frag-

ſtrax ſagt hreinlega frá því! eg vil ad ſonnu gióra allt hvad mér er mögulegt, en ſamt mun bróſtid ſegia þér jafnan til fyrir óvedrum, og þú bera meiar af vals-leiknum. Já, alla ſína daga mátti þeſſi veſæli Philippus muna til vals-leikſins, því hann fékk fullkomna uppdráttar-ſýki. Líkami hans vard eins og beina-grind, augun ſucku diúpt inní hofud, koglarnir ſtódu útí horundid og hóſtinn gaf honum enga hvíld hvorki nótt né dag. Stöfelldlega géck upp úr honum blód og vilſa. Petta var aumkunarlegt líf! hann héck varla ſaman, en tórdi þó ſvona enn þá í full 6 ár, þar til þeſſi, Fodurſins einka ſonur, gaf upp andann á 18 alldurs ári. Mun hann nú hafa kunnad ad deyia svo gladur og hughranſtur, eins og ef hann ſiálfur hefdi ei orſakad ſér þennann of-flióta dauda?

40. Um ſama efni.

Fyrir henni Vigdíſi fór þad ollu hriggilegar. Bornin fóru einuſinni í blindings-leik uppí húſa-gardi. Vigdís var blindingur og leitadi ad hinum bornunum; þau hlupu umkring í húſa-gardinum, en Vigdís þreifadi fyrir ſér, þar til hún kom í húſa-ſundid milli ſkémmunnar og ſmidiumnar. Bíddú vid hugſadi hún; þarna hafa þau falid ſig, þar ſkal eg ná þeim. Og í því ſama datt hún ofan af húſa-gardinum meir enn manns hæd. Til allrar ólucku

var griót af hvossum eggia-steinum nedan undir. Hún datt med hofudid rétt á snosina á einum, og --- æ born! eg gét varla sagt frá því --- hofudid klofnadi, og blódid og heilinn slettist allt um kring.

Biarni hlióp ætíd med pílu-boga. Fadir hans hafdi opt bannad honum þennann hættulega leik, en hann kiærdi sig ecki um það. Einusinni skaut hann til marks med odrum bornum í kál-gards hurdina. Þegar honum bar ad skióta, kom vinnu-konan rétt í því sama út úr kál-gardinum med kál-trog, og pílan lendti í vinstra auganu á henni, svo það hrock út úr hofdinu. Biarni vard af þessum óhappalega atburdi þúngsinnadur alla sína æfi, jafnvel þó hann ecki gierdi það viliandi.

Marteinn var einusinni úti á plátsi, hvar miklu timbri var hladid í búnka. Þar vóru nockrir ósvifnir drengir, sem logdu eitt stórtré þvert um timbur-hladann, svo ad annar endinn geck hátt upp í loptid, enn hinn nidur ad jordu. Einn drengur settist á hvorn enda eins og á hest-bak og vógu svo sallt. Þetta er mikid ágætur leikur hugsadi Marteinn; eg verd ad reyna hann. Hann settist strax uppá annann endann, en þar hann ecki var vanur vid leikinn, svo tók hann brádt ad sundla. Hinn drengurinn sá þetta og snéri trénu nockud til hlidar af glettum, þegar Marteinn var kominn sem hærst í lopt upp, datt hann

hann svo ofan og mol-braut á sér hægra handlegginu.

Sigurdur var miog gefinn fyrir ad stockva. Vid skulum reyna ad stockva yfir broddstaf; sagdi hann einusinni vid leik-brædur sína. Petta hefdi nú verid sok sér, ef peir hefdu bundid stafinn fastann edur sett hann þversum; en peir stúngu honum nidur í jordina og létu broddinn snúa upp. Nockrir komust vel af, en Sigurdur stock svo óheppilega, ad hann lenti á stafnum. Broddurinn géck inn í lifid á honum, og reif í sundur lif-himnuna, sem er utanum þarmana. Þess vegna hlaut hann ad hafa axla-band med járn-plotu alla sína æfi upp þadan og tók alldrei á heilum sér.

O born! þegar þid sjáid blinda, halta, lamada, þá sem hafa briósts-veikis uppdrátt edur annar orkumsl, svo spyrid þá, hvornin peir hafi fengid þad. Margir munu svara yckur: æ! vid hofum fengid þad í úngdæminu af hættulegum barna-leikum.

41. Um sama efni.

1.) Ad renna sér á leggium, sniá-skódum edur klaka-hnausum á ís, ám og vötnum.

2.) Ad steypa sér klucku, hvar vid hálsinn kann audveldlega ad gánga úr lidi.

3.) Ad gánga á midum triám, sem liggia í húsa-sundum milli hárra veggja.

4.) Ad

4.) Ad róla sér í reipi edur bandi, þar sem hardt er undir.

5.) Ad stockva yfir diúpa læki, pytti, edur ofan af háum bockum og gordum.

6.) Ad rída ótomdum edur fælnum hestum.

7.) Ad klifra í háa kletta og fialla-gnýpur.

8.) Ad glíma og hafa ógætilegt glens og óra, þar sem eru beckir, kistlar, eda það, sem hefir hvoss horn edur brúnir.

9.) Ad leika sér ad púdri, byssum, pistólum og skot-vopnum.

10.) Ad rífa hrís og binda, þegar hørku er beitt.

11.) Ad gefa sel-bita á enni, helst ef nærri gagn-augum koma.

12.) Ad taka børn upp á hofdi edur eyrum, vada bál, og annad þvíumlikt.

42. Ad sauma, prióna og spinna.

Þú vilt ecki læra ad sauma, prióna nè spinna, sagdi Fadirinn vid hana Þóru. Hvad kémur til þess dóttir mín? hún módir þín qvartar yfir því og eg ángrast af því. Þetta hlýt eg ad segia þér, þar þú annars í ollum hlutum ert þægt og hlýdid barn. Líttú til hennar Sólborgar, hún er enn þá ecki eins gomul og þú, og hefir þó sialf prióned uppá sig socka, húfu og margt annad, saumad sér treiu --- og kann dá-vel ad spinna. Þetta gætir þú giort allt-

allteins vel og hún, ef þú að eins vilt. Það er þessvegna af vilia-leysi einu fyrir þér, og það er mér ecki um að heyra.

Það er satt, Faðir minn! svaradi Þóra, að Sólborg kann það, sem þér segið, en hún kann ecki að lesa, skrifa og reikna, og það kann eg. Og það er tíu-sinnum betra, enn að prióna, sauma og spinna. Satt að segia, þá hefi eg enga lyst á því, annars gæti eg verið búin að læra það. Eg er ecki heldur náttúrud med innan-bæarvinnu og elda-mennsku. Eg vil lángtum heldur sitia vid fallega bók, lesa edur skrifa sögu, reikna med tolum, edur gánga úti kál-gardinn til að vitia um, hvort kálid og jard-eplin, sem eg hefi plantad, koma vel upp.

Er því svona varid? sagdi Faðirinn; nú veit eg þína hiartans meiningu og orsökina því þú hefir leida á sess-vinnunni. Það er ecki gott, barn mitt! að þú þenkir svo um þessa hluti. Þú fer ramlega villt; því hvornin viltu fá þitt lífs uppheldi, og af hverju ætlar þú að búa síðar meir? einúngis med því að lesa, skrifa og reikna verður það ei. Bókmentir gétur þú ecki heldur lagt fyrir þig einúngis, því þær eru fyrir karl-menn eina. Þessir hlutir, sem þú nú hefir leida á, eru þér þó med framtídinni lángtum nytsamlegri, heldurenn að lesa, skrifa og reikna. Eg hugsadi, að þú hefdir sialf vit á, að sía þetta; þarfyrir væri það þér eng-

enginn sómi, ef hún módir þín hlyti ad þvínga þig til, ad læra hina nytsamlegu vinnu. Ecki er eg ad sonnu fyrir það géfinn, ad þvínga börn til ad læra neitt, því þá gióra þau eckert med lyst og af eigin drift --- ecki af því þau vilia, heldur af því þau verda --- þá verdur og allt tvsfaldt torveldara, og það sem þau læra med naudúng, því gleyma þau ódum aptur. Þetta sier þú á siálfri þér, hvorsu súrt þér fellur ad prióna, af því þú hefir enga lyst til þess. En, nú vil eg einusinni tala skynsamlega vid þig um þetta efni:

I. Mátt þú trúa því, ad allt það, sem vid módir þín kennum þér og vilium láta þig læra, er þér nytsamlegt, þó þú ecki strax siáir það, annars mundum vid ecki gióra það. Eg hugsadi þess vegna, ad þú mundir hafa lyst til alls og gióra allt med ánægiu, sem Foreldrar þínir ráda þér til ad læra.

II. Hugsadú nú vel um það, sem eg ætla ad segia þér! hvada mædu hefir ecki hún módir þín haft fyrir þér frá því þú varst úngbarn og gatst ecki gengid! hefir hún ecki siálf mátt liggia undir þér og géfa þér ad drecka? hvorsu opt hefir hún ecki mátt vaka á næturnar vegna þín? hvorsu mikid ángur hefir hún mátt bera, þegar eitthvad géck ad þér? og nú þegar þú ert komin á legg --- þá villt þú ecki vera henni þacklát fyrir allt þetta? skal þá þín dygdarika módir alls engann léttir hafa af þér hédanaf

inn-

innan-bæar? á hún þá einsomul ad giora allt þad, sem þarf ad sauma, prióna og spinna bædi uppá þig og hin bornin? edur á hún ad kaupa þad af odrum fyrir penínga? gétur þú forsvarad þad fyrir þinni umhyggjusullu módur, sem elskar þig svo miog --- fyrir þínum fodur --- fyrir þínum Gudi --- og þinni eigin samvitsku? er þetta þacklætid sem þú vilt gialda þinni gódu módur fyrir alla hennar trúfesti vid þig, ad hún, þó hún hafi born sem géta hiálpad henni til, skuli þó einsomul verda ad mæda sig med ollu þessu? og ---

Æ Fadir minn! hrópadi Þóra upp med tárin í augunum, eg bid ydur ad hætta. Þetta gét eg ecki lengur þolad. Eg vil fegin, hiartans fegin vera hemi Módur minni til hiálpar í ollum hlutum. Svona hef eg alrei hugsad úti þetta.

Gott er þad, barn mitt! svaradi Fadirinn, eg er ánægdur þar med; en eg verd enn ad setia þér meira fyrir sióinir.

III. Mun þad rétt, ad módir þín skuli géfa penínga út fyrir þad, sem þú gétur giort? Gæti hún ecki brúkad peningana þér og hinum bornunum til gagns med odru móti? Því stærri, sem þid verdid, þess meira þurfid þid med. Er þad ecki sanngiarnlegt, ad þid sialf lærid smámsaman ad vinna ockur nockud inn, og létta undir birdi Foreldra yckar; til ad spara þeim kostnad? svo vill Gud líka þad sé

eptir

eptir fiórda bodordinu. Penktu vel út í þetta, svo munt þú brádlega fá sinnaskipti.

IV. Vil eg setia þér fyrir siónír, hvad það eptir sig leidir, ef þú vex svona upp og lærir eckert nytsamlegt qvenn-manns-verk. Hvornin mundi fara fyrir þér, þegar þú yrdir stærri, og ættir að fara frá ockur, edur ef vid dæum? þá skyldir þú fara ad búa, og kynnir hvorki ad prióna, sauma né spinna? sialf alls eckert í búskapar-sokum né matseld? þá mundu vinnukonurnar hlæa ad þér og enga virdingu fyrir þér bera. Þar er varla svo aflagisleg vinnukona til, sem ecki kunni ad prióna sauma og spinna. Skyldir þú þurfa skilldings vid til alls, sem madurinn, þú sialf húsfreyan og bornin þirftu med af farnadi til dags og nætur? Það er og ætíd raun fyrir manninn, þegar vinnukonan kann betur ad matreida og annad, enn konan sialf. Hvad heldur þú enn framan: þegar dætur þínar vaxa upp, ættu þær þá ecki heldur ad læra ad prióna, sauma ne spinna, af því ad módirin eckert kann? en kynnu dæturnar allt þetta betur, mætti þá módirin ecki skammast sín hiá bornum sínum?

V. Er það ad sonnu mikid gott, ad þú finnur yndi í ad lesa, skrifa og reikna; en madur má þarfyrir ecki forsóma adra nytsamlega hluti. Það er satt, ad med því ad lesa, skrifa og reikna hlýtur þú ad undirbúa þig til þíns eptirkomandi búskapar, en ad

kunna

kunna þetta eintómt, og eckert annad, er ecki einhlýtt. Engum ektamanni er þént einúngis med lærdri konu, sem allann daginn situr vid bækur og lætur vinnufólkid sialfrádt, en skiptir sér eckert af mat-seld, vinnu edur neinum búskapar-háttum; med þeirri konu gétur hann ecki haldist vid, heldur hlýtur ad komast útá húsgáng. Siádú nú, barn! þetta leidir þad eptir sig, ef þú ecki villt læra ad prióna, sauma og spinna; því svona mundi þad fara. Hvad heldur þú um þad?

Þóra svaradi: o Fadir minn gódur! eg hefi aldrei hugsad svo lángt frammí þetta, eins og þér hafid nú lagt þad nidur fyrir mér. Eg þacka ydur audmiúklega fyrir, ad þér hafid advarad mig; eg hefdi annars ordid hin ólánlegasta manneskia. Þér hafid nú uppvakid lyst hiá mér; strax í dag lángar mig til ad byria. --- Módir mín! hvar erud þér? komid þér, eg ætla ad fara ad prióna. Alla hluti, alla hluti vil eg fegin læra.

En svo ad þú siáir, barn mitt! sagdi Fadirinn daginn eptir vid hana dóttur sína, ad þad er alltsaman satt, sem eg taladi vid þig í gier, skal eg segia þér litla sögu af henni Madömu Ulfhilldi.

43. Madama Ulfhilldur.

Þessi góda kona hafdi allt eins í úngdæminu ecki viliad læra ad prióna, sauma og spinna.

Hún kunni alls eckert í ad elda, mat-reida edur neinu þeſshättar. Hún hafdi ecki giort annad enn búid ſig í ſkraut, fundid uppá nýia tilbreytni í klæda-ſniidi, leſid æfintýri og lyga-ſogur, gengid út ad ſkémta ſér, ſpilad þeſs á milli margt eitt ſpil og ſofid til dag-mála. Þegar hún giptiſt og átti ad fara ad ſiá um ſitt hiá ſiálfri ſér, hélt hún ſama lagi, og lét allt gánga, ſem vildi. Madur hennar hafdi þeſshättar embætti, ad hann ſialdan gat verid heima. Sérílagi hlaut hann á ſumrum ad fara heiman ad á hverium morgni ſtrax um ſólar-uppkomu. Þar á móti lá Mad. Ulfhildur til dag-mála. Á medan mátti vinnu-fólkid giora hvad þad vildi. Þá fór marg-víslega um miólkina, matinn, vinnu-brogdin, og adra heimilis hætti; því Mad. Ulfhildur viſſi ecki upp né nidur í neinu og eckert hvad framfór fyrri partinn af deginum, og þad viſſu líka hiúin ad nýta ſér. Var þad ecki fallegt búſkapar-lag? Þegar hún loksins var komin á fætur, lét hún elda-ſtúlkuna koma inn til ſín, og nú var farid ad rádſlaga um hvad borda ſkyldi í middags-verd. Siálf kom hún aldrei í eldhúſid til ad líta eptir; hún hefdi þá kannſké kunnad ad kámа á ſér fingurnar. Þegar hún hafdi druckid ſér kaffe, las hún allſlags fá-nýtar bækur; ſidan var bordad. Vinnu-fólkid mátti ſiá um, ad þad fengi nock-ud, þad ſá og ſvo um, ad þad fæti ecki á hakanum. Eptir máltíd ſvaf hún um mid-

degid,

degid, og géck sídan út og jafnvel á bæi hvar hún flórdi fram á nótt. Þegar madurinn kom heim, fann hann optast hreidrid tómt. Öllu því, sem madurinn, hún sjálf og bornin þurftu med af fatnadi, hvoríum sock og vetling, var ellu komid fyrir á ódrum bæum ad búa til. Hvort vinnu-fólkid giordi nockud um vokuna, edur eyddi tímanum til óntytis, ad því var ecki spurt. Í stuttu máli: hún gaf fleiri pen-ingaa út fyrir allt þetta, sem hún sjálf hefdi mátt kunna og giora, heldur enn madurinn tók inn. Þau komust í stór-skuldir og flosn-udu upp ad fárra ára fresti.

44. Ögudlegi strákurinn.

Eg tala hér um þad megna gudleysi, þegar born hæda ad fátækum fóru-mönnum, gomlu og veiku fólki, sérílagi blindum, höltum og hrumum, og láta þeim í tie allt mögulegt spott, vondsku og undirferli. Eg vildi óska, ad lag-færdust allir þorpara strákar, sem sekir eru í þessari vondsku, og lesa þetta edur heyra. Rád-vondum bornum, sem hafa mannúdlegt hiarta-lag, kémur þad ecki vid, því þau hafa ecki í framm þvílíf stráka-þor.

Baldór, sonur Mímu-manns nockurs, var ögudlegi strákurinn, sem eg vil hér framsetia ödrum til vidbiódz. Hann var illa uppalinn og hafdi ætíd sied fyrir sér vond eptirdæmi,

þegar fólk deildi og hafdi í frammi hnisleg skálka-por, og þessvegna vard hann eins. En af því hann hafdi góda skynsemi af náttúrunni til, en brúkadi hana til ills eins, urdu hans hreckir og skálka-por því sniðugri. Hann setti sig út til ad finna uppá slíng skélmirsstrik og ad giora odrum skomm og skada. Hann rak nagla ígegnum sólana á stígvélunum miinnsveinsins, svo þeir skyldu rekast uppí iliarnar á honum, þegar hann færi í þau; og onnur þesshättar prackara-strik hafdi hann fyrir daglegt gaman. Hann var ad sonnu þrásinnis klagadur fyrir Foreldrunum, en þeir skiptu sér eckert af því, og þókti því vænna um drenginn, sem hann var ferdugri í ad finna uppá hnittilega hrecki. Var þetta þá medalid til ad betra þennann skélmir? Vid fátæka og forumennina breytti hann enn verr. Einusinni kom fátækur madur í miinnu-húsid, sem beiddist almusu. Legdú hérna pokann þinn, sagdi Haldór, og kom med mér út í hest-hús, þar skal eg gefa þér nockud. Sá fátæki giordi þad. Sídan lokadi hann hest-húsinu, tók sniörid og annad af matar-tægi, sem karlinn átti í pokanum og gaf þad hundunum, en lagdi steina aptur í pokann. Sídan hleypti hann honum út. Þegar kallinn ætladi ad taka upp pokann, þá vóru steinar í honum, hvar af hann grét beisklega, því þetta var aleiga hans; af þessu gladdist skélmirinn hiartanlega, þegar hann sá aumingiann gráta. Gétid þid imind-

ad yckur verri mann-vondsku? hann ecki ad eins gaf honum eckert, heldur rændi hann þvi litla, sem honum hafdi gefist, og þegar hann qvartadi yfir þessu, sigadi hinn hundinum á hann, sem beit hann í fæturnar. Var þetta ecki dæmalaus skélmir? Vid adra aumingia breytti hann enn verr. Frá þeim holtu tók hann lækiurnar og hafdi innilega gledi af því, þegar þeir komust eckert áfram edur urdu ad skrida á fiórum fótum. Einusinni kom blindur madur, sem leiddur var af barni; þetta lockadi hann í burtu, og setti svo trog, kérhold og ein og annar fóta-kefli í veginn fyrir þann blinda; kallad svo til hans: kom þú hingad, eg skal gefa þér nockud. Þegar vesælingurinn datt um þad, sem í vegi var, og meiddi sig til lyta á nesi og andliti, ætladi Haldór ad springa af hlátri. Í annad sinn leiddi hann blindann mann útá fiol, sem lagd var yfir um læk, og skildi vid hann á midri fiolinni. Halltú nú áfram, sagdi hann, þú gétur nú ecki villst. Þá datt madurinn ofan í lækinn og hefdi drucknad í honum, ef adrir hefdu ecki komid honum til hiálpar og dregid hann upp. Hvorsu skélfilegar bol-bænir og hefndar-óskir hafi verid lagdar yfir hann af ollum þeim, sem hann hafdi meidt, hædt og spottad, kunnid þid audveldlega ad iminda yckur. Eg segi ad sonnu ecki, ad annara eidar og formælingar yfir þeim, sem hafa ángrad þá, verdi ad áhrins ordum, því Gud segir:

Mín er hefndin, eg vil endurgialda; en Guds endur-gialds-tími bregdst vissulega ecki, eins og þid vitid af sögunni um hann Joseph og brædur hans. Og eptir því hugar-fari, sem Haldór hafdi, kunni honum ecki ad reida vel af. Hann ór upp, Fadirinn dó og hann fèck milnuna eptir hann. Eins og hann var hardur, grimmur og tyrannalegur vid adra, svo fór hann líka ógætilega og fiblslega med sialfann sig, og anadi út í hvorn háskann. Þegar hann einusinni um veturinn var ad picka ís frá milnu-hiólunum og slie á flata fiol med odrum fætinum, skrikadi honum fótur, svo hann datt nidur undir hiólin; en þegar hann var tekinn upp, vóru brotnadir bædi fætur og handleggir, svo þad var naumast ad hann hèllt lifinu. Þetta var þá fyrsta ólán-id hans. Þad mikla miol-dupt og brennu-víns-dryckia má hafa skadad sión hans; í stuttu máli: hann vard á besta aldri blindur á bádum augum, ofan á hin orkumslin, sem á honum láu. Þá sá hann sig um hond og grét sínar únadóms syndir. Þegar einhvorr haltur eda blindur kom, þá benkti hann med skélsingu til þess, hvorsu ógudlega hann hafdi hondlad med þesshättar fólk fyrrmeir. Hann upphrópadi opt fullur af orvæntingu: æ! þad hefi eg verdskuldad yckar vegna, ad eg nú er hrumur og haltur, og gét ecki sied dags-birt-una. O! ad oll ógudleg born, sem enn giora þvílikt, spegludu sig í minu eptirdæmi og vor-

uduſt

uduſt hád og hrecki, Því Gud lætur ecki ad ſér hæda; eg hefi mátt á Því kénna.

45. Um ſama efni.

Þegar Skóla-meiſtarinn Herra Pétur las lærisveinum ſínum Þeſſa fráſogu, ſolnadi upp fyrimanns ſonur nockurr, ad nafni Benedict. Því ſolnar Þeſſi úngi hofdíngi ſvo upp? ſpurdi ſá gódi madur hann ad. Þú hefir máské ecki góda ſamvitſku? mér virdiſt og, ad Þú munir vidlíkur gérſemis pilltur og hann Haldór milnu-manns ſonur. Eg ſie Þú hrædiſt, er Þad ecki ſatt? einúngis óluckuna, ſem kom yfir hann Haldór, en ecki Þína egin vondſku og ógudlegleika. Þú ſkalt vita, ad mér eru kunnug oll Þau ſkélmirs-bregd, ſem Þú ſeinaſt í giær hafdir í frammi vid Þann halta fiósamann og hana blindu Þurídi. Þú veitſt, ad eg hefi vald til ad ſtraffa Þig fyrir Þína ógudlegu hrecki. Eg gæti hýdt Þig, eg gæti barid Þig med pálma-ſtiku, eg gæti ſett Þig nockra ſtund í einhýſi, ſvo Þú mættir læra, hvornin liggia muni á hinum halta og blinda. En til hvorra nota væri allt Þetta, ef Þú ecki berrar Þitt hiarta og hugar-ſar, og áſtundar meiri mann-elſku. Spegladu Þig í Guds ſtraffi, ſem kom yfir hann Haldór, Því Þér kann aldrei ad vegna vel, ef Þú heldur eins áfram. Guds ord ſtanda ſtodug og hann hefir útpryckilega ſagt í Bibliunni: Taladú ecki illa til ens

dauf-heyrda; þú skalt ecki leggia ásteitingu á veginn fyrir þann blinda; því þú átt að óttast þinn Gud. Hvad heldur þú, ad hann Fadir þinn segdi, ef hann vissi þín skélmirs-stycki? Það er æra fyrir þitt stand, ad vera mann-elskari og ganga í fótspor þíns verduga Fodurs, hvorium svo margir aumir árna blessunar, fyrir gódgiordir hans. Hvort er betra, ad þeir aumu, holtu og blindu, sem eru í Fodurs þíns braudi, leggi yfir þig blessan eda bolvan? er það ecki hræðilegt, þegar þessir aumingiar blessa Fodurinn, en bolva syninum? ef þú heldur áfram í sama, muntú þá, eins og Job, og eins og þinn gódgiordasami Fadir, géta sagt á bana-sænginni: Eg var blindra auga, haltra fótur og fátækra fadir. Veitstú hvad þetta hefir ad merkia? þegar einhvorr kémur þeim halta og blinda til hiálpar og léttir undir þeirra eymd, þá er hann auga þess blinda og fótur þess halta; en hvorr sem hædir þessa aumingia og jafnvel giorir þeim illt, hann hædir siálfann skaparann.

Benedict komst svo vid af þessu tali, ad hann hlióp um hálsinn á Skóla-meistaranum og lofadi ad betra sig. Hin bornin viknudu líka svo miog, ad þau bádu Benedict, ad vera aldrei optar svo skélmskur og ógudlegur.

Nú, það er vel ad eg reyni, sagdi Hra. Pétur, hvort þú endir ord þín, því mér er það ecki jafn-kiært, hvort þér gengur vel edur

illa

illa med framtíd; en aldrei gétur þér vegnad vel, leidir þú yfir þig hatur, óbœnir og tár aumingianna.

46. Svefn-purkan.

Ad sofa mikid, er misa svo skadlegt heilsunni, þad giorir líkamann dádlausann, í stadinn fyrir ad hressa hann, og hefir margt yndi af bornum.

Kristín var svefn-purka og líka kollud þad, því á morgnana var enginn vegur ad nudda henni á fætur. Þegar hin bornin Þórdur, Sigurdur og Jórun hofdu verid á ferli góda stund, vóru búin ad þvo sér og klæda sig, fór hún fyrst ad rumska nidur undir; neri augun, eins og svefn-óra madur, sem vakad hefir í nockrar nætur, og var svo hrd og baldin, ad enginn gat komid tauti vid hana. Hin þarámóti vóru svo frísk og lystug, ad þau stucku upp og léku sér eins og lomb vid steck. Af hvoriu kom þad? af því, ad þau hofdu farid á fætur í tíma og haft af sér svefninn med koldum vatnsdryck. Kristín þarámóti gat varla gengid og dró líkamann eptir sér, geispadi, teygdi sig, og hafdi þó opt sofid heilli eykt lengur enn hin bornin, sem léku sér allt ikringum hana og hlóu ad, hvad grett og ólundarleg hún var, og hermdu eptir henni, þegar hún var hálf-sofandi. Kristín!

skodadú! ha, ha, ha, svona geispardú mikid — og gontudu hana. Þannig géck þad á hvoríum morgni. Hvor var nú orsökin, ad Kristín var hrd og ógédsleg? hin bornin vóru þad ecki. Hvad annad, enn sá mikli svefn? Því þar af verdur madur ecki friskari, heldur alltíd latari og þyngri, og þess vegna líka ólundarlegri, sjálfum sér og ódrum leidari. Svefnpurkurnar hafa aldrei útsofid. Er þá mikill svefn þénanlegri líkamanum og heilsunni, edur ei? hvort kémur madur sér betur, þegar hann er leidur og luntalegur, ellegar gladur og kátur? þetta megid þid vita sjálf, kiæru born! af egin reynslu. En hvad marga skémtun fer hann ecki á mis vid, þegar hann er miog svefnugur!

Qvoldid fyrir Hvítasunnu um vorid sagdi Fadirinn vid born sín: Á morgun verdid þid ad vera snemma á fótum, því vid skulum fara til kirkju, en egum lángann kirkju-veg. Strax um sólar-uppkomu vóru bornin tilbúin, komin í spari-fotin sín, lífleg og létt á sér. Vedur var gott og sól-skins hiti. Kristín var vakin tíu-sinnum, en þad var ecki vegur til ad koma henni úr rúm-bólinu. Öll hin bornin komu ad fletinu til hennar, ruggudu henni til og frá og leitudu allra bragda ad koma henni ofan, en þad var forgéfins. Hvar er Kristín? spurdi Fadirinn, þegar hann ætladi af stad. Hún sefur svo fast, ad þad er enginn vegur til

til ad vekia hana, sogdu bornin; vid hofum ruggad henni og sett hana upp, en ßad hiálpar ecki. Nú, svo látum hana sofa, sagdi Fadirinn og ßókti fyrir. ßau fóru oll af stad, og Kristín lá eptir. Um hádegis-bilid fór hún ad setiast upp, sat ßó enn gódann tíma í rúminu, medan hún var ad ßurka úr augunum á sér og leit allt í kring. Allt var hliódt, húsid tómt og allir burtu gengnir. Loksins skreiddist hún á fætur, og hugsadi ad askurinn bidi hennar; en ßad brást. Hún heyrdi eckert, og hvorin húsi var læst Nú má nærri géta, ad henni hefir ßókt svart í brotid, hún grét og hliódadi, svo ad sambýlis-fólkid í hinum bænum heyrdi ßad. ßad kom á gluggann og spurdi hvad ad henni gengi? æ! sagdi hún, eg sit hérna al-ein, hefi verid skilin eptir og hefi eckert ad borda. „Hvar er ßá hitt fólkid? „sagdi Gudrún, dóttir mannsins, sem bió „hinumegin." ßad fór allt til kirkiunnar snemma í morgun, og hefir látid mig liggia. „Og „ecki vakid ßig? sagdi Gudrún." Jú, í margar reisur, en eg gat ecki farid á fætur, ßad var svo snemma; hefir ßad svo farid af stad, og syskinin mín fá nú ad rída, heyra allar hringingarnar og siá liósin í kirkiunni. Hvad er framordid? — „framordid, sagdi Gud„rún. ßad er komid undir mid-munda. Hefir „ßú sofid allann ßann tíma? — ßér hefir vissu„lega ordid vært á milli reckvodanna." Æ! eg skammast mín nidur undir hellur, sagdi Krist-

Kristín. Æ! gefdú mér dálitinn bita inn unr gluggann; Pad hefir verid lokad ollum húsunum fyrir mér. „Pad var mátulegt fyrir Pig; „eg skal samt sækia nockud handa Pér.“ Æ! já Gudrún mín gód! gisrdú svo vel ad aumkast yfir mig. Olucku of-svefnsinn! Pú skalt ecki fara svona med mig optar. Um qvoldid Pegar komid var frá kirkiunni, vóru hin bornin hiartanlega glod. Kristín gat ecki litid upp fyrir sneipu. Fadirinn leit ecki vid henni; og sá spélni Sigurdur bródir hennar sagdi einúngis: Kristín! eg hugsadi, ad vid mundum enn Pá finna Pig í rúminu. Hún gat ecki svarad fyrir sneipu, en hin bornin gáfu henni nockra mola af braudinu, sem Peim hafdi verid gefid í hendina. Frá Peim degi vandi hún sig af Pví ad sofa mikid.

47. Gamla skuldin vedur fiórda bodordid.

Eg vildi óska, kiæru born! ad Pid viknudud eins vid eptirfylgiandi sogu, og eg hefi vid Hana viknad.

Eg hitti einusinni fátækann daglauna-mann vid eitthvort hid Pyngsta erfidi, er alla óvana mundi hrylla vid, sem ecki hafdi annad ad borda, enn lítid eitt af Purru svarta-braudi, og ecki annad ad drecka, enn blátt vatnid úr læknum. Pú gódi madur! sagdi eg til hans, Pú

þú hefir mikid strángt erfidi. Hvorsu mikid vinnur þú þér inn á dag med þessum súrá sveita? 6 skildinga, kiæri Herra! var svarid; en þar af má eg þó ecki eyda meir enn tveimur, já, meiru má eg ecki eyda, kiæri Herra! því eg verd ad lifa vid lítid, mikid lítid. Eg gét ecki útskírt yckur þad, kiæru born! hvornin nockur manneskia vid svo strángt erfidi gétur lifad af tveimur skildingum. Setied yckur í hans stad; hvorsu mikils þurfid þid med? hvorsu mikils á einum degi? mundud þid komast af med 2 skildinga? þessi vesælings madur hlaut þó ad lifa vid þad og þar til standa í svo straungu erfidi, ad hendurnar á honum vóru allar sprúnguar. Hafid þid ecki medaumkan med þessum vesælingi, sem þó er manneskia allteins vel og þid? Eg spurdi manninn ad, hvornin hann gæti lifad af 2 skildingum? til hvors brúkar þú þá hina fióra? já, gódi Herra! þeim hlýt eg nágvænlega ad sundurskipta; tvo af þeim geymi eg, svo eg géti tekid til þeirra, þegar mér liggur á; en med tveimur hlýt eg ad borga gamla skuld, sem mér liggur þúngt á hiarta. Erlegi madur! hugsadi eg med mér; þú hefir varla matarmola til ad láta uppí þig, og þó ert þú ad draga af þér uppí gamlar skuldir. Eg hafdi mikla forvitni á, hvornin þessi gamla skuld væri undirkomin. Eg gat ecki annad hugsad, enn ad hann hefdi tekid til láns skó á fæturnar á sér, edur eitthvad til lífs uppheldis.

Adur

Ádur enn lengra kémur, bid eg yckur, kiæru born! setied yckur fyrir, lesid ecki lengra, en reynid til, hvort þid fáid þess gétid, hvada gsmul skuld það mun hafa verid, sem lá þessum fátæka daglauna-manni svo þúngt á hiarta, ad hann daglega tók tvo skildinga frá munninum á sér til ad betala hana med. Sá sem gétur þess, skal á morgun mega hafa þá gledi, ad gefa einhvorium fátækum tvo skildinga. Eg sagdi vid manninn: á gomlu skuldinni þinni mun víst rída mikid. Þar hefir þú dálitid, gódi madur! og væri það mér kiært, ef þú gætir borgad hana med því. Tárin runnu af augunum á honum. Æ! það er þackaverdt, kiæri Herra! þúsundfold laun af Gudi fyrir mig! Nú gét eg líka druckid mér eina mork af sli til hressingar. Gud launi ydur það þúsundsinnum, já, þúsundsinnum! en gamla skuldin mín, kiæri Herra! hefir mikid uppá sig Hún er meiri enn þér hugsid. O! gódi Gud! ef þér vissud hvad mikil hún er.

Hana, born! hvornin gengur yckur? gétur eckert gétid þess? Nú, svo segi eg yckur það ecki heldur.

48. Um sama efni.

Mér flaug í hug, ad hann hefdi máské fyrrum hleypt sér í þessa skuld fyrir brennu-vín eda í spilum. Hvornin, kiæri madur! það mun

mun þó ecki vera fyrir úngdóms fá-vitsku, sem þú verdur nú ad lída? Svipnum, sem hann þá leit med á mig, gleymi eg ecki alla mína æfi. Sakleysid taladi ígégnum augun á honum, og eg sá eptir, ad eg sagdi þetta. Æ! kiæri Herra! sagdi hann; ydar ord í heidri; en þér hugsid, ad eg hafi verid svallari, sem hafi druckid og spilad; þar frá hefir gódur Gud vardveitt mig. Nei, gamla skuldin mín er allt ódruvísi undir-komin, og þér skulud strax fá ad heyra þad, kiæri Herra!

Eg fór ad hlusta vel eptir, og gi-srid þid þad líka, kiæru born! leggid þid þad vel uppá hiartad! sá ærlegi madur sagdi: — o! ad öll óþacklát born í heiminum heyrdu þad! ---- hann sagdi: þá sídustu tvo skildínga færi eg á hvørium degí minum gømlu foreldrum, sem eru ordnir ørvasa, og géta ecki leingur unnid. En hvar fyrir, spurdi eg enn framar, kallar þú þad þína gømlu skuld? eg spurdi hann ad því einúngis til þess ad dylia mín tár, því eg gat varla leidt mér í hug, ad þvílík dygd, ærusemi og þacklæti gæti búid undir svo toturlegum stacki. Gømlu skuld, hrópadi hann hátt, því spyrid þér, kiæri Herra! hvørs vegna eg kalli þad svo, sem eg er mínum gódu foreldrum skuldugur um? hafa þau ecki haft nóga mædu og amstur fyrir mér? er þad ecki þeim ad þacka, ad eg er kominn svo lángt, ad eg gét nú sialfur

unnid

unnid fyrir minu lifs uppheldi, þó eg taki nockud át med því? skyldi eg nú ecki aptur á móti med hraustum limum vinna fyrir þeim, þar þau eru ordin uppgéfin? væri eg ecki sá óþacklátasta manneskia, ef eg nú gleymdi þeim í þeirra elli? nei, svo lengi eg lifi — og vid þessi ord lagdi hann hendina á rekuna og sór vid Gud á himnum — svo lengi eg lifi er eg og verd eg yckar skuldunautur, minir gódu Foreldrar! ef eg gæti unnid mér meira inn, skyldi eg géfa yckur meira; en nú gét eg þad ecki. Mér fellur þad sárt, og eg borda mitt eyndarbraud optsinnis med tárum, svo þad er ordid gagn-blautt, ádur enn eg læt þad uppí mig. Skilied þér nú, kiæri Herra! mina gomlu skuld? þad barn, sem gétur lesid þetta án tára, um þess hiartalag gét eg varla dæmt gott. O! hættú, gódi madur! hættú! sagdi eg, Gud mun bleissa þig. Meira gat eg ecki sagt fyrir gráti og géck burt. Já, kalladi hann eptir mér: eg finn þad fyrir laungu, því gódur Gud heldur mér vid heilsu og heilbrigdi, annars gæti eg hvorki unnid mér neitt inn, né minum gomlu Foreldrum. En -- enn þá einusinni margfaldleg laun af Gudi fyrir ydar ríkuglegu gáfu! Meira heyrda eg ecki, þar eg var þá kominn svo lángt frá honum.

49. Um sama efni.

Eg géck til hans Herra Gódhiartads, sem ætti allt hverfid, og hvorium eg var gagn-kunnugur.

ugur. Þessi Herra bar nafn med rentu; hann var sannur mann-vinur, og skrifadi hiá sér í bók allar gódar athafnir sinna undirhafandi.

Þegar eg sagdi honum frá þessu, vard hann rétt hissa og sagdi: skal þá vera svo ærlegur sonur til á mínu gótsi, sem eg þecki ecki? eg tilgreindi stadinn og húsid, hvar þeir gomlu foreldrar biuggu, eins og sonurinn hafdi sagt mér. Hann tók registrid sitt, og stódu þau þar ecki, sem hann undradist stórum yfir. Strax sendi hann í húsid til ad grenslast eptir um þessi gomlu hión. Það var komid aptur og sagt, ad þau ecki gætu uppihaldid lífinu, ef ad þeirra ydni sonur gæfi þeim ecki daglega 2 skildinga. Herra Gódhiartadur sagdi: þetta er meiri giof af honum, heldur enn þó eg gæfi þeim heilann ríkisdal. Bordid þér hiá mér middags máltíd! Eg þacka ydur ástsamlega fyrir það, sem þér sogdud mér; þér gátud ecki giort mér meiri gledi í dag, sem er afmælis-dagur minn. Eg skal nú strax senda eptir þessum sátæka manni. Eg skal aptur gisra ydur skémtun. Á medan þessu fór fram, kom Frúin med bornunum inn í stofuna. Peim var sagt frá þessum atburdi og þau grétu medaumkunar tárum. Vid settum ockur til bords. Það var sagt, ad sátæki daglaunarinn væri kominn; honum brá miog vid þegar hann kom inn í stofuna, einkanlega þegar hann sá mig. Pétur! sagdi Herramadurinn, eg heyri þú sért í skuldum.

Er þad satt? Já, nádugasti Herra! sagdi hann, skiálfandi og titrandi, en engum odrum enn þeim, sem eg hefi sagt þeim góda Herra — og bendti til mín — minir gomlu Foreldrar — „Hvad mikid gefur þú þeim þá „á dag?" Tvo af minum sex skildingum. Gud veit, ad eg skyldi giarnan gefa þeim meira; en — Eg skil þig, Pétur! sagdi Herramadurinn. En heyrdu nú til: hvad mundir þú segia til þess, ef ad eg borgadi þessa gomlu skuld fyrir þig hér eptir? mundir þú vera ánægdur med þad? Pétur fell á kné og sagdi: o! nádugasti Herra! þá vildi eg þúsundfinnum óska ydur Guds blessunar, ef þér vildud gefa minum fátæku foreldrum þá 2 skildinga! — augun á þeim ollum vóru full af tárum — „Nei, Pétur! ecki var þad min meining. Eg „skal segia þér þad: þú ert dámumadur; þú „hefir sagt þessum Herra: ad þad sé fiórda „bodordid ad borga þina gomlu skuld þín„um fátæku foreldrum. Nú skalt þú líka siá, „ad Gud segir satt í fiórda bodordinu: svo „þér megi vel vegna. Fyrst þú ert svo „þacklátur vid foreldra þína, þá mant þú „líka verda þad vid mig. Þú skalt hér ept„ir vera gard-yrkiu-madur hiá mér, og „eg skal forsorga þina foreldra þángad til „þeir deyia. Fardú nú, og láttú gefa þér „nockud ad eta og drecka! á morgun skalt þú „og sá nyiann klædnad. Siádú nú, þar er „gamla skuldin þín borgud." En --- hvorr

kann

kann ad útmála hugar-hræringar og þacklát-semi þessa góda sonar!

50. Gamli madurinn.

Þórarinn. Hvad er þad, Fadir minn gód-ur! sem þér erud ad lesa fyrir henni Módur minni? hvad gamall vard þessi madur?

Fad. Þad er gott, minn son! ad þú hef-ir tekid eptir. Eg er ad lesa í frétta-blödun-um og finn, ad í Dúblín á Irlandi hafi dáid madur, sem var 119 ára gamall.

Margrét. Hvada skélfilegur aldur! 119 ár! eg er nú nærri því 8 vetra. Ef eg skyldi verda svo gomul, svo mætti eg lifa 111 ár til.

Jacob. Svo gamalt verdur fátt fólk nú um stundir; en í Bibliunni gétur um mikid gamla menn.

Fad. Þad gildir nú ecki lengur, því þad heitir: vort líf varir 70 ár, og þegar þad kémst hátt, er þad 80. Þar fyrir er þad merkilegt, ad þessi madur vard 119 ára gamall.

Þórar. En þad vildi eg giarnan vita, hvernin þessi madur hefir hagad lífernis-hátt-um sínum. Hann má hafa verid mikid ríkur, haft allt, sem hann vildi hendina til rétta og haldid sig vel eptir vild sinni.

Jacob. Hann hefir víst ecki lagt ad sér mikid erfidi en átt náduga daga.

Margr. Hann hefir vissulega á hvorium degi bordad svo mikid, sem hann hefir viliad, af hunángs-kokum, fiskium og odrum sætindum, og þess vegna hefir hann ordid svo gamall.

Fad. Svo! haldid þid það? Þid hafid þá öll sagt yckar meiningu, af hvoriu madurinn muni hafa ordid svo gamall. Vid skulum nú gæta ad, hvort þid hafid gétid rétt til. Þórarinn! lestú frétta-bladid fyrir ockur.

Þórar. „Í Dúblin. Fyrir nockrum dögum dó hér einn viss madur Pétur Derry „á sínu 119 aldurs ári.“ en þar stendur ecki, hvorr hann eginlega hefir verid.

Fad. Þar af siáid þid strax, ad það hefir verid einhvorr slettur almúga-madur, sem enginn mundi hafa lagt merki til, ef hann ei hefdi ordid 119 ára gamall. Til eru dæmi uppá fleiri gamla menn í heiminum. Enn þá eldri vard sá fiorgamli nord-madur Christián Drackenberg, sem dó þann 9. Octobr. 1772 í Arhús og vard 146 ára. Optast hafa þessir fiorgomlu menn verid af lágu standi, sem ecki hafa haft miklar kirrsetur, heldur mestann part æfi sinnar verid í hreinu lopti og þolad bædi skin og skúr. Lestú nú meira.

Þórar. „Hann hefir einúngis tvisvar verid siúkur á allri sinni æfi, og allt til dauda„dags friskur og heilsugódur.“

Fad.

Fad. Er Pad ecki mikid, born! ad hafa verid einúngis tvisvar siúkur á 119 árum? einúngis tvisvar? og allann hinn timann frísk-ur allt til daudans? Hvorsu opt hafid Pid ecki hingad til á yckar fáu aldurs árum legid siúk? hvorsu opt hafid Pid ecki giort yckur siúk! og erud Pó enn Pá ecki 10 vetra gomul! Pad má med réttu segia um Pann mann ad hann hafi lifad. Lestú áfram Þórarinn!

Þórar. „Daginn ádur enn hann dó, „var hann í brúdkaupi hennar dótt = = dótt = =" — hvernin á ad lesa Pad? — „hennar dótt-„ur = dóttur = dóttur = dóttur = dóttur sinnar." Pad skil eg ecki.

Fad. Pá peckir barnid hennar elstu syst-ur sinnar, hana litlu Sigridi. Hún er mín dóttur-dóttir. Ef hún vex upp og á barn, Pá væri barnid hennar Sigridar litlu mín dóttur-dóttur-dóttir. Og ef eg lifdi Pad, ad Petta hennar barn ætti aptur barn, svo væri Pad mín dóttur-dóttur-dóttur-dóttir, og Pá væri komid í fiórda lid. Ef Petta barn ætti enn Pá barn, Pá væri Pad mín dóttur-dóttur-dótt-ur-dóttur-dóttir í fimta lid. Skilur Pú nú? Adra eins dóttur í fimta lid átti Pessi gamli madur, og var í brúdkaupi hennar. Pegar hún gipti sig, lifdi hann enn Pá. Pad er fá-heyrt, ad hafa asa láng-ömmu sinnar fyrir brúdkaupsgést, og hefdi hann lifad enn Pá eitt ár til, svo hefdi hann gétad sied sína nidia í siotta lid.

Þórar. Hvorr veit nema sá gamli madur hafi gladst ofmikid.

Fad. Það er vel mögulegt, Allt ofmikil gledi gétur allteins vel flýtt daudanum, eins og of megn sorg eda hrædsla. Máské hann medfram af ofmikilli gledi hafi í þetta sinn bordad edur druckid nockud meir enn hann var vanur. En — takid vel eptir, börn! hvad nú kémur; það er yckur öllum nytsamlegt alla yckar æfi.

51. Um sama efni.

Þórar. „Full orsök er til ad þenkia, ad hans „hái og heilsu gódi aldur megi tilreiknast hans „höfsemi og ydni."

Fad. Hættú Þórarinn! Brúkid þid hér, börn! alla yckar athygli, ef þid hafid hinn minnsta kiærleika til siálfra yckar og yckar únga lífs. Hvornin er mannsins hái aldur hér útmáladur? Þar stendur enn þá eitt hvort ord, Jacób!

Jacob. Var það ecki hans hái og heilsugódi aldur?

Fad. Jú, mín börn! gætid vel ad þessu. Ad lifa 119 ár og vera ecki heilbrigdur; ó! gódi Gud! það væri mikid bágt. Þegar þid einúngis erud sjúk í nockra daga, hvorsu þúngt legst það á yckur! hvad þá heldur, ef þid lifdud í 119 ár, og værud lengst af sjúk og sæng-

sænguliggiandi! en hár og heilsugódur aldur, Pad er líf, Pad er gledi, Pad er velgiorningur af Gudi.

Þórar. Því lætur gódur Gud ecki alla menn verda svo gamla og heilsugóda? Pad vildi eg giarnan verda.

Fad. Já, því trúi eg vel; Pad er hægt ad segia. Pad mundu allar manneskiur vilia, en Þær eru sialfar opt og tídum skuld í, ad Þær ecki ná háum og heilsugódum aldri. Er Pad Gudi ad kénna, Þó menn sialfir med leti, óhófsemi í mat og dryck, med reidi, óvarkárni og óteliandi odrum hlutum skilie sig fyrir tímann vid heilsuna og lífid? margar manneskiur, einkum börn, gætu nád hærra aldri, ef Þær einúngis vildu. En høfud-orsøkina vildi eg Þó giarnan vita, ad Þessi madur vard svo gamall. Þar stendur enn Þá nockud um orsøkina til hans háa og heilsugóda aldurs. Þórarin! segdú ockur Pad enn Þá einusinni.

Þórar. Hans hófsemi og ydni.

Fad. Petta eru allar adrar orsakir, heldurenn Þid uppástúngud, hvar fyrir madurinn vard svo gamall. Þar siáid Þid, ad Pad er ecki undir Því komid, ad vera ríkur, ega góda daga, borda sæta rétti, hunángs-kokur og Þessháttar, búa í fallegum húsum, sofa á miúkri sæng edur bruka marga læknisdóma, Þegar einhverr vill verda gamall og heilsugódur. Pad

er fiærri. Af ollu þessu hafdi sá gamli madur eckert. Hann hefir og ecki hlíst sér, heldur ersídad mikid, og vard þó 119 ára gamall. Einúngis hans hófsemi og ydni. Þetta eru tvo gull-væg ord! betri enn gull og silfur. Kauptú þér heilsuna, Þórarinn! fyrir þúsund dali, þegar þú ecki hefir hana!

Þórar. O! Margrét og Jacob! þar komumst vid skamt med ockar vísdómi.

52. Um sama efni.

Fad. Þetta vóru þá ávextirnir af hans hófsemi, ad hann var ern og hraustur, en ávextirnir af hans ydni, ad hann lifdi svo lengi. O born! gefid vel gætur ad þessu! sá sem eydir tímanum til ónytis, og vill eckert giora, hversu lengi mun hann verda hraustur og heilsugódur? Til heilbrigdi útheimtist ad madur melti vel matinn og ad blódid hafi hindrunarlausa umrás í líkamanum og verdi ecki ofþyckt, og ad madur ætíd bordi hollann mat.

Þórar. Já, þad er satt. Þegar eg hugsa til ríkis-manna barnanna í hinum bænum, svo vil eg ecki skipta. Þau liggia í rúminu þángad til um dagmál á morgnana; sídan drecka þau svo mikid kaffe, chocolade, thee o. s. fr. --- giora eckert allann daginn út í gegn --- borda varla nockurn tíma eina sneid af grófu braudi. Þegar eg stend í dyrunum med fisk-

eda

eda braud-bita med smiori vid, kemur einn sonurinn þadan opt og segir: gefdú mér dálitinn fisk- og braud-bita hiá þér; eg skal gefa þér fyrir það aptur nockud af hunángs- eda ponnu-koku. Svo velgir þau siálf vid þessum sætindum, af því þau hafa þau allt af. En hvornin þau líta nú út! þau eru grá í gegn. Þegar vid gaungum út til skémtunar saman, þá eru þau svo púnglimaleg og komast varla lengd sína, leggiast fyrir edur setiast nidur ad hvíla sig á hvorri þúfu og géta ecki gengid upp bratta brecku; en vid gétum hlaupid yfir hollt og hædir, mýrar og þurr-lendi, og það jafnvel í siúki og regni og verdum ecki þreytt.

Fad. Þar sier þú, ad eg giori yckur engann skada med því, ad uppala yckur svo, ad þid verdid heilsugód. Virdtu fyrir þér ydinleysinginn, edur þá, sem hafa vanid sig á sælgæti, hvorsu stirdir og stífir eru limirnir á þeim, af því þeir brúka þá ecki. Smidurinn, hann nábúi ockar, sem er ad beria med hamrinum allann daginn, svo ad neistarnir fliúga allt í kring, hvorsu sterkir og hraustir eru handleggirnir á honum? aldrei heyrid þid hann qvarta um neitt. Verts-húss-madurinn þar á móti, hvorsu opt qvartar hann ecki yfir siálfum sér, svo ad þid hlæid ad honum? það gengur sífeldlega eitthvad ad honum, og aldrei er hann eina stund heilbrigdur. Þeg-

ar vatnid stendur lengi kirrt, verdur pad fúlt og lyktar illa; allteins er því líka háttad med manneskiurnar.

Þórar. Fadir minn! er pad ecki Maurinn, sem er svo ydinn?

Fad. Jú, minn son! Þeim lata er vísad til hans í Bibliunni: Þú hinn lati, segir sá vitri Salomon, far þú til maursins og lærdú visdóm af honum. En vid megum ecki gleyma gamla manninum ockar. Þar var enn þá eitt medal, hvar med hann hafdi vidhaldid heilsu sinni, hvort yckar gétur nú munad pad?

Øll. Med hóffemi.

Fad. Svo var pad! med hóffemi! þegar þid etid og dreckid ofmikid af þeim hollasta mat, hvernin verdid þid þá til móds? hvorfu dofin verdid þid þá og þúng á yckur? øll gledi er í burtu; því heldur ef þid borduduð ofmikid af óhollri fædu, fikur-kokum og þefsháttar. Hugfid nú eptir, þegar þetta kémur opt ad, hvorfu mog pad muni fkémma magann og meltinguna. Af óhóffemi deyia viffulega margar manneskiur fyrir tímann, sem hefdu kunnad ad lifa lengur. Ecki ad sonnu ætíd af óhóffemi í mat og dryck, því hægt er líka ad vera óhóffamur í ódrum hlutum, í gledi, í forg, í erfidi, í fvefni, í þánka-brotum, o. f. fr. og fpilla þar med heilsu sinni.

En

En við skulum lesa lengra, og vita hvort við finnum ecki fleira gott í þessa gamla manns lífs-sögu.

53. Um sama efni.

Þórar. „Hans vanalegi dryckur var vatn „og hann lifði við einföldustu fæðu. Vín og „öl dræck hann einúngis sem læknisdóm."

Fad. Skilur þú þetta Þórarinn?

Þórar. Ecki allt; hvad er það: einföldustu fæðu?

Fad. Þegar hún móðir yckar tilbýr handa yckur góðann kál-graut og þið borðið upp úr askinum yckar, og svo kiöt-bita með; það er einföld fæða; eins þegar þið borðið fisk og smior. En samansett edur konstug fæða er samanblönduð af margslags efni og margvíslega kryddud og tilbúin; hvornin gétur það samsull verið hollt?

Þórar. Gamli maðurinn hafði líka druckið tómt vatn, en það gétur þó ecki verið heilnæmt, það giorir manni svo kaldt í maganum.

Fad. Hvað brestur yckur þá, þegar þið dreckið vatn? hreint kaldt vatn er sá heilnæmasti dryckur, þar það er alldúngis óblandað, og styrkir með sínum kulda. Þegar þú hefir bordað súrann mat og dreckur síðan öl-saung, orsaka þau ólgu í maganum, en ecki þegar þú

þá dreckur hreint vatn. Þetta vissi gamli madurinn; hann misti ecki þar af krapta sína, eins og margur hugsar. Margir menn, sem ecki drecka vatn, heldur ol, vín og þesshátt-ar og borda dyrustu rétti, eru lángtum qveis-arlegri og géta hvorgi nærri af-kastad því, sem slettur bóndi, er þó opt dreckur margann vatns-dryck.

Þórar. En hann hefir þó stundum druck-id vín og ol.

Fad. En hvad stendur þar hiá? einúng-is sem læknisdóm. Þad hefir þessvegna haft sína verkun hiá honum, þar hann ecki drack þad daglega, því annars verdur líkaminn svo vanur vid þad, ad hann hefir enga hressingu af því, og manni smackast þad ecki nærri eins vel og þá madur dreckur þad sialdan, Ef vid tækium inn daglega lækn is-medol, þá hiálp-udu þau eckert, þegar vid værum ordnir van-ir vid þau.

Þórar. Þér gefid ockur þó optsinnis dropa af víni.

Fad. Já, þad giori eg af ásetníngi, en ecki of opt né of-mikid; því þá er þad líka fyrir yckur þad sama, sem þad var fyrir gamla manninn, nefnilega lækn is-dómur.

Jacob. Penna lækn is-dóm er mér lángt-um betur vid enn pillurnar og púlverid.

Fad.

Fad. Sá sem lifir höfsamlega, þarf á engum pillum né púlveri ad halda. Hugsa þú vel eptir þessu. Því meir sem þid í mat og dryck, og öllum yckar eptirkomandi lífernis-háttum hegdid yckur eptir náttúrunni, þess heilsubetri verdid þid og þess lengur lifid þid.

Þórar. Hvad er það, ad hegda sér eptir náttúrunni?

Fad. Eins og gamli madurinn lifdi. Ad eta og drecka ecki annad enn það, sem er hid allra náttúrlegasta og á best vid líkamann og heilsuna. Það náttúrlegasta er höfsemi og ydni. Hér uppá gét eg sagt þér, Þórarinn! látínska reglu. Þú hefir þó þegar lesid nockur af þess lærda rómverska manns *Ciceronis* bréfum. Hann segir það sé sú besta lífernis-regla: Seqvere naturam. Gétur þú útlagt það?

Þórar. Það þýdir: Fylgdú náttúrunni. Það er og *imperativus* af seqvor, eg fylgi.

Fad. Nú, það var ágiætt. En vid erum enn þá ecki búin med lífs-soguna gamla mannsins. Mér þykir gaman ad vita, hvort hér er eckert talad um hans úngdóm, því sá sem spillir heilsu sinni á úngdóms árum og æskuskeidi, verdur traudlega heilsu gódur í ellinni.

54. Um sama efni.

Þórar. „Í úngdæminu svaf hann aldrei yfir „6, og í ellinni aldrei yfir 8 klucku-stundir.“

Fad.

Fad. Heyrid þid þetta, Jacob og Margrét. yckur fellur dável ad sofa á morgnana, og hugsid, ad þad skadi yckur eckert, þó þid sofid lengi. Þessi gamli madur svaf aldrei í sínu úngdæmi yfir 6 stundir; þad er frá kl. 10 á qvoldin, til þess kl. 4 á morgnana. Og þid sofid opt 12 klucku-stundir, edur réttann helming lífsins. Þegar þid einhvorn tíma erud vakin kl. 6, edur um midian morgun; hvorsu bágt egid þid þá med ad fara á fætur! þid gétid þá varla lokid upp augunum, og þegar þid hafid legid fram undir dagmál þykist þid enn ecki hafa útsofid, en erud hrd og óglod allann daginn; þad kémur af of laungum svefni.

Jacob. Já, Fadir minn! þad er líka ædi snemma, sem vid verdum ad fara á fætur stundum.

Fad. Já, þid hugsid, ad þad sé of-hardt, ad vekia yckur snemma; en þid vitid ecki ad yckur er audsyndur þar med sá mesti velgiörningur, og eins er þad í sleirum hlutum, ad þid siáid ecki, ad þad er yckur siálfum til góda. Lestú meira!

Þórar. „Hvar sem hann ferdadist, var „hann optast gángandi, og hvar sem hann „kom, var hann ánægdur."

Fad. Siáid þid nú? hann hafdi ecki vanid sig á qveifarskap. Ad gánga er ætíd gód hræring fyrir líkamann og vidheldur heilsunni.

unni. Par fyrir er pad yfrid gott, pegar born ganga mikid nockud, og sitia ecki ætíd fost, eins og pau séu nidur-negld.

Þórar. Pad var gott, ad hann alltaf var svo ánægdur. Eg er pad líka; mér liggur opt vid, ad stockva yfir bord og becki af gledi.

Fad. Hvaraf koni pad? af því, ad hann var hraustur og heilbrigdur, því hverr sem er siúkur, hefir ecki mikla gledi. En pad var ecki pad einúngis, sem giordi hann ánægdann. Lestú lengra.

Þórar. „Og leitadist vid med sínum Vel-„giørdum og vinsemd ad giora adra á-„nægda."

Fad. Pad var gódur madur! þó vid ecki hefum þeckt hann, þá megum vid þó halda mikid af honum eptir daudann, af því hann var svo gódur vid adra. Med hverju var hann pad?

Þórar. Med velgiørdum og vinsemd. Vinsemd, hvad er pad?

Fad. Ad hann var svo gódmótlegur og vinveittur vid alla. Hann giordi ætíd gott; pad giordi hann og ætíd ánægdann, og pad heitir ad hafa góda samvitsku. Sá sem giorir illt, er aldrei eginlega gladur, heldur si-fullur af ótta og óróseini, ad pad muni komast upp og hann verda straffadur, eins og þid finnid hiá sialfum yckur; pad er vond samvitska. Hann giordi

giordi vel vid sialfann sig med hóffemi og ydni, en adra med gódgiordum og vinsemd. Hann hafdi sialfur ecki mikid af ad leggia, en gaf þó odrum af því. Pad var mikid gódur madur! og þar hann ætíd var svo gódhiartadur, vingiarnlegur og þénustuviliugur vid adra, taladi aldrei hardt vid nockurn, var ecki ólundarlegur, grófyrdtur edur afundinn vid nockurn mann, unntu honum allir hugástum. Þar fyrir hafdi og gódur Gud hann kiæran, lét hann lifa lengi hraustann og heilbrigdann, gaf honum marga gledi af bornum sínum, barnabornum og barna-barna-bornum inn til sinta lids. Því stendur hér framvegis:

Þórar. „Hann eptirlætur sér af born„um og barna-bornum 32 nidia, og oll borg„in syrgir hans dauda."

Fad. Var þetta ecki mikid falleg lifssaga? siáid! þetta eru ávextirnir af hóffemi, ydni, gódgiordum, vinsemd og mann-elsku. O! mín kiærustu born! verid hóffsom, vinnusom, ydin, gódhiortud, medaumkunarsom, vingiarnleg, þénustu-viliug vid alla, þá munud þid uppskéra eins góda ávexti þar af; gódur Gud mun þá og uppfylla á yckur fyrirheitid: svo þér megi vel vegna og þú lifir lengi á jørdunni.

Jacob. Og verda 119 ára gamul.

Fad. Pad fylgir ad sonnu ecki þar á eptir. Vid megum ecki heimta neitt af Gudi.

Og

Og þó þid ecki verdid 119 ára gomul, þá lifid einúngis svo, ad þid vid yckar lífsenda, þó þad varadi ecki nema 19 ár, kunnid ad segia: vid hofum lifad Gudi til dirdar, ockur siálfum til gagns og gledi og odrum manneskium til velþócknunar; því þad má eginlega kallast ad hafa lifad.

55. Dauda-þánkar handa bornum.

Fadir nockurr géck einusinni út til skémtunar med bornum sínum. Um daginn hafdi verid brád-heitt. Blómstur og jurtir hengdu kollana nidur og þau fallegustu vóru ordin uppvisnud.

Bornin anmkudu blómstrin. Takid hér eptirdæmi, kiæru born! sagdi Fadirinn, af blómstranna visnan, því allteins er barnanna líf; þad lidur snogglega burtu álika og blómstrin visna; en þid erud svo hugsunarlaus, svo óforsiál, ad þid oldúngis ecki þenkid til daudans! æ! hvorsu litinn gaum géfid þid ad yckar heilsu og lífi? þid giorid yckur brád-heit og dreckid sídan kaldt; þid stockvid, klifrid, hrindid hvort odru og slást hvort annad. Hvorsu brádlega kann ad verda útgiort um yckar únga líf! Litid til þessara blómstra; í morgun hafa þau stadid í fullum blóma, og nú? — oll segurd, allt líf er í burtu. Allteins snogglega kann líka frískur drengur og frid stúlka ad burtsviptast! verid rád-vond,

dyadug, hóffsom, forsiál, svo þid ætíd séud vid-búin, því þid erud eckert augna-blik óhult fyr-ir daudanum. Þenkid til þessara blómstra og gleymid ecki, ad Gud all-opt hefir fulla orsok til ad láta bornin deyia snemma. Munid til þess, ad nýlega eru 1500 born og úngmenni daud í bólunni! (*)

Bornin vóru mikid athugasom vid þetta, og stordu sifeldleaa á visnudu blómstrin. Med-an á þessu samtali stód, komu þau nærri kirk-iu-gardinum. Eg hefi hugsad, sagdi Fadirinn, ad vid einhvorn tíma skyldum koma hér og vitia þeirra daudu. Eckert er gagnlegra fyrir born, enn ad minnast opt á sinn dauda. Trúid mér, kiærustu born! --- trúid yckar Fodur, sem hefir reynt svo margt í lifinu --- eckert hefir í minum barndómi og á æsku-skeidinu aptrad mér meir frá því vonda, heldurenn þegar eg hugsadi med sialfum mér: eg kann ad deya á þessu augna-bliki; mundi mér hent ad deya á medan eg er ad giora illt eda hefi illt í sinni? Eckert hefir heldur meir uppörfad mig til góds, til hlýdni vid mína foreldra og kennendur, til hóffsemi, til varkárni, til ærlegheita, til trúmensku og til hræsnislauss gudsótta, heldurenn þegar eg yf-irvegadi: ef eg dæi svona á mig kominn, þá mundi hinn gódi Gud ecki útsnara mér, eg þarf ecki ad vera hræddur vid hann, því eg hefi góda samvitsku.

Í úng-

(*) 1786 dóu hér í bólu 1500, en 1707...18000.

Í úngdæmi minu var drengur í nágrenninu 12 vetra gamall, sem lét adra vonda drengi narra sig til ad drecka sig út úr. Sídan var spilad, druckid, blótad, flogist á; og þessum vesælings dreng var steipt svo fullum med brennuvíni, ad hiartad á honum brast í sundur, og var sídan borinn daudur heim til foreldra sinna. Hvada verkun daudi þessarar úngu manneskju hafi giort hiá mér í þad sinn, gét eg ecki útmálad yckur. Drottinn Gud minn! hugsadi eg med sjálfum mér; þad er mikid skelfilegt ad deya þannig midt í sínum syndum! rétt af sjálfu því vonda, sem madur giorir, og drepa svo sjálfann sig med lostunum!

Eckert hefir meir upporfad mig til þolinmædi og ánægju, heldurenn ad hugsa opt um daudann. Tveir brædur minir dóu, yfirburda fridir og efnilegir drengir, þeir standa mér enn þá fyrir hugskots-sjónum. Þá þenkti eg opt, þegar eg sá, ad sumur börn vóru velbúin og jafnvel þóktust af því: Hvorsu brádlega kann daudinn ad giora enda á allri fegurd! Þá þenkti eg opt, þegar eitt hvad brotnadi af því, sem eg var ad leika mér ad, edur þegar eitt og annad géck ecki eptir vild minni: Þad er forgengilegt og vér hljótum ad skilia hér allt eptir, þegar vér deyum. Þannig lærdi eg í daudans skóla, þolinmædinnar, andmyktarinnar og ánægjunnar stafrof. Þar lærdi eg, ad festa ecki hiarta mitt of-mikid vid nockurn hlut, sem mér

var vel vid. Par lærdi eg, hvernin eg skyldi halda minum girndum í tauma, svo þær aldrei yrdu mér of-sterkar.

O born! af þessu hefi eg haft gott alla mína lifdaga. Fylgid eptirdæmi yckar Fodurs og minnist yduglega daudans! Þid munud hafa sama gott af því, og undir eins læra þar af, hvernin þid egid svo ad lifa, ad daudinn verdi yckur ecki skélfilegur. — Komid, vid skulum nú ganga inn í kirkiugardinn!

56. Kirkiu-gardurinn.

Þau gengu inn um sálu-hlidid, uppyfir hvers inngángi vóru málud þau verkfæri, sem brúkast vid greftrun, svo sem lik-kista, páll, reka og reipi. Þar vóru morg hundrud grafir, med og án lik-steina. Þar vard ecki gengid fótmál, svo ecki væri leidi vid leidi, sem daudra manna bein láu undir; þar vóru og morg ný leidi, smá og stór. Flest af þeim vóru ordin gras vaxin.

Hvorr mun liggia undir þessu leidi, spurdi Fadirinn? hvorr veit þad? og þó sá daudi, sem hér liggur undir, væri grafinn upp, og hann hefdi verid Fadir minn, svo mundi eg þó ecki þeckia hann. Bein, dupt og mold mundum vid finna, en eckert annad. Æ! born! hvad er manneskjan í grafinni? Þid

siáid

sjáid nú hér, ad enginn hefir af miklu ad stæra sig, og ad ßad er sávislegt, ad ßykiast mikill af heidri, ríkidæmi, standi og ætt-gofgi. Hér eru allir jafnir. Kóngurinn er hér ecki meiri enn foru-madurinn; og ßó einhvorr Kóngur lægi hér grafinn, hvorr gæti fundid hann? æ! hvad er manneskian í grofinni?

Sídan komu ßau til bein-hússins, hvar uppgrafin bein og hofud-skéliar vóru geymdar. Allt ßetta lét hann bornin nágvæmlega adgæta. Skodid ßid ßetta hofud, sagdi Fadirinn; ßad er máské af einhvorium nafnfrægum, ríkum og lærdum manni; en ßetta hofud máské af einhvorium fátækum og lítilmótlegum manni. Bornin litu hvort uppá annad og sögdu: ßar er enginn munur á ßeim. Og hér sjáid ßid oll, sagdi Fadirinn aptur, sjálfra yckar minnd sídar meir. ßad sama og ßessir eru nú, hljótum vid oll ad verda, innan skamms edur lángs tíma. Og hvorr veit, hvad lángt ßess er ad bída? ßetta á ad kénna yckur ad óttast Gud, ad vera audmjúk og gjora ßad, sem gott er.

Æ! hvad stendur ßarna? kolludu bornin upp yfir sig, ßegar ßau komu til einnrar hvelfingar vid munnrinn. ßad eru lík-kistur. Til hvors eru ßær settar svona hátt? ßad er hræddilegt, ad grafa ecki á daudu! hvad er ßad, sem stendur á spjaldinu?

„Pessir tveir brædur urdu fyrir 50 árum „sundur-þyckir vid spil og ráku hvorr ann-„ann í gégn í reidi. — úngum mönnum „til advörunar, standa þeir hér ógrafnir."

Bornin snéru sér undan og grétu. Þar sjáid þid, sagdi Fadirinn, hvar til géds-hræringar, lyst til ad spila, reidi og hefndar-girni kann ad koma manneskjunum. Þar urdu þessir tveir brædur ad liónum hvorr vid annann, máské fyrir fá-eina skildinga, og hættu ecki, fyrr enn þeir hefdu myrdt hvorr annann. Látid þad og verda yckur til varúdar, því — ödrum til vidbióds og advörunar standa þeir hér ógrafnir.

Æ! Fadir minn! hrópudu bornin: lofid þér ockur ad gánga á burt hédan, því vid gétum ecki lengur horft á þetta!

57. Graf-skrift yfir gódu barni.

Þau genau nú frá einni gröf, frá einum legsteini til annars. Bornin sködudu helst litlu leidin, því þar láu undir beinin af smábornunum. Hér, sagdi Fadirinn, liggia morg gód og slæm born fyrir laungu rotnud! og hér hafa morg fedra og mædra tár yfir-dropid!

Skodid þid, born! sagdi Jón, hvad eg hefi fundid! komid hingad öll saman! þad er verdt,

verdt, ad þid lesid þad oll saman, sem stendur á þessum lík-steini. Þau hlupu oll til líksteinsins. Honum var skipt í þriá kafla edur skildi. Á þeim fyrsta stód nafnid: Christín dygdarík, og hennar 12ta aldurs ár. Á odrum kaflanum var úthoggvid visnad blómstur, med þessari yfir-skrift: Blómstrid er af-fallid. Á þeim þridia stód upprennandi sól, med graf-skrift af Spekinnar bókar 8 kap. 19 og 20 v. Ég var vel-artad barn og hafdi fengid hreina sálu, en þar eg var vel uppalin, kom eg til ósaurgads líkama. Þetta hlióðar odruvísi, sogdu oll bornin, heldur enn á hinu spialdinu.

O þú góda barn! hvort hellst sem þú hefir verid! sagdi hún litla Christín, þad gledur mig, ad þú hefir borid sama nafn og eg. Þú ert allareidu meir enn 20 árum eldri í þinni grof, heldur enn eg hefi lifad, og mér er enn þá vel vid þig. Hvildú þig sætlega, góda barn! gódur Gud vardveiti þín bein! Nockur tár hrundu nidur á grofina og bornin sofnudu blómstrum í þessum stad, sem þau ætludu ad geyma til endurminningar þessa góda barns.

Hvad þenkid þid? hvada hugarhræringar finnid þid hiá yckur, kiæru born! sagdi Fadirinn, þegar þid lesid þessa graf-skrift. Vissulega hafa foreldrarnir ecki verid sáttir á,

ad missa þessa þeirra kiæru dóttur, en því henni til æru látid setia þessa graf-skrift yfir hana. O! velartad barn! barn med hreinni sálu! það kunni ecki annad, enn hafa gott, hreint, dygdugt og frómlundad hiartalag. Það hefir endilega hlotid ad hafa það hugar-far, sem Christo þócknast vel, þar hann segir: „ad vér skulum „vardveita Guds ord í gódri og sidsómu „hiarta, og færa ávoxt í þolinmædi.“ O! þetta góda barn hafdi þá þegar borid þessa ávexti og látid uppala sig vel, Þarfyrir kom það ogsvo til ósaurgads líkama, edur til dygdugs og ósleckads lífs, og þess Foreldrar hofdu þá og haft mikla gledi af því. Hvílík æra! hvílíkt hrós eimnin eptir daudann! hvílíkt form til eptirbreitingar fyrir oll born! hvílík gledi fyrir foreldrana ad hafa átt þvílíkt barn! Og þar hiá — hvílík huggun fyrir þá vid þess dauda, ad hafa skilad þvílíku barni, þegar það dó, í Guds hendur!

O mín kiærustu born! þid sem enn þá lifid, þenkid yduglega til þessa góda barns, svo munud þid ogsvo fá hreina sálu, láta uppala yckur vel og koma til ósleckads líkama. Yckar gódu foreldrar vilia uppala yckur vel, eins og þid sialf vitid. Hvort er nú betra, ad láta eptir sig hrós og gott mannord og vera elskadur, eimnin eptir daudann, fyrir sina dygd og ráðvendni, eins og þetta góda barn,

edur

edur ad alla ſtuggi vid manni eins og þeim vondu brædrum?

Bornin hofdu viknad ſvo mieg, ad þau ecki gátu ſvo brádlega ſkilid ſig vid þeſſa groſ: Þín ſkulum vid viſſulega vitia á hvorium ſunnu: degi, ſagdi Jón og Chriſtín; og Chriſtín bætti vid: eg ſkal uppteikna þína graf:ſkrift í vaſa:bókina mína. Vertú ſæl! Gud gledie þína hreinu ſálu! þú velartada barn! Þau gengu ſidan heim, en á veginum ſogdu þau: ad groſin hennar Chriſtínar ſtædi þeim enn þá fyrir augum.

O! ad endurminning þeſſa góda barns ſagdi Fadirinn, væri ætíd ſtadfoſt í yckar huga! Þenkid til grafarinnar hennar Chriſtínar, þegar einhvor vond tilhneiging vill locka og tæla yckur, og þid munud þá ecki fullkomna hana. Þenkid til grafarinnar hennar Chriſtínar, þegar þid eins og born giorid yckur ad gamni, þegar þid leikid yckur, hlaupid, og danſid og rádid yckur varla fyrir kiæti. Hvad ſegir Gellert hinn gódi, ſem enn þá lifir vegna ſinnar dygdar, þó hann ſé daudur?

Minnſt' á groſ þína midr í gledi,
megir þú daudans ímind ſiá,
medur óqvidnu og glødu gédi,
gód og ſaklaus er kiætin þá,

og vissan hana ef eykur, þér eilífd ad fyrir-búin er. (*)

Edur:

Hvad sem þú gjørir, hugsa ber
hvørt þvílík ydia hæfdi þér,
ef í því verki ættir þú,
andast þá strax og dæmast nú.

Þenkid til grafarinnar hennar Christínar, þegar yckar kiæru Foreldrar advara yckur og áminna yckur til góds! Fylgid hennar eptirdæmi, og audsýnid, ad þid séud vel-ortud börn, svo yckar sálir kunni ætíd ad verda hreinni, ætíd betur sinnadar!

O! Christín lifir enn nú; einnin yckur til góds lifir hún enn, þad góda barn! Hún er, eins og yckar ósýnileg vin-stúlka, enn þá jafnan hiá yckur med sinu góda eptirdæmi. Þad fylgir yckur eptir, þegar þid farid á fætur, þegar þid erud ad læra, þegar þid leikid yckur, þegar þid gjørid yckur ad gamni, þegar þid farid ad hátta, já, einnin þegar þid erud siúk og syrgiandi. Þad fylgir yckur alla

(*) Lagid er: Ris upp mín sál og bregd nú blundi.

alla yckar æfi, þar til þid deyid. Og svo opt sem þid vitied hèreptir grafar þessa góda barns, svo gángid heim aptur med þeim gudrækilega áseting: gi:

Svo skulum lífid vanda vel,
sem vildum óskad hafa, þá
oss hédan dregur dapurt hel,
dóm-stól Guds fyrir himnum á. (*)

Og nú, mín kiærustu born! enn þá eitt ord ad lyktum: Eg hefi eckert kiærara í heiminum heldur enn yckur, mín born! Þad vitid þid; þid erud minn ríkdómur, minn heidur, mín gledi. Gud veit, hvorsu hiartanlega eg elska yckur og óska yckur lífsins; hvorsu stór gledi mér væri þad, ad géta uppalid yckur til ósleckads lífs og giort yckur ad gódum manneskium!

En ef Gudi þócknast kynni ad taka eitthvort af yckur burtu frá mér á yckar úngdóms aldri, svo gefi þad Gud, ad eg mætti

hafa

(*) Lagid er: Kom Skapari heilagi Andi.

hafa þá huggun, við dauda míns barns, að eg gæti með góðri samvitsku sett yfir það graf-skriftina hennar Christínar:

Það var vel-artað barn, og hafði fengið hreina sálu.

Prent-villur.

Bls.	36.	línu	30.	alla-hærsti,	les: allra-hærsti.
»	44.	»	29.	sínn,	» sínu.
»	66.	»	27.	Vrtu,	» Vertú.

Lbs - Hbs / Benediktssafn
100762840-3